GERÐUR JENSDÓTTIR

*Hafði lengi langað að ferðast til Nepal*

• á ferðinni • nám • jólin koma

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




MARKAÐURINN

*Ákæra Seðlabanka á hendur ríkisstjórn*

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




ÓLAFUR HELGI ÞORKELSSON

*Tvö þúsund pókerspilarar í Reykjavík*

Póker upp á yfirborðið um helgina

FÓLK 22




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. nóvember 2008 — 317. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

**Endurhljóðblönduð Hafdís Huld**

Ný útgáfa af Tomoko kemur út á mánudaginn.



FÓLK 18

**Hraust og létt á fæti**



Herdís Albertsdóttir fagnar 100 ára afmæli í dag og finnst árin hafa liðið furðu fljótt.

TÍMAMÓT 14

**Undir þann græna hlíða**

„Komu nú upp á yfirborðið sögur um þrautreyndar blaðakonur sem höfðu margsinnis komist í hann krappan á löngum ferli", skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 12

**Ísland í dauðariðlinum**

Sigurður Ragnar Eyjólfsson segir það mikla áskorun fyrir stelpurnar okkar að mæta Þjóðverjum, Frökkum og Norðmönnum á EM.



ÍÞRÓTTIR 17

## VEÐRIÐ Í DAG




**KÓLANDI VEÐUR** Í fyrstu verður stíf vestan átt, 8-15 m/s, hvassast syðst. Norðlægari síðdegis. Bjart austan til og sumstaðar vestanlands, annars úrkomulítið. Vaxandi él norðan til síðdegis eða í kvöld.

VEÐUR 4

# Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki sameinist

**Stjórnarflokkarnir ræða nú sameiningu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Samfylkingin vill nýja skipan mála áður en krónan fer á flot en forsætisráðherra segir óvíst að það náist. Sérfræðingar bankans annist gjaldeyrisviðskipti.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnarflokkarnir ræða nú að sameina Fjármálaeftirlitið við Seðlabankann með lögum frá Alþingi. Geir Haarde forsætisráðherra segir ekki liggja fyrir hvort það þýði að skipt verði um bankastjórn.

Eftirlitsskylda með viðskiptabönkunum var tekin af Seðlabankanum árið 1998. Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði í ræðu í gær að aðskilnaður Seðlabanka og fjármálaeftirlits hafi hugsanlega verið mistök.

„Mér finnst, eins og kom fram í ræðu seðlabankastjóra, að fyrirkomulagið hafi ekki gefist nógu vel og því er sjálfsagt að breyta því. Í þessu felst ekki ásökun á störf Fjármálaeftirlitsins," segir Geir í samtali við Fréttablaðið.

Í sama streng tekur Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar.

„Mér finnst það koma vel til álita ef niðurstaðan af þeirri sameiningu verður sú að við fáum betra kerfi," segir Lúðvík sem kveður viðspyrnu í íslensku efnahagslífi ekki nást nema traust sé á Seðlabankanum. „Til þess að svo verði þá verða stjórnvöld og Seðlabankinn að ganga í takt."

Lúðvík tekur fram að þessi mál verði að vera frágengin áður en íslensku krónunni verður ýtt á flot á ný í kjölfar lánveitinga frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og erlendum ríkjum.

Forsætisráðherra segist hins vegar telja óraunhæft að af breytingunni verði áður en krónan verði sett á flot eins og Samfylkingarfólk telur nauðsynlegt. „Stýringin á gjaldeyrismarkaðnum verður í höndum sérfræðinga bankans. Það er fagfólkið sem sér um þau mál og utanaðkomandi sérfræðingar," segir Geir Haarde.

Heimildarmaður innan Samfylkingarinnar segir að með sameiningunni sé verið að „taka Davíð á orðinu". Legið hefur fyrir að flokkurinn styður Davíð ekki sem seðlabankastjóra.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir vanda Davíðs vera þátttöku hans í stjórnmálum undanfarin sautján ár. Ekki sé verið að saka hann um neinar misgjörðir. „Vandamálið er trúverðugleiki."

- gar, bþs



**MÉR FINNST RIGNINGIN GÓÐ** Þessir kátu krakkar í Ísaksskóla létu sig ekki muna um að vaða drullu upp í hné til að stilla sér upp fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins í gær, enda vel klædd og við öllu búin í votviðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verðbréfaskráning gefur ekki upp tap almennings á hlutabréfakaupum:

# Þingnefnd neitað um svör

**EFNAHAGSMÁL** Verðbréfaskráning hefur neitað Pétri Blöndal, formanni efnahags- og skattanefndar, um upplýsingar um hve margir hefðu tapað fé á hlutabréfakaupum, með vísan í skort á lagaheimildum. Þá hefur hann beðið eftir svörum frá skilanefndum gömlu bankanna og stjórnum þeirra nýju í um tvær vikur.

Pétur spurði bankana að því hve mörg fyrirtæki væru að öllu eða mestu leyti komin í ríkiseigu á síðustu vikum og hverjir væru stærstu kröfuhafarnir í gömlu bankana. Við því hefur hann ekki fengið svör. Þá spurði hann Verðbréfaskráningu að því hvað almenningur hefði tapað miklu á hlutabréfakaupum og hve margir hefðu tapað ákveðnum upphæðum, innan við milljón, einni til þremur milljónum og svo framvegis.

Pétur segir þetta mikilvægar upplýsingar. „Það er nú þó nokkuð liðið síðan ég bað um þessar upplýsingar og ég fer að ítreka þær beiðnir sem eru ósvaraðar. Tap almennings skiptir miklu máli og ekki síður hvaða fyrirtæki íslenska þjóðin hefur eignast."

- kóp

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

## Erindi Íslands tekið fyrir í dag

**EFNAHAGSMÁL** Erindi Íslands um fjárhagslega fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum verður tekið fyrir á fundi stjórnar sjóðsins í höfuðstöðvum hans í Washington í dag.



JENS HENRIKSSON

**Eftir því sem næst verður komist hefst fundurinn klukkan þrjú að staðartíma, sem er átta í kvöld að íslenskum tíma.**

**Svíinn Jens Henriksson, fulltrúi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í stjórninni, mun flytja yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda og Seðlabankans og tala máli Íslands. Engir Íslendingar sitja fundinn.**

- bþs

Auður Jónsdóttir rithöfundur:

## Gerir milljóna samning við Random House

**BÓKMENNTIR** Random House, hið virta bókaforlag, hefur gert samning við rithöfundinn Auði Jónsdóttur um útgáfu nýútkominnar bókar hennar Vetrarsólar í Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Að sögn Atla Bollasonar hjá Forlaginu var slegist um bókina á bókakaupstefnunni í Frankfurt í síðasta mánuði sem hafði í för með sér að þetta er einn besti útgáfusamningur sem Forlagið hefur gert. Upplagið verður stórt en bókin verður bæði gefin út innbundin og í kilju. Samningurinn er trúnaðarmál en hleypur á milljónum að sögn Atla. „Þetta er rosalega gaman fyrir blankan rithöfund sem er gengisflóttamaður á Íslandi," segir Auður sjálf og hlær.



AUÐUR JÓNSDÓTTIR

- jbg / sjá síðu 22










## SPURNING DAGSINS



*Sveinn, er ekki full mikið lagt undir með þessu?*

„Nei, við erum með fjóra ása.“

Sveinn Andri Sveinsson lögmaður er talsmaður Pókersambands Íslands sem stendur fyrir pókermóti síðar í mánuðinum. Lögreglan hefur haft afskipti af öðrum mótum hérlendis.

Jón Steinsson hagfræðingur segir synd að Seðlabankinn hafi ekki beitt sér:

# Gat komið Icesave í dótturfélög

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn gat beitt sér fyrir færslu Icesave-reikninga Landsbankans í erlend dótturfélög og þannig komið í veg fyrir Icesave-deiluna og þá kostnaðarsömu niðurstöðu sem fékkst með samningaviðræðum Íslendinga og Evrópusambandsins á sunnudag. Þetta er mat Jóns Steinssonar, hagfræðings og lektors við Columbia háskóla.

„Seðlabankinn hefði getað notað heimildir um bindiskyldu til að koma Icesave í erlend dótturfélög og þannig komið í veg fyrir öll þessi vandræði okkar,“ segir Jón. Synd sé að bankinn hafi ekki beitt sér fyrir því.

Jón gagnrýndi Seðlabankann fyrir röð mistaka eftir hrun bankakerfisins í Fréttablaðinu á mánudag.

Um leið varði hann vaxtastefnu bankans – líkt og hann gerði tíðum meðan gagnrýnisraddir þeirrar sömu vaxtastefnu voru háværar.

Um samkomulagið sem náðist í Brussel um helgina segir Jón að í því felist góð niðurstaða fyrir Íslendinga. „Þetta er í rauninni hin augljósa lausn. Hugmyndir Breta um að við borguðum meira og hugmyndir Íslendinga um að við borguðum minna voru ósanngjarnar.“

- bþs



**JÓN STEINSSON** hagfræðingur telur að Seðlabankinn hefði getað beitt sér fyrir færslu Icesave-reikninganna í erlend dótturfélög.

Mannslátið í Grímsnesi:

## Einn fjórmenninga í farbann

**LÖGREGLUMÁL** Einn fjórmenninganna sem setið hefur í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á láti manns í sumarbústað í Grímsnesi nýverið hefur verið látinn laus, en úrskurðaður í farbann til 18. febrúar 2009. Þetta staðfestir Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Selfossi. Jafnframt að niðurstöður blóðferlarannsóknar liggi fyrir. Gefi þær ákveðnar vísbendingar en lögreglustjóri vill ekki tjá sig um hverjar þær eru.

Hann segir nú beðið eftir niðurstöðum krufningar og frekari niðurstöðum frá tæknideild lögreglunnar.

- jss

Kjartan Gunnarsson:

## Hefði betur hlustað á Davíð

**STJÓRNMÁL** „Ég segi fyrir mig og hugsa að ég tali þar fyrir munn margra annarra að ég vildi gjarnan að ég hefði hlustað betur,“ segir Kjartan Gunnarsson, fyrrum formaður bankastjórnar Landsbankans og fyrrum framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, um ræðu Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra á þingi Viðskiptaráðs Íslands í gærmorgun.



**KJARTAN GUNNARSSON**

„Mér fannst ræðan afskaplega skýr og skilmerkileg. Hún leiddi fram fjölmörg atriði sem hingað til hefur ekki verið fjallað mikið um í aðdraganda þeirra miklu erfiðleika sem bankarnir mættu og undirstrikaði með mjög öflugum hætti þau viðvörunarorð sem Davíð Oddsson hafði svo oft uppi um ýmsar hættur sem að hagkerfinu steðjuðu,“ segir Kjartan.

- ikh, óká / sjá Markaðinn

Grunur um milljóna fjárdrátt:

## Fyrrum sveitarstjóri ákærður

**DÓMSMÁL** **Brynjólfur Árnason, fyrrverandi sveitarstjóri Grímseyjarhrepps, hefur verið ákærður fyrir stórfelldan fjárdrátt í opinberu starfi. Málið verður þingfest fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra í dag. Fjárdrátturinn nemur á bilinu 15 til 20 milljónum króna, að því er Vísir.is greinir frá.**

**Sveitarstjórinn fyrrverandi var dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í nóvember í fyrra fyrir að hafa stolið nærri 13 þúsund lítrum af olíu til húshitunar. Fljótlega eftir það var farið að skoða bókhald Grímseyjarhrepps og þá vaknaði grunur um stórfelld fjársvik Brynjólfs.**

- jss

# Frekari ójöfnuður skapar stórhættu

**Veiking á krónunni gerir samanburð á launum Íslendinga mjög óhagstæðan við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Prófessor segir mjög mikilvægt að gæta að jöfnuði í þeirri stöðu sem komin er upp á Íslandi.**

**EFNAHAGSMÁL** Helgi Gunnlaugsson, prófessor við félagsfræðiskor Háskóla Íslands, segir að í þeim mikla vanda sem nú steðjar að Íslendingum sé gríðarlega mikilvægt að höggið lendi jafnt á fólki. Það er að einn hópur beri ekki þyngri byrðar en annar. Verkalýðshreyfingar og aðrir hagsmunaaðilar auk stjórnvalda verði fyrst og fremst að vinna að jöfnuði. Nú virðist stefna í mikla félagslega misskiptingu sem sé „ávísun á mikinn félagslegan óstöðugleika og meiri eymd“.

Jöfnuður sé sérstaklega mikilvægur í ljósi þess hve fámennt Ísland er auk þess sem hér sé hefð fyrir jöfnuði, ólíkt því sem gerist til dæmis í Bretlandi og Bandaríkjunum. „Frekari ójöfnuður hér á landi skapar stórhættu,“ segir hann og vísar til þess ójöfnuðar sem hætta er að skapist vegna atvinnuleysis og samdráttar.

Þá segist Helgi óttast að ungt fólk, sem nýlega hefur fest kaup á húsnæði og er jafnvel með ung börn, verði látið eitt bera hitann og þungann af kreppunni. Þeir sem eldri eru og keyptu húsnæði á mun hagstæðari tímum og eiga ekki mörg ár eftir á íslenskum vinnumarkaði verði að taka tillit til þess að ekki sé hægt að tala um „gæfusmiði“ í samhengi við þjóðfélagsþróunina sem orðið hafi. Hver og einn vinni bara eftir þeirri samfélagsgerð sem búið sé að móta. „Það er ávísun á mikla ólgu að bjóða upp á slíkan málflutning,“ segir hann og vísar til orða Halldórs J. Kristjánssonar, fyrrum bankastjóra Landsbankans, í október.



**ÍSLENDINGAR** Hefð er fyrir jöfnuði á Íslandi. Prófessor í félagsfræði segir stórhættu geta skapast aukist enn á ójöfnuð í kjölfar atvinnuleysis og þrenginga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**INGUNN S. ÞORSTEINSDÓTTIR**



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**



**HELGI GUNNLAUGSSON**

Ingunn S. Þorsteinsdóttir hagfræðingur segir að í ljósi veikingar á gengi krónunnar, sé samanburðurinn á launum Íslendinga við það sem gerist annars staðar, til dæmis á Norðurlöndum, Íslendingum mjög óhagstæður.

Helgi segir að samanburðurinn við laun í öðrum löndum reynist Íslendingum erfiður og mikilvægt að samanburðurinn við kjör annarra hér á Íslandi reynist fólki ekki jafn þungbær.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, tekur undir orð Helga. Hann segir aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem kynntar voru fyrir helgi fyrsta skrefið. Brýnast sé að vinna að því að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi svo sem með vaxtalækkunum. „Háir vextir eru að drepa fyrirtækin og valda skelfilegu atvinnuleysi.“

karen@frettabladid.is



**Á LEIÐINNI ÚT** Guðni Ágústsson vildi ekki ræða við fjölmiðla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrrverandi þingmaður:

## Guðni og frú í frí til Kanarí

**STJÓRNMÁL** **Guðni Ágústsson, sem sagði af sér þingmennsku og formennsku Framsóknarflokksins í fyrradag, hélt í frí til Kanaríeyja í gær ásamt Margréti Hauksdóttur, eiginkonu sinni. Guðni vildi ekki ræða við fjölmiðla þegar þeir biðu hans fyrir utan heimili Guðna í gær.**

**Fréttablaðið greindi frá því í gær að Guðni hefði verið harðlega gagnrýndur á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins um síðustu helgi. Er Guðni sagður hafa reiðst þeirri gagnrýni mjög. Er það skoðun margra fundarmanna að gagnrýnin hafi ráðið úrslitum um að Guðni hafi sagt af sér formanns- og þingmennsku.**

- kg

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Uppsagnir ífirvofandi

Fólki verður að öllum líkindum sagt upp á Landspítalanum, segir Hulda Gunnlaugsdóttir, nýr forstjóri Landspítalans, í samtali við Vísi.is. Hún leggur áherslu á að þjónusta við sjúklinga verði ekki skert.


UNDRAHEIMAR MANNSLÍKAMANS



Búið ykkur undir að bregða á leik í mannslíkamanum í fylgd með galsafengnum gröllurum.

Frábærlega flott myndskreytt bók um undraheima kroppsins.

Þýðandi er Anna María Hilmarsdóttir

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9


Samfylkingarfélag vill slíta stjórnarsamstarfi náist ekki samstaða um nokkur mál:

# Vilja aðildarviðræður fyrir lok febrúar

**STJÓRNMÁL** Stjórnvöld eiga að taka ákvörðun um aðildarviðræður við Evrópusambandið í síðasta lagi í febrúar, víkja stjórnendum Seðlabanka og Fjármálaeftirlits frá strax og fella lög um eftirlaun æðstu ráðamanna úr gildi, segir í ályktun Samfylkingarfélags Borgarbyggðar.

Í ályktuninni segir enn fremur að nái ríkisstjórnarflokkarnir ekki saman um þessi, og önnur mál, eigi Samfylkingin að slíta stjórnarsamstarfinu og stuðla að því að boðað verði til þingkosninga.

„Það sem hefur legið ljóst fyrir, og hefur oft komið fram hjá mér, er að það er auðvitað ákveðin óþreyja í okkar flokki, bæði hvað varðar bankastjórn Seðlabankans og Evrópusambandið,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, spurð um ályktunina.

Hún segir að greinilegt sé að samfylkingarfélagið vilji gefa Sjálfstæðisflokknum ráðrúm til að fjalla um Evrópumálin á landsfundi í lok janúar, áður en ríkisstjórnin taki ákvörðun um aðildarviðræður að Evrópusambandinu.

Í ályktuninni er einnig lögð áhersla á að bankakerfið verði mannað fólki sem ekki beri ábyrgð á fyrri afglöpum. Einnig að gengið verði lengra en boðað hefur verið við björgun heimila í landinu, til að koma í veg fyrir að fasteignaeigendur verði skuldaþrælar um ókomna framtíð.

- bj



**FORMAÐURINN** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir vissulega óþreyju innan Samfylkingarinnar í garð samstarfsflokksins í ríkisstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# VEGNA HAGSTÆÐRA SAMNINGA VIÐ ALLA OKKAR BIRGJA:

BOSS HUGO BOSS · strellson · HUGO HUGO BOSS · gardeur · RALPH LAUREN

SAND · eterna · Van Gils · bugatti · LLOYD

CANALI · FINUCCI collezione · MABRUN · PAL ZILERI · TINO COSMA

# GERUM VIÐ EFTIRFARANDI SAMNING VIÐ ÍSLENSKA ÞJÓÐ:

# 20%

# AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM ÚT ÁRIÐ 2008

ENGAR HÆKKANIR Á VÖRUM ÚT ÁRIÐ 2008
ENGAR VÖRUR TEKNAR ÚT - EKKERT PLAT

VIÐ SEGJUM VERÐBÓLGUNNI ÞAR MEÐ STRÍÐ Á HENDUR OG HVETJUM AÐRA KAUPMENN TIL AÐ GERA SLÍKT HIÐ SAMA OG LEGGJAST Á ÁRAR MEÐ OKKUR.

VINNUM OKKUR SAMAN Í GEGNUM ERFIÐLEIKANA.

herra GARÐURINN -klæðir þig vel

Sighvatur Haraldsson
Verslunarstjóri Kringlunni

herra GARÐURINN -klæðir þig vel

Dagur Ingason
Verslunarstjóri Smáralind

FÖT & SKÓR

Hákon Hákonarson
Framkvæmdastjóri

STYÐJUM ÍSLENSK FYRIRTÆKI
VERSLUM HEIMA

## GENGIÐ 18.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 137,73 | 138,39 |
| Sterlingspund | 206,41 | 207,41 |
| Evra | 173,51 | 174,49 |
| Dönsk króna | 23,292 | 23,428 |
| Norsk króna | 19,563 | 19,679 |
| Sænsk króna | 17,052 | 17,152 |
| Japanskt jen | 1,4296 | 1,438 |
| SDR | 203,05 | 204,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

233,6497

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarformaður FME segir stjórnendur bankanna bera ábyrgð á bankahruninu:

# Gagnrýni Davíðs ósanngjörn

**EFNAHAGSMÁL** „Mér finnst gagnrýni Davíðs á Fjármálaeftirlitið hvorki sanngjörn né skynsamleg. Eftirlitið og Seðlabanki starfa náið saman og hafa samning um upplýsingaskipti og samvinnu. Einnig má nefna að einn af þremur bankastjórum Seðlabankans er stjórnarmaður í Fjármálaeftirlitinu. Þannig að ég botna nú ekkert í þessu,“ segir Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, spurður um gagnrýni Davíðs Oddssonar á eftirlitið í ræðu í gær.

Jón segir það lýsa óvenjulegri hógværð af hálfu Davíðs að gangast ekki við því að hafa heimild til að hlutast til um málefni bankanna.



**FME** Jón Sigurðsson segir hlutverk eftirlitsstofnana að veita aðhald og vara við hættum, en alls ekki að reka og stjórna bönkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Seðlabankinn ákveður meðal annars bindiskyldu innlánastofnana, setur reglur um lausafjárstöðu og gjaldeyrisjöfnuð og lítur eftir framkvæmd þeirra. Þetta eru þættir sem hafa komið mjög við sögu í þeirri fjármálakreppu sem herjar nú á land og þjóð,“

Að sögn Jóns orsökuðust vandræðin meðal annars vegna þess að fjármálakerfið var orðið stærra en hagkerfið, og umfram allt myntkerfið, réði við. „Auðvitað liggur ábyrgðin á þeim mikla vexti sem hér varð í fjármálastarfsemi, án þess að menn gættu að þeirri undirstöðu sem nauðsynleg er, hjá þeim sem stjórnuðu þessum bönkum og áttu þá. Hlutverk eftirlitsstofnana er að veita aðhald og vara við hættum, en alls ekki að reka og stjórna bönkunum.“ - kg

Jón Ásgeir Jóhannesson:

# Hissa á ummælum Davíðs

**EFNAHAGSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson lýsir yfir furðu sinni á ummælum Davíðs Oddssonar í ræðu hjá Viðskiptaráði í gær. Í ræðunni talaði Davíð meðal annars um að bankarnir hefðu lánað einum manni þúsund milljarða og vísaði þar til Jóns Ásgeirs.

Í tilkynningu frá Jóni Ásgeiri segir að ekki gangi upp að eigna honum allar skuldir félaga sem tengjast honum. Um helmingur skuldanna sé ekki við innlenda banka, og ekki megi gleyma eignum á móti skuldum. Seðlabankastjóri verði að líta sér nær ef hann vilji finna ástæður fyrir hruni íslensks efnahagslífs. - kg

Formaður Framsóknarflokks:

# Ekki hlustað á viðvaranir

**STJÓRNMÁL** „Þetta var mikil varnarræða,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, formaður Framsóknarflokks, um ræðu Davíðs Oddssonar í gær.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**

Sérstaklega athyglisverðar séu upplýsingar um febrúarfund seðlabankamanna í London og viðvaranir til ríkisstjórnarinnar. Hún bendir á að hugsanlega hafi ekki verið hlustað nægjanlega á Davíð vegna hans forsögu og pólitíska ferils. Í ljósi þessa segir Valgerður fullljóst að „ekki verður reynt frekar að ráða pólitíkusa í seðlabankastjórn“. - ss

Formaður Frjálslynda:

# Ríkisstjórnin á að segja af sér

**STJÓRNMÁL** „Ef þetta er satt ætti ríkisstjórnin að segja af sér. Þá hefur hún logið bæði að þingi og þjóð,“ segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslyndra, um þau orð Davíðs Oddssonar að hann hafi varað ríkisstjórnina við stöðunni í efnahagsmálum í febrúar.



**GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON**

Guðjón segir merkilegt að skýrslan hafi verið haldið leyndri fyrir stjórnarandstöðunni. „ Það er líka merkilegt að þeir í Seðlabankanum líti bara á sig sem Seðlabanka ríkisstjórnarinnar en ekki þjóðarinnar. Þetta er skrítin stjórnsýsla,“ segir Guðjón. - kg

# Orðið við öllum tillögum Seðlabanka

**Geir H. Haarde segist ekki muna eftir neinum ráðleggingum Seðlabankans sem ekki var orðið við. Seðlabanki viðraði ekki áhyggjur sínar við ráðherra bankamála. Össur Skarphéðinsson telur að Seðlabankinn hafi staðið sig afar illa.**

**STJÓRNMÁL** „Ég hef beðið eftir því að [Davíð] kæmi og skýrði sína afstöðu, vegna þess að mér finnst að Seðlabankinn hafi staðið sig afar illa. Ég tel að það sé ábyrgðarhluti af þessari ríkisstjórn, og forystu hennar, að ætla sér að sigla í gegnum framhaldið á þessari kreppu með núverandi bankastjórn, og núverandi banka alveg óbreyttan,“ segir Össur Skarphéðinsson. Hann telur Seðlabankann hafa brugðist.

„Bankastjórnin átti allmarga fundi með ráðherrum og embættismönnum til að lýsa þungum áhyggjum sínum,“ sagði Davíð Oddsson, formaður seðlabankastjórnar, á fundi Viðskiptaráðs í gær. Í febrúar hafi verið haldinn fundur með „forystumönnum ríkisstjórnarflokkanna, fleiri ráðherrum og embættismönnum,“ um erfiða stöðu bankanna, eins og henni var lýst á fundi í London með erlendum bankamönnum og matsfyrirtækjum.

„Það er alveg rétt, þeir lýstu áhyggjum sínum á þessum fundum, en ég man ekki að þeir hafi lagt eitthvað ákveðið til sem við urðum ekki við,“ sagði Geir H. Haarde eftir ríkisstjórnarfund í gær. Hann segist telja að formaður bankastjórnar seðlabankans njóti enn trausts til að sitja áfram.

„Á þessu ári átti ég engan fund með seðlabankastjórum fyrr en Davíð kom sem gestur á fund ríkisstjórnarinnar í lok september,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. „Hann kom þessum áhyggjum ekki á framfæri við mig.“




**DAVÍÐ ODDSSON** Formaður bankastjórnar Seðlabanka sagði í gær að seðlabankamönnum hefði verið mjög brugðið þegar þeir komu af fundi í London í febrúar á þessu ári vegna erlendra viðhorfa til íslensku bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Davíð gagnrýndi einnig í ræðu sinni að það væri ekki verið að rannsaka bankahrunið. Björgvin segir að þetta sé ekki rétt, eins og margoft hafi komið fram. „Forseti Alþingis muni kynna þingsályktun fyrir helgi ... þar sem ábyrgð stjórnvalda og stofnana í bankahruninu verður dregin fram. Þegar sú úttekt liggur fyrir munu menn að sjálfsögðu skoða sína ábyrgð,“ segir Björgvin.

Þá sagði Davíð í ræðu sinni að bankaleynd eigi ekki lengur við hvað bankahruninu varðar. Björgvin segist ekki átta sig á um hvað Davíð er að tala. „Landslög gilda og það er ekki seðlabankastjóra að breyta þeim.“

brjann@frettabladid, svanborg@frettabladid.is

Formaður Vinstri grænna:

# Ábyrgðin liggur hjá Björgvini G.

**STJÓRNMÁL** „Þetta var athyglisverð ræða,“ segir Steingrímur J. Sigfússon um ræðu Davíðs Oddssonar í gærmorgun.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

„Það hefur verið einblínt um of á Seðlabankann, þegar hin raunverulega ábyrgð liggur hjá Fjármálaeftirlitinu og viðskiptaráðherra,“ segir Steingrímur um gagnrýni Davíðs á aðskilnað Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins. „Þetta var málefnalegt hjá Davíð og rétt að greina það.“

Þá segir Steingrímur að skýrsla Davíðs frá því í febrúar sé áhugaverð og sýni sameiginlega ábyrgð ríkisstjórnar, Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins. - ss

Gunnar Helgi Kristinsson:

# Lýsir vanda pólitískra ráðninga

**STJÓRNMÁL** „Davíð var að reyna að segja að Seðlabanki væri með allt sitt á hreinu, en sama gilti ekki um ríkisstjórnina,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði.



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON**

„Hvað sem er satt í þessu er ákveðinn vandi, sem er trúverðugleikavandi formanns bankaráðs Seðlabankans,“ segir Gunnar Helgi. „Vandi pólitískra ráðninga kemur sérlega vel fram í þessu og þá hlýtur Davíð að spyrja sig hvort hann hafi verið rétti maðurinn til að segja frá [áhyggjum af bönkunum].“ - ss






Stjórnun og forysta í skólaumhverfi

AÐ HRINDA SKÓLASTEFNU Í FRAMKVÆMD

15 eininga ECTS nám í innleiðingu stefnu skóla með stefnumiðuðu árangursmati samkvæmt sameiginlegri framtíðarsýn grunnskóla til 2020. Hefst 22. janúar 2009.

capacent

OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Sími: 599 6200 www.opnihaskolinn.is

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**KÓLNANDI VEÐUR**

Nú er hann að snúa sér í norðan átt. Í dag byrjar vindurinn vestlægur og snýr sér smám saman til norðurs, fyrst norðan til. Þessu fylgir kólnandi veður. Það tekur daginn í dag að kólna á landinu en á morgun og föstudag verður víðast frost. Ef fer sem horfir hlánar á laugardaginn með talsvert miklu vatnsveðri, fyrst vestan til.



**Á MORGUN**
5-10 m/s

**FÖSTUDAGUR**
Norðan 5-10 m/s austan til, annars hægviðri.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Amsterdam | 12° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 10° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 12° |
| New York | 2° |
| Orlando | 16° |
| Osló | 2° |
| París | 11° |
| Róm | 16° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Ostahúsið kynnir 3 nýja og spennandi íslenska rjómaosta

**Rjómaostarnir eru einstaklega bragðgóðir, mjúkir og léttir og innihalda fáar hitaeiningar.**

Frábærir í pottréttinn, súpuna, sósuna og í ostakökuna. Góðir á beigluna, kexið og brauðið.




Osta HÚSIÐ

www.ostahusid.is

**KJÖRKASSINN**



*Ertu sátt/ur við samkomulag vegna Icesave-deilunnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 31,5% |
| Nei | 68,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er eftirsjá af Guðna Ágústssyni úr stjórnmálum?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

vísir

Hæstiréttur hafnaði beiðni lögreglustjórans á Selfossi um gögn frá Símanum:

# Fá ekki upplýsingar um farsíma

**DÓMSMÁL** Ökuníðingur hefur að líkindum sloppið með skrekkinn þegar Hæstiréttur hafnaði nýverið kröfu lögreglustjórans á Selfossi þess efnis að Símanum hf. yrði gert skylt að afhenda upplýsingar um öll þau GSM-símatæki sem í notkun höfðu verið á tilteknum hluta Eyrarbakkavegar á tilteknu tímabili.

Tildrög þessa sérstaka máls eru þau að fyrr í mánuðinum mættu lögreglumenn á eftirlitsferð á Eyrarbakkavegi tveimur bílum á ofsahraða. Mældist hraði hins fyrra 212 kílómetrar, en hins síðara 192 kílómetrar á klukkustund.

Lögreglan veitti bílunum þegar eftirför og tókst að stöðva síðari bifreiðina. Hinn ökumaðurinn slapp á ofsahraða. Lögreglumennirnir báru að ökumaðurinn sem slapp hefði verið í símanum, þegar þeir mættu honum.



**GSM-SÍMAR** Hæstiréttur hafnaði kröfu um að Síminn skyldi gefa upp alla gsm-síma á tilteknu svæði á tilteknum tíma.

Lögreglustjóri sagði ljóst að um sérlega alvarlegt brot hefði verið að ræða hjá ökumanninum sem að lögum gæti varðað allt að tveggja ára fangelsi. Héraðsdómur Suðurlands úrskurðaði að Síminn skyldi láta ofangreindar upplýsingar af hendi.

Þessu sneri Hæstiréttur við á grundvelli ákvæða í stjórnarskrá um friðhelgi einkalífs heimilis og fjölskyldu, þar sem krafan beindist ekki að einu tilteknu símatæki, heldur öllum GSM-símum á svæðinu. - jss

Braut gróflega gegn unnustu:

# Dómi vísað heim í hérað

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur ómerkti á föstudag dóm Héraðsdóms Suðurlands, en héraðsdómur hafði dæmt mann í árs fangelsi fyrir frelsissviptingu, líkamsárás og nauðgun gegn þáverandi unnustu sinni.

Samkvæmt Hæstarétti voru ágallar á málinu þar sem hinn ákærði hafði ekki verið inntur eftir því fyrir dómi hver afstaða hans hefði verið til nánar tiltekinna þátta sakarefnisins. Óhjákvæmilegt þótti því að ómerkja dóminn og vísa málinu aftur heim í hérað til frekari skýrslutöku af hinum ákærða, munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju. - þeb

Ákærur gegn Jóni Ólafssyni:

# Dómari mun sitja áfram

**DÓMSMÁL Þrátt fyrir að greinargerð saksóknara og bréf og bókanir verjenda feli í sér skriflegan málflutning, sem ekki er heimild fyrir, er ekki ástæða til að dómari í máli Jóns Ólafssonar athafnamanns og annarra víki sæti, að mati Hæstaréttar. Úrskurðað var í málinu í gær.**

**Jóni og þremur öðrum er gefið að sök að hafa svikið um 360 milljónir króna undan skatti.**

**Verjendur ákærðu kærðu til Hæstaréttar þá niðurstöðu dómara héraðsdóms að víkja ekki sæti. Verjendur rökstuddu þá kröfu sína með því að sækjandi hafi fengið að skila skriflegum málflutningi.** - bj

**ALÞINGI**

### Spurt um leikið efni á RÚV

Kolbrún Halldórsdóttir spyr menntamálaráðherra hversu mikið efni í mínútum talið hafi verið framleitt af leiknu innlendu sjónvarpsefni hjá Ríkisútvarpinu síðan rekstrarformi þess var breytt. Hún spyr líka hvort farið hafi verið eftir samningi RÚV og menntamálaráðuneytisins um leikið efni.

### Geymslumál safna

Kolbrún spyr menntamálaráðherra enn fremur hvað líði úrbótum á geymsluhúsnæði Listasafns Íslands og hvernig þeim 70 milljónum króna sem ráðstafað var á fjárlögum ársins til verkefnisins hafi verið varið.

### Og tekjur af endurflutningi

Þá spyr Kolbrún fjármálaráðherra um niðurstöður starfshóps sem fjallaði um skattlagningu tekna af endurflutningi hugverka.

# Áformin ágæt en framkvæmdin óljós

**Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs auglýsir eftir áætlun um framkvæmd peninga- og gengisstefnunnar sem sett er fram í samkomulagi stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hann segir að aðgerðirnar verði ekki sársaukalausar.**

**EFNAHAGSMÁL** „Mér líst í sjálfu sér ágætlega á þá stefnu sem þarna er sett fram, aðallega vegna þess að hún varðar leið sem óhjákvæmilegt virðist að við förum. Nú er hægt að einhenda sér í verkið en það verður erfitt og ekki gert án sársauka," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, um samkomulag stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjárhagslegar fyrirgreiðslur þess síðarnefnda.

Finnur segir að nú vanti nánari útskýringu eða áætlun um hvernig ný peninga- og gengisstefna verði framkvæmd. „Framgang þessa stærsta hagsmunamáls viðskiptalífs og heimila þarf að útskýra nánar og sýna að fagleg vinnubrögð liggi þar til grundvallar."

Finnur kveðst hafa trú á að slík áætlun sé fyrir hendi en það eigi eftir að gera grein fyrir henni. Hann hafi vonast eftir nánari umfjöllun um þessi mál á fundi Viðskiptaráðs í gærmorgun en það hafi ekki gengið eftir. „Þarna hefði mátt nýta tækifærið mun betur, til dæmis með því að skýra hvernig til standi að ná sameiginlegum markmiðum allra um að auka traust á krónunni og koma gjaldeyrismálunum í rétt horf," segir Finnur. Hjálplegt hefði verið að fá frekari umfjöllun um hvernig samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn verði háttað, hvernig staðið verði að fleytingu krónunnar, hvernig greiðslumiðlunum verður komið í lag, hvernig millibanka- og skuldabréfamarkaðir verði byggðir upp á ný, hver aðgangur bankanna að gjaldeyri verði og svo framvegis.

Sársaukinn sem Finnur segir að fylgi samkomulaginu leiðir fyrst og fremst af áætlunum um að halda stýrivöxtum háum og horfum á að gengi krónunnar verði áfram veikt um einhvern tíma. Hvoru tveggja skaði fyrirtæki og heimili og nauðsynlegt að breyting verði á sem fyrst. Samt sem áður – og þrátt fyrir mikla skuldsetningu ríkissjóðs – sé samkomulagið forsenda þess að hægt verði að vinna að hagsmunum íslenskra efnahagslífs og samfélags til framtíðar.

bjorn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SÁRSAUKI** Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir að heimili og fyrirtæki líði fyrir áætlanir um að halda stýrivöxtum háum og horfum á að gengi krónunnar verði áfram veikt.

### AFGLÖP OG STÆRÐ BANKA Í HAGKERFINU

Í samkomulaginu segir að „hafi fyrrverandi yfirstjórnendur og helstu hluthafar í yfirteknu bönkunum gerst sekir um afglöp í rekstri eða misnotkun á bönkunum eiga þeir ekki að gegna sambærilegu hlutverki næstu þrjú árin". Um þetta segir Finnur að eðlilegt sé að þeir sem verða uppvísir að saknæmu athæfi stigi til hliðar. Á hinn bóginn sé óljóst hvað teljist til afglapa. „Það gæti orðið tilhneiging til að túlka þetta frekar rúmt en þröngt og af því hef ég áhyggjur."

Þá er fjallað um yfirtöku bankanna og þörfina á að koma „bankageiranum niður í þá stærð sem getur samræmst umfangi hagkerfisins". Finnur segir ljóst að bankakerfið hafi verið orðið of stórt fyrir hagkerfið en deila megi um hvernig á því stóð. Nauðsynlegt er að stjórnvöld skapi bönkum og öðrum fyrirtækjum skýran ramma og eftir því sem tilteknum geira vaxi fiskur um hrygg, geti stjórnvöld annaðhvort endurskilgreint umgjörð þeirrar starfsemi eða tryggt að viðkomandi geiri haldist innan upprunalegrar umgjarðar. Það sé hins vegar ekki eðlilegt að gera fyrirtæki á samkeppnismarkaði ábyrg fyrir stjórn efnahagsmála.









**Neytendur:** Barist við verðbólgudrauginn

# *Bakaríin á bremsunni*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Í byrjun kreppu tóku nokkur bakarí sig til og fóru í hlutverk verðbólgudraugabana. Á sölustöðum **Kornsins** voru öll brauð á 219 krónur í fjórar vikur. Hávarður Hilmarsson framkvæmdastjóri segir að fyrirtækið ætli að taka tilboðið upp aftur, fyrir eða eftir jól. „Við höldum svo að sjálfsögðu áfram með brauðadagana okkar eins og síðustu tíu árin. Í dag, eins og alla aðra miðvikudaga, kosta öll brauð hjá okkur 219 krónur," segir hann.

**Bakarameistarinn** kynnti til sögunnar Íslandsbrauð á 199 krónur. Það tilboð stendur enn. „Við viljum breyta til reglulega og búum því til ný tilboð og skiptum út. Nú er Svali og snúður eða skúffukökusneið á 200 kr. og súpa með brauði á 395 kr. Við bætum svo við tveimur tilboðum fyrir helgi. Smákökur og aðrar jólavörur verða á óbreyttu verði frá því í fyrra," segir Vigfús Kr. Hjartarson, framkvæmdastjóri Bakarameistarans. „Við reynum eins og við getum að sporna við verðbólgunni en það er erfitt. Fyrir 18 mánuðum kostaði hveitikílóið 22 kr., en nú kostar það 105 kr., þrátt fyrir lækkun á heimsmarkaðsverði. Það er alltaf sami vöndurinn að lemja okkur: íslenska krónugreyið."



Þess má svo geta að í **Bernhöftsbakarí** á Bergstaðastræti kosta öll rúnstykki 50 kall, alla daga, og hafa gert lengi. Þetta er óneitanlega gott verð því víða kosta rúnstykkin yfir 100 krónur. Þá hefur **Mosfellsbakarí** ekki hækkað verð síðan í byrjun árs og þar ætlar fólkið að reyna að halda út og vonast eftir betri tíð. Eins og við öll.

# Valhúsgögn mætir kreppunni

# 25% afsláttur af öllum húsgögnum til áramóta



skovby Excellent Dining Rooms

Mikið úrval af borðstofusettum



*Nabucco* Borðstofusett



Mikið úrval af vönduðum hornsófum

**Italsofa**

**Hornsófi sem hægt er að breyta í rúm með einu handtaki**



**Afar slitsterkt microfiberáklæði sem auðvelt er að þrífa**
**Litir: Rautt og ljóst**

Vandaður hornsófi sem hægt er að breyta í rúm



Mikið úrval af vönduðum sófasettum





Mikið úrval af vönduðum sófum og sófasettum frá **Italsofa** *The Italian touch*

**Vandaður slökunarstóll**
með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir



**Vandaður slökunarstóll**
Með lyftu sem lyftir þér uppúr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Með innbyggðum skemmli.



**Vandaður stóll**
Afar vandaður og sérlega þægilegur stakur stóll frá Italsofa með snúningi.



**Vandaður slökunarstóll**
Með leðuráklæði og skemli. Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.



**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Opið virka daga kl. 10-18
**Laugardaga kl. 11-16 - Sunnudaga kl. 13-16**

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

Stjórn Strætó bs. hættir við útboð á akstursleiðum vegna kreppunnar:

# Tíu milljarða útboð slegið af

**SAMGÖNGUR** Stjórn Strætó bs. hefur samþykkt að hætta við útboð á akstri á rúmlega helmingi leiða sinna. Ástæðan er bágt efnahagsástand. Útboðið tók til átta ára og var heildarvirði samnings nálægt tíu milljörðum króna.

Reynir Jónasson, forstjóri Srætós bs., segir nokkur atriði hafa spilað inn í ákvörðunina. Bjóðendur hafi átt í vandræðum með að verða sér úti um bankatryggingar.

„Þá er óhægt um vik með svona útboð þegar gengið er óþekkt stærð. Það hefði verið óvarlegt að festa gengi á keyptum bílum í hæstu hæðum ef gengið lækkar svo verulega. Sá kostnaður hefði farið á sveitarfélög og á endanum á skattgreiðendur þar.“



**ÚTBOÐ SLEGIÐ AF** Hætt hefur verið við útboð á akstri á nítján leiðum Strætó bs.

Með útboðinu átti að endurnýja helming af vagnaflotanum. Reynir segir að óheppilegt sé að það tefjist, en lítið annað sé í stöðunni. „Þessar tafir eru vondar fyrir okkur og því er ekki að leyna að ákveðinn hluti vagnanna er kominn til ára sinna. En það bíða allir í óvissu og við munum ekki leysa þetta á annan hátt, heldur bíða eftir að útboðinu verði komið á aftur.“

Reynir segir að sú vinna sem bjóðendur hafi lagt í útboðið sé ekki unnin fyrir gýg. „Menn geta nýtt hana ef og þegar við förum aftur af stað í útboð. Það var ekki síst óánægja bjóðenda með ýmis mál, svo sem gengið, sem olli ákvörðun okkar.“ **- kóp**

Vatnsútflutningur frá Íslandi:

# Nýir hluthafar í Iceland Spring

**VIÐSKIPTI Fjárfestar frá Mið-Austurlöndum hafa gengið til liðs við íslenska vatnsfyrirtækið Iceland Spring. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að nýtt og endurbætt útlit og framsetning Iceland Spring muni líta dagsins ljós á næstunni. Gert sé ráð fyrir sterkum viðbrögðum í Bandaríkjunum og að fram undan sé stórsókn þar í landi.**

**Nýju fjárfestarnir, Water & Energy Corp., eiga nú um 50 prósenta hlut í félaginu. Ölgerðin Egill Skallagrímsson á enn 20 prósent og bandaríska félagið Pure Holding á nú 30 prósent.**

**Iceland Spring hefur flutt út vatn frá Íslandi síðan 1996. - kg**

**ÍRAK**

## Kosningar í janúar

Sveitarstjórnarkosningar verða haldnar í Írak í lok janúar, nokkrum mánuðum síðar en til stóð. Vonir standa til að kosningarnar geti hugsanlega bætt eitthvað samskiptin milli þjóðernishópa landsins.



**OLÍUSKIPIÐ SIRIUS STAR** Skipinu rændu sómalskir glæpamenn úti á Indlandshafi um helgina og krefjast lausnargjalds af eigendum skipsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sjóræningjar látnir óáreittir

**Hvorki NATO né Bandaríkjaher hyggst láta til skarar skríða gegn sjóræningjum frá Sómalíu, sem nú síðast rændu stóru olíuskipi og krefjast lausnargjalds. Ræningjarnir vaða í peningum og lifa hátt.**

**SÓMALÍA, AP** Eigendur sádi-arabíska olíuskipsins Sirius Star, sem sjóræningjar frá Sómalíu rændu á Indlandshafi um helgina, reyna að semja við ræningjana um að afhenda skipið. Hvorki Bandaríkjaher né NATO hyggst grípa inn í deiluna.

Sómalskir sjóræningjar hafa látið til sín taka á síðustu árum, og gerst æ grófari í ránum sínum. Niðurstaðan hefur oftast orðið sú, að eigendur skipanna greiða sjóræningjunum vænar fúlgur fjár í skiptum fyrir skipin sín.

Aldrei hafa þeir rænt jafn stóru skipi og nú, risastóru olíuskipi með fullan farm af olíu, alls 2 milljónir fata. Farmurinn er um 100 milljón dala virði á verði dagsins, en það samsvarar nú nærri 14 milljörðum króna.

Ræningjarnir hafa þó engan búnað til að ná olíunni úr skipinu og selja hana, en bíða þess í stað eftir að sádiarabískir eigendur skipsins greiði ríflegt lausnargjald fyrir bæði skipið, farminn og 25 manna áhöfn sem enn virðist vera ómeidd.

NATO hefur engin áform um að ráðast til atlögu gegn sjóræningjunum um borð í olíuskipinu þó að NATO sé með þrjú herskip á Adenflóa. Ástæðan er sú að herskip NATO á svæðinu hafa enga heimild til slíkra aðgerða. Bandaríkjaher, sem einnig er með skipaflota á þessu svæði, hyggst heldur ekki grípa til aðgerða.

Íbúar við strönd Sómalíu urðu furðu lostnir í gær þegar risastórt skipið blasti við skammt frá landi.

> Þegar engri fyrirstöðu er að mæta munu sjóræningjar halda áfram glæpastarfsemi sinni.
>
> **NOEL CHOONG**
> YFIRMAÐUR HJÁ ALÞJÓÐASIGLINGAMÁLASTOFNUNINNI.

„Ég hef stundað veiðar hér í þrjá áratugi en aldrei nokkurn tímann hef ég séð jafn stórt skip,“ sagði Abdinur Haji, sem býr skammt frá Harardhere, þar sem margir sjóræningjar hafast við.

Skipið lá þar við akkeri í fyrri nótt úti fyrir ströndinni, en var síðan siglt áfram í gær til hafnarinnar í Eyl, þar sem sjóræningjar hafa haft mikil og sívaxandi umsvif.

Sjóræningjarnir frá Sómalíu berast mikið á heima fyrir, vaða í peningum og lifa hátt í landi þar sem fátækt er annars mikil. Tilgangur sjóránanna er sá einn að næla sér í pening, og til þessa hefur afraksturinn verið mikill.

„Þegar engri fyrirstöðu er að mæta munu sjóræningjar halda áfram glæpastarfsemi sinni,“ segir Noel Choong, yfirmaður hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni. „Áhættan er lítil og hagnaðurinn gífurlegur. Við munum sjá meira af slíkum árásum.“

**gudsteinn@frettabladid.is**




IÐNÓ | fimmtudagur 20. nóvember | kl: 16–18

Hönnum framtíðina!

*Ráðstefna um hönnun og nýsköpun*

Hvernig er hægt að sinna nýsköpun í hönnun og látið hana verða leiðandi afl í uppbyggingu þjóðfélagsins?

**Fyrirlesarar og erindi**

**Sverrir Björnsson**, Hvíta húsið
Ekki torfkofann aftur – takk!

**Sigga Heimis**, hönnuður
Notum sköpunarkraftinn á óvissutímum

**Steinunn Guðmundsdóttir**, arkitekt
Finnska leiðin, hver var hún?

**Andri Snær Magnason**, rithöfundur
Að hanna sér leið gegnum skóginn

**Katrín Ólafsdóttir**, hagfræðingur
Hvaðan kemur hagvöxturinn?

**Dóra Ísleifsdóttir,** fagstjóri í grafískri hönnun við LHÍ
Hugrekki og framtíðarsýn

**Iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson**
Þjóðhagslegur ávinningur hönnunar

**Fundarstjóri,** Gunnar Hilmarsson, formaður stjórnar Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Almennar umræður

Allir velkomnir!

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

Aðalstræti 10 | 101 Reykjavík | honnunarmidstod.is

Ársfundur

**Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins**
**20. nóvember, kl. 14–17 á Grand Hótel**

Setning: **Guðrún Eyjólfsdóttir**, formaður stjórnar FA

Náms- og starfsráðgjöf á breyttum tímum –
Atvinna, hnattvæðing og ný staða hagkerfisins
**Dr. David Blustein**, ráðgjafasálfræðingur frá Boston

Rödd notanda í raunfærnimati og námsráðgjöf
**Egill Þórarinsson** og **Svanur Þ. Brandsson**

Hlé – Kaffi

Ný leiðtogahugsun til samkeppnishæfni,
sjálfbærni og velferðar
**Ingigerd Green**, ráðgjafi frá Gautaborg

Fyrirmynd í námi fullorðinna
**Afhending viðurkenningar**

Fundarstjóri: **Gylfi Arnbjörnsson**, forseti ASÍ

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
Skráning í síma 599 1400
lena@frae.is


T690 5 MISMUNANDI ÚTLIT
til afgreiðslu af lager
TONA®
LIVE CONCEPT
Bath Life
T-1000 2 MISMUNANDI ÚTLIT
T-580 5 MISMUNANDI ÚTLIT
T-1000 2 MISMUNANDI ÚTLIT
ALLAR TONA INNRÉTTINGAR AFHENTAR SAMSETTAR
T-920 2 MISMUNANDI ÚTLIT
kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is
T-730
5 MISMUNANDI ÚTLIT
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

NEISTAR AF NEISTA: Ferðamál á Íslandi — Grein 6 af 8

# Auðlegð hins afskekkta

### Vekja þarf athygli á fjölbreytninni

Aðdráttarafl íslenskrar náttúru er bundið við alltof fáa staði, og hægt væri að bæta markaðssetningu til muna á langtum fleiri stöðum á landinu samhliða því að efla innviði og móttökuskilyrði þeirra staða fyrir ferðafólk. Til dæmis er hægt að leggja áherslu á hið afskekkta og auðlegð þess.

Í víðernunum er ótal fleiri möguleika hægt að nýta en nú er gert, t.d er ótrúlegt að ekki sé gert meira úr Hvalfirðinum og möguleikum sem þar leynast; norðurljósaskoðun, fuglaskoðun (twithers), göngur, sveppir, ber, kræklingur, silungur, matarnámskeið, veitingaparadís og fjörðurinn sem aðdráttarafl. Ofar í landinu er hægt að velta fyrir sér möguleikum í ísvetrarferðum, óveðursferðum, veiði gegnum ís, að skapa umbætur á mögulegum skíða- og skautastöðum.

Almennt þarf að huga að því að breyta óhagstæðum aðstæðum í hagstæðar. Til dæmis væri hægt að bjóða upp á óveðursferðir og óvissuferðir, án þess þó að stofna ferðamönnum í hættu. Einnig mætti leggja áherslu á útkjálka landsins með upplifun á einangrun og sögu þjóðarinnar fjarri miðju siðmenningar.

Virkja þarf ferðamályfirvöld og eyrnamerkja átak í markaðssetningu með ofantöldum áherslum (hluti af 600 milljóna kr. fjárveitingu sem átti að fara í eina kaupsýningu í Kína gæti nýst betur í þessa þágu). Muna að við getum búið til eftirspurn og aðdráttarafl.

### Tenging ferðaþjónustu við aðra atvinnuvegi

Tengja þarf náttúru- og menningarauð betur við afþreyingu sem í boði er, til dæmis í gegnum heilsutengda ferðamennsku og menntatengda ferðamennsku. Það þarf til dæmis að endurvekja sögurnar í landslaginu gegnum skapandi leiðsögn og auka veg og virðingu fyrir gildi faglegrar leiðsagnar á öllum sviðum; listsköpun, skynjun og sjónræn miðlun býður upp á ótal ónýtta möguleika af þessu tagi. Tengja þarf ferðaþjónustu og aðra atvinnuvegi betur saman. Að bjóða innlendum sem erlendum ferðamálafræði-, jarðfræði-, landfræði-, fornleifafræði- og vistfræðinemendum og fleirum að sameina nám og ferðalög með því að dvelja við nám sitt út um land og kynnast því af eigin raun. Að bjóða upp á heilsutengt nám í heilsustofnunum víða um land og tengja það upplifun af landinu. Að bjóða upp á dvöl í heilsulindum út um land og ferðalögum á milli þeirra með tilheyrandi annarri þjónustu.

### Lengja þarf ferðamannatímabilið

Vandi ferðaþjónustu er stutt tímabil og mikil ásókn í fáa staði. Þetta ójafnvægi í dreifingu ferðafólks í tíma og rúmi þarf að laga og uppræta hugarfar um að mikilvægast sé að dæla ferðamönnum inn í landið án fyrirhyggju. Þannig þurfa móttökuskilyrði að vera í lagi, ekki bara með tilliti til innviða heldur og efla fagmennsku í þjónustu sem boðið er upp á og tryggja góð starfsskilyrði. Þannig væri hægt að leggja áherslu á að verðlauna góða vinnustaði með ánægðu starfsfólki. Sníða þarf opnunartíma ferðaþjónustu, safna, veitingahúsa að raunverulegum ferðamannastraum á svæðinu en ekki að fyrirframgefnum dagsetningum til dæmis 31. ágúst. Viðurkenna menntun á mismunandi menntastigum í ferðamálum og efla rannsóknir á sviði ferðaþjónustu. Endurskoða þarf markaðssetningu á ferðamannaparadísinni Íslandi. Tengja markaðssetningu á ferðamennsku við markaðssetningu á menntun og heilsubót.



**HORNSTRANDIR** Tilvalið er að endurvekja sögurnar í landslaginu með skapandi leiðsögn, segir í greininni.

### Sjálfbærni í náttúrutengdri ferðamennsku

Efla þarf greinar sem veita möguleika á sjálfbærni í náttúrutengdri ferðamennsku með alþjóðlegum verkefnum sem verkefnastjórnað er héðan. Til dæmis Wild North, Heimur norðursins og Eco-túrismi fyrir austan.

Virkja þarf ferðamannaaðstöðu á landsbyggðinni á dauðum tímum. Efla má greinar sem bjóða upp á afleidda möguleika t.d sjóstangaveiði (sem gæti verið blanda veiðiferðamennsku og nautnaferðar með matreiðslu á afla). Opna hugarfylgsni aðila í ferðaþjónustu á möguleikum í umhverfisvottunum. Koma þarf í veg fyrir sóun á verðmætum.

Eins konar sjálfboðaliða (voluntarism) ferðamennsku mætti efla á ólíkum sviðum, eins og Umhverfisstofnun hefur verið að feta sig áfram með um viðhald á stígum. Til dæmis gætu bændur, sem tök hafa á, nýtt uppbyggða ferðaþjónustuaðstöðu á bænum og boðið ferðamönnum upp á að hjálpa til við sveitastörfin, t.d. í sauðburði og slætti eða þar sem því verður komið við.

Eins mætti koma upp ættleiðingarmöguleikum á fleiri tegundum húsdýra og aðstoða þannig bændur (svipað og hefur verið gert á Snæfellsnesi fyrir sauðfé með góðum árangri). Eins mætti virkja annars atvinnulausa til mannvirkjagerðar og umbótaverkefna á helstu núverandi áfangastöðum ferðamanna.

Hlúa þarf að grasrótinni í ferðamálum til dæmis með stofnun samkomuhúss ferðaþjónustunnar þar sem sjálfbærni ætti að vera samheiti markmiðs.

## Í HNOTSKURN

Það þarf að viðurkenna ferðamál sem fjölþættan atvinnuveg í íslensku samfélagi. Það þarf að efla bæði hagnýtar og fræðilegar rannsóknir, grunn gagnaöflun og fagmennsku og samhliða að virkja hugarfarsbreytingar í átt til aukinnar samvinnu innan ferðamála þvert á hreppamörk og fagleg landamæri. Það þarf að styðja vel við allt ferli nýsköpunar til að stuðla að ríkulegri uppskeru og einfalda regluverk leyfisveitinga sem nú endurspeglar vanþekkingu á margþættu eðli greinarinnar. Markmiðunum verður aðeins náð með góðri samvinnu við stjórnvöld og samstöðu um hag heildarinnar af atvinnuátaki í ferðamálum. Kynna þarf nýtt uppgjör sem sýnir mikilvægi ferðamennskunnar fyrir tekjur og þjóðarbú ítarlega fyrir aðilum ferðaþjónustu (e. Tourism satellite account, sjá hagstofan.is) en jafnframt efla rannsóknir á grunni þess uppgjörs, sem frekar gæti skilgreint hagrænan ávinning greinarinnar á landsvísu.

Ólafur Sveinn Jóhannesson, framkvæmdastjóri Framtíðarlandsins, Svanlaug Jóhannsdóttir, Klaki, og Anna Karlsdóttir, lektor í mannvistarlandafræði og ferðamálafræði í H.Í., höfðu umsjón með samræðu og vinnslu útgangspunkta á vinnuborði um ferðamál.

Björk Guðmundsdóttir boðaði til vinnufunda 12. og 19. október síðastliðinn í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, og vefinn nattura.info. Um hundrað sérfræðingar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar réðu ráðum sínum og gerðu drög að átta tillögum um úrbætur í jafnmörgum málaflokkum. Fréttablaðið birtir tillögurnar næstu daga. Nánari upplýsingar má finna á nattura.info.




Í ÖRUGGA HÖFN

RÁÐGJÖF TIL FYRIRTÆKJA

Fyrirtækjaráðgjöf Saga Capital veitir fyrirtækjum, eignarhaldsfélögum og öðrum fjárfestum óháða og faglega ráðgjöf.

- Fjárhagsleg endurskipulagning
- Kaup, sala og sameining
- Vöktun kaup- og sölutækifæra
- Stöðumat og verðmat
- Samningaviðræður og samningsgerð
- Umsjón með áreiðanleikakönnunum

Starfsmenn Fyrirtækjaráðgjafar Saga Capital hafa sjálfir umtalsverða reynslu af stjórnun fyrirtækja og mikla þekkingu á viðskiptum með fyrirtæki.

Saga Capital

FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF SAGA CAPITAL | SKÓGARHLÍÐ 22 | 105 REYKJAVÍK | SÍMI 545 2600 | SAGACAPITAL.IS

ÓI · 12115

Gæsluvarðhald tveggja framlengt fram í desember:

# Hassmenn áfram inni

**DÓMSMÁL** Þýskur karlmaður á sjötugsaldri hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 16. desember að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Maðurinn, sem er fæddur árið 1943, var handtekinn á Seyðisfirði í byrjun september. Í bíl hans fannst um 20 kíló af hassi og 1,7 kíló af amfetamíni. Rannsókn málsins er á lokastigi og verður það sent ríkissaksóknara á næstu dögum.

Þá hefur Þorsteinn Kragh einnig verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 18. desember að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann er grunaður um aðild að fíkniefnamáli sem kom upp á Seyðisfirði í júní. Þá fannst mikið magn fíkniefna í húsbíl sem kom til landsins með ferjunni Norrænu. Um var að ræða 190 kg af hassi og eitthvað af kókaíni. Maðurinn hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar.

Báðum er mönnunum gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi á grundvelli almannahagsmuna. - jss



**SEYÐISFJÖRÐUR** Bæði fíkniefnamálin komu þar upp, reynt var að smygla miklu magni í land úr ferjunni Norrænu.


**Verðhrun** **Verðhrun**

**Útsölumarkaður Verðlistans**

| | |
|---|---|
| Jakkar | kr. 2.500 |
| Pils og buxur | kr. 1.500 |
| Kápur | kr. 5.000 |
| Úlpur | kr. 3.000 |

allt á borði kr. 1.000

Allra síðasta vika

verðlistinn

Opið mánud. til föstud. frá kl. 12.00 - 18.00

**Ármúla 38**




**Í HVERAGERÐI** Bæjarstjórnin óttast mengun frá Hengilssvæðinu.

Loftmengun í Hveragerði:

# Vilja láta mæla brennisteininn

**UMHVERFISMÁL** Hvergerðingar vilja mælingar á brennisteinsvetni í lofti í bænum í ljósi áforma um frekari virkjanaframkvæmdir á Hengilssvæðinu. „Mælistöðvar af þessari tegund eru þegar fyrir hendi í Reykjavík og unnið er að uppsetningu fleiri stöðva, meðal annars í Norðlingaholti. Athygli hefur vakið að engin mælistöð fyrir brennisteinsvetni er staðsett hér í Hveragerði þrátt fyrir að virkjanirnar á Hengilssvæðinu séu mun nær Hveragerði heldur en Reykjavík,“ segir bæjarstjórnin sem beinir því til Umhverfisstofnunar að setja strax upp mælistöð í Hveragerði. Auk þess séu slíkar stöðvar nauðsynlegar á útivistarsvæðum á Hellisheiði. - gar

Héraðsdómur Suðurlands:

# Dópakstur upp á tvær milljónir

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur til að greiða 950 þúsund króna sekt í ríkissjóð, ella sæta 30 daga fangelsi. Þá var hann dæmdur til að greiða ríflega milljón í sakarkostnað. Hann var jafnframt sviptur ökuréttindum í tæp fjögur ár.

Sakarefni mannsins voru fíkniefna- og umferðarlagabrot. Honum var gefið að sök að hafa samtals átta sinnum ekið bifreið undir áhrifum fíkniefna.

Í flestum tilfellum mældist mikið magn af amfetamíni í blóði ákærða, en einnig e-pilluduft og kókaín. - jss




**Til leigu**

iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

**Upplýsingar í síma 480-0000**



**ÁFRAM ÍSLAND**

- fyrir hag heimilanna

Fundarherferð ASÍ um landið í samstarfi við aðildarfélögin

**Í dag:** **Akranes, Grundaskóli - kl. 20.00**

**Staðir:** Ísafjörður, Edinborgarhúsið - 20. nóvember kl. 20.00
Akureyri , Sjallinn - 24. nóvember kl. 17.15
Egilsstaðir, Hótel Hérað - 25. nóvember kl. 20.00
Selfoss, Hótel Selfoss - 26. nóvember kl. 18.00
Reykjavík - Útifundur á Ingólfstorgi - 27. nóvember kl. 17.00

**Dagskrá:** **Áfram Ísland** - fyrir hag heimilanna. Hvert skal halda?
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

**Pallborð:** Formenn landssambanda og stærstu félaga ASÍ sitja fyrir svörum
Tónlistaratriði, skipulagt í samvinnu við FÍH
Forystumaður stéttarfélags í heimabyggð kynnir drög að ályktun fundarins
Í lokin verður boðið upp á kaffispjall

ASÍ

Alþýðusamband Íslands

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Seðlabankastjóri tekur til máls.

## Bankastjórnin eða ríkisstjórnin

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, flutti ræðu á morgunfundi Viðskiptaráðs í gær. Ræðu seðlabankastjórans var beðið með mikilli eftirvæntingu og um fátt meira rætt í gær, eins og vænta mátti enda hefur formaður stjórnar Seðlabanka Íslands ekki svarað þeirri gagnrýni sem bankinn hefur sætt síðan í fyrstu viku bankakreppunnar.

Í ræðu sinni undraðist Davíð að Seðlabankinn hefði lent í toppsæti yfir sökudólga í bankakreppunni. Hann gagnrýndi ríkisstjórnina og benti á að með lagabreytingu frá árinu 1998 hafi bankaeftirlit verið tekið undan Seðlabankanum og þar með hafi bankinn ekki lengur haft tæki til að taka á þeim vanda sem þó blasti við mönnum þar.

Með umræddri lagabreytingu var bankaeftirlit flutt til Fjármálaeftirlitsins en á það verður þó að benda hér, sem Davíð láðist að geta, að einn þriggja bankastjóra Seðlabankans sat í þriggja manna stjórn Fjármálaeftirlitsins þar til um miðjan október síðastliðinn. Auk þess verður að minna á það hver var forsætisráðherra þjóðarinnar þegar umrædd lagabreyting var gerð og seðlabankastjóri sagði hafa verið í samræmi tísku þess tíma. Það var sami Davíð Oddsson eins og flestir muna.

Ýmsir hagfræðingar benda í Markaðinum í dag á leiðir sem Seðlabankanum hefðu vissulega verið færar en seðlabankastjóri minntist ekki á. Má þar nefna bindiskyldu og heimild Seðlabankans til að setja bönkum lausafjárreglur sem hefðu gert bönkunum óhægara um vik að draga inn erlent lánsfé.

Í máli Davíðs Oddssonar í gærmorgun kom glöggt fram að bankastjórn Seðlabanka Íslands var vel meðvituð um það í hvað stefndi hjá íslensku bönkunum. Hann segir stjórnvöldum í landinu ítrekað á síðasta hálfa öðru ári hafa verið bent á hvert stefndi en hvorki forsætisráðherra né fjármálaráðherra kannast við að ríkisstjórnin hafi ekki orðið við ábendingum sem bárust frá Seðlabanka. Því hlýtur spurningin um það hvers vegna ekkert var aðhafst að vera áleitin.

Bankastjórar Seðlabankans funduðu í aðdraganda bankakreppunnar ítrekað með formönnum stjórnarflokkanna, öðrum ráðherrum og embættismönnum en að sögn Davíðs tókst forystumönnum viðskiptabankanna ævinlega að sannfæra menn um að áhyggjur Seðlabankans væru að minnsta kosti ýktar. Ekki verður annað séð en að hér lýsi formaður bankastjórnar Seðlabankans algeru vantrausti á stjórnvöld í landinu. Á sama tíma hefur Geir H. Haarde forsætisráðherra ítrekað að hann ber fullt traust til stjórnar Seðlabanka Íslands.

Að lestri ræðu Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans, loknum er áleitnust sú spurning hvort ekki verði annað hvort að víkja, bankastjórn Seðlabankans eða ríkisstjórn Íslands sem sú bankastjórn treystir svo illa sem fram kom í máli Davíðs Oddssonar í gær. Þess hlýtur að vera skammt að bíða að í ljós komi hvor stjórnin víkur.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Munaði mjóu

Árni Mathiesen fjármálaráðherra var gestur í Íslandi í dag á mánudagskvöld. Þar kom margt fróðlegt fram. Til dæmis að eftir að fjármálakerfi Íslands hrundi hafi sú hugsun flögrað að Árna, að þar sem hann væri nú fjármálaráðherra, væri ef til vill rétt að íhuga hvort hann ætti að segja af sér. Árni lagði því höfuðið í bleyti en komst að þeirri niðurstöðu að ef hans hefði ekki notið við værum við í verri stöðu en ella. Það væri því í raun mesta óráð að hann segði af sér. Eins gott að Árni flanaði ekki að neinu heldur lagðist undir feld og braut heilann um þetta mál. Annars hefði getað farið illa.



### Að segja á sér deili

Kolfinna Baldvinsdóttir skrifar palladóm um Geir H. Haarde forsætisráðherra í tímaritið European Voice. Athygli vekur að Kolfinna getur þess hvergi í grein sinni að hún fer fyrir hópi fólks sem hefur skipulagt mótmæli og krafist afsagnar forsætisráðherra. Væri ekki rétt að lesendur European Voice fengju að vita að því þegar þeir lesa palladóminn?



### Hin frjálslynda Matthildur

Baltasar Kormákur var sigurreifur á Edduverðlaunahátíðinni á sunnudagskvöld og sló á létta strengi í ræðum sínum, til dæmis líkti hann nokkrum persónum úr kvikmyndinni Brúðgumanum við stjórnmálaflokkana á Íslandi. Athygli vakti að Baltasar líkti Frjálslynda flokknum við hina hrekklausu Matthildi, sem Ilmur Kristjánsdóttir lék, sem sagði alltaf sannleikann en enginn tók mark á henni.

Varla var það spænska blóðið í æðum Baltasars sem rann honum til skyldunnar þegar hann tók svona undir málflutning frjálslyndra í til dæmis útlendingamálum.

bergsteinn@frettabladid.is

## Undir þann græna hlíða



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Fjalakötturr Sarkozys

Einn af þeim forkólfum franskra sósíalista sem Nikulás Sarkozy reyndi að veiða í sitt net eftir að hann var kjörinn forseti, var Dominique Strauss-Kahn, og var honum boðið að verða yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Blaðamenn voru ekki í neinum vafa um það hvað vekti fyrir forsetanum: hann vildi koma þeim manni burt úr frönskum stjórnmálum sem þá var talinn einn af sterkustu leiðtogum stjórnarandstöðunnar; hann var sá sósíalistinn sem hafði gengið einna lengst í að sverja af sér allar leifar af sósíalisma og vinstri stefnu og aðhyllast frjálshyggju, og eins og vindáttin var á þeim tíma þótti það vænlegt til frama, því þá var ekki hægt að ásaka hann um „sovétisma“ eins og suma aðra sósíalista (sem þó var mjög óréttlátt, þeir voru allir á sömu brautinni).

En um leið og þetta komst á dagskrá fóru blaðamenn einnig að nefna undir rós og í hálfkveðnum vísum vandamál eitt sem Strauss-Kahn á við að stríða og almenningur hafði þá lengi haft á milli tannanna, en það var puttavandamálið. Hinn mikli kratabroddur er nefnilega með þeim ósköpum fæddur, að ef einhver kona kemur í seilingarfjarlægð, fara puttarnir ósjálfrátt af stað og byrja að þreifa á ýmsum líkamshlutum hennar. Komu nú upp á yfirborðið sögur um þrautreyndar blaðakonur sem höfðu margsinnis komist í hann krappan á löngum ferli og voru þó aumar og kjökrandi eftir að hafa átt viðtal við sósíalistaleiðtogann um sérsvið hans, efnahagsmálin. Þessar sögur sögðu blaðamennirnir nú alls ekki Strauss-Kahn til hnjóðs heldur af því að þeir höfðu sárar áhyggjur af velferð hans í þessari nýju stöðu, og þeir spurðu í angist sinni: hvernig fer nú fyrir honum í þeirri siðavöndu borg, Washington? (En það var þeirra orðalag).

Fáeinir gátu þess jafnvel til að þarna ætlaði Sarkozy að leiða Strauss-Kahn í lymskulega gildru, hann teldi ólíklegt að franski kratinn gæti setið á strák sínum þótt hann væri kominn í þessa háu stöðu, ferli hans vestra myndi þá lykta með einhverju reginhneyksli, og þá væri hann laus við þennan hættulega andstæðing ekki einungis meðan hann væri vestanhafs heldur um aldur og æfi, um það myndu keppinautar hans innan sósíalistaflokksins sjá.

Því er ekki hægt að segja annað en að Strauss-Kahn hafi verið varaður við og gildran teiknuð fyrir honum og útmáluð. En sírenusöngur Sarkozys verður nú svo ísmeygilegur að þar kemur að Strauss-Kahn vill sig til Washington gá undir þann græna hlíða. Þar tekur hann við sínu embætti og þótt hann eigi við harða andstæðinga að etja, sem vildu ekki sjá Fransmann sem yfirmann Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er ekki annað að sjá en honum hafi vegnað nokkuð vel í stöðunni, enda sem fiskur í sjó meðal annarra frjálshyggjumanna. En hafi útreikningur Sarkozys verið sá sem hér að framan greinir, fór allt eins og forsetinn hafði séð fyrir, Strauss-Kahn heldur sig við sama heygarðshornið, því svo sárliga gjörir honum að stá undir þann græna hlíða; um síðir er hann orðinn ber að legorði með einni ungverskri sem starfaði þá undir hans stjórn en tók eftir það við öðru og mjög háu embætti annars staðar. Vandinn var reyndar ekki legorðsmálið sjálft, þótt það væri í meira lagi klúðurslegt, heldur hitt hvort Strauss-Kahn hefði á einhvern hátt misnotað stöðu sína, t.d. til að koma konunni í nýja embættið sem hefði þá verið beðgjald. Fyrir yfirsjón af þessu tagi þurfti Paul Wolfowitz, forseti alþjóðabankans, að víkja úr stöðu sinni fyrir rúmu ári, og hún var tvímælalaust brottrekstrarsök fyrir Strauss-Kahn ef á hann sannaðist. Rannsóknarnefnd var sett í málið, og hefði Strauss-Kahn viljað að það yrði útkljáð í kyrrþey, en slíkt var borin von, því þar dunar undir sem hofmennirnir ríða. Af þessu öllu varð allmikill hvellur sem andstæðingar hans, einkum Rússar en þó líka ýmsir Bandaríkjamenn, tóku góðfúslega að sér að bergmála út um alla heimsbyggðina.

Rannsóknarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að Strauss-Kahn hefði ekki misnotað stöðu sína, þannig að hann sleppur nú með skrekkinn og nokkuð stranga ávítun. En svo er að sjá að eftir þessi mál standi hann höllum fæti, fjalakötturr Sarkozys reyndist kannske ekki dauðagildra en gaf lamandi högg. En nú vill svo til að síðan Frakklandsforseti spennti upp þessa gildru sína hefur margt gerst og það er komin kreppa um víða veröld. Sarkozy hefur sínar hugmyndir um hvernig leysa megi vandann, og eru þær sennilega ekki vitlausari en sumt annað, en margir eru þeim andvígir, og því þarf hann mjög á stuðningi að halda. Einn af þeim sem hann átti að geta treyst sig á og var óneitanlega í lykilstöðu var Dominique Strauss-Kahn, en eftir þessi æfintýri er hætt við að lítið gagn verði að honum. Því sannast nú á Sarkozy hið fornkveðna, sér grefur gröf þótt grafi öðrum.

## Grænar ferðir



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

UMRÆÐAN

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifar um samgöngur

Í gær var samþykkt einróma í borgarstjórn stefna borgarinnar í samgöngumálum starfsmanna og fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar. Grænar ferðir er stefna sem hefur áhrif á ferðamáta starfsmanna borgarinnar. Reykjavíkurborg vill með þessu sýna fordæmi með því að innleiða vistvænar samgöngur í starfsemi sinni.

Reykjavíkurborg sýnir fordæmi með því að innleiða nýja hugsun varðandi ferðir starfsmanna, með því að stuðla að jöfnum tækifærum þeirra sem velja annað en einkabílinn og með því að innleiða vistvænar samgöngur sem notaðar eru í vinnuferðir hjá borginni. Undir vistvænar samgöngur flokkast meðal annars hjólreiðar, ganga, almenningssamgöngur og notkun visthæfra bíla.

Stefnan Grænar ferðir er hluti af grænum skrefum í Reykjavík og er liður í því heildarmarkmiði að draga úr bílastæðaþörf, umferðarmyndun á háannatíma í borginni og í því að bæta loftgæði í borginni. Bílum í Reykjavík fjölgaði um 40 prósent frá 1999-2007 á meðan íbúum fjölgaði um 7 prósent. Fjöldi bíla á hverja þúsund íbúa var 676 árið 2007 sem er langt langt umfram þær borgir sem við berum okkur saman við. Rúmlega fimmtungur gróðurhúsalofttegunda sem losaðar eru út í andrúmsloftið koma frá samgöngutækjum. Auknum bílafjölda fylgir aukin mengun og tafir í umferð og hefur neikvæð áhrif á umhverfi, heilsu og borgarbrag.

Innleiðing vistvæns samgöngumáta í starfsemi borgarinnar felur m.a. í sér að reiðhjól og visthæfar bifreiðir eigi að standa starfsmönnum Reykjavíkur til boða vegna vinnuferða í borginni, tryggja góða aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi, fjárfest skal í visthæfum farartækjum þar sem kostur er og taka upp samgöngusamninga við nýtt starfsfólk þar sem það á við í stað akstursamninga. Samgöngusamningar geta tekið til ólíkra farartækja og ferðamáta, s.s. gangandi, með strætisvagni, á bifreið eða hjólandi, en skulu ávallt hafa það að markmiði að auka hlut vistvæns ferðamáta í vinnuferðum á vegum borgarinnar.

*Höfundur er formaður umhverfis- og samgönguráðs.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*





# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 19. nóvember 2008 – 48. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 Vísir


Vistvæna prentsmiðjan! UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

**Orðskýringin**
Hvað er varin staða?

6

**Alfesca**
Skoðar brottför úr Kauphöllinni
2


**Þóra Helgadóttir**
Hagvöxtur og hamingja

6



**VATN SETT Á FLÖSKUR** Fjallað var um vatnsfyrirtæki Jón Ólafssonar, sonar hans og fleiri í beinni útsendingu í Bandaríkjunum í fyrradag.
MARKAÐURINN/ANTON

## Íslenskt vatn í amerísku sjónvarpi

Fjallað var um Ísland og umhverfisstefnu átöppunarfyrirtækisins Icelandic Water Holdings í beinni útsendingu í sjónvarpsþættinum The Today Show á mánudag. Þátturinn er einn vinsælasti morgunsjónvarpsþættirinn sem sýndur er í Bandaríkjunum.

Átöppunarfyrirtækið framleiðir vatn á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial á Hlíðarenda í Ölfusinu og selur víða um heim, svo sem í Bandaríkjunum. Bandaríski drykkjavöruframleiðandinn Anheuser Busch, sem framleiðir Budweiser-bjórinn, á fimmtungshlut í fyrirtækinu. Vatnið er markaðssett vestanhafs sem hrein náttúruafurð og hefur fyrirtækið fengið verðlaun fyrir umhverfisstefnu sína.

Það var þáttastjórnandinn Al Roker sem fjallaði um landið en sýndar voru myndir af íslensku fallvatni og framleiðslu í verksmiðjunni fyrir austan fjall.

- jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Selt í Köben |** Sjæslö Gruppen, sem eignarhaldsfélagið Samson á stóran hlut í, hefur selt eign í Valby, einu úthverfa Kaupmannahafnar, fyrir 137 milljónir danskra króna, eða 2,7 milljarða íslenskra. Í eigninni, sem er í Valby Have við Gammel Köge Landevej í Valby, eru 63 leiguíbúðir.



**Uppnám hjá Sterling |** Samningar um söluna á þrotabúi norræna flugfélagsins Sterling eru komnir í uppnám eftir að viðræður við verkalýðsfélög flugmanna og flugliða sigldu í strand í gær. Danska dagblaðið Jótlandspósturinn segir verkalýðsfélögin hafa verið mjög óánægð með þá samninga sem félagsmönnum stóð til boða.

**Japanir lána IMF |** Yfirvöld í Japan eru reiðubúin til að lána Alþjóðagjaldeyrissjóðnum allt að 100 milljarða Bandaríkjadala til þess að styrkja stuðningsaðgerðir sjóðsins við lönd sem eru í vanda vegna alþjóðlegu fjármálakreppunnar.

**Ræddu ástandið |** Þjóðarleiðtogar stærstu iðnríkja heims samþykktu á fundi í Washington í gær að vinna saman að lausn alheims fjármálakreppunnar. Gagnsæi verði aukið og fyrirtækjum á mörkuðum gert að upplýsa enn frekar um starfsemi sína og fjárhagsstöðu.

# Ákæra Seðlabanka á hendur ríkisstjórn

Skortur á skilningi, ákæra á hendur ríkisstjórn, lítilmannlegur hvítþvottur. Þetta er meðal þess sem sagt er um ræðu Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra hjá Viðskiptaráði í gær.

**Ingimar Karl Helgason og Björn Ingi Hrafnsson**
skrifa

„Eðlilega er mikið deilt um leiðir í stöðunni og því er mikilvægt að seðlabankastjóri skýri þær leiðir sem kveðið er á um í viljayfirlýsingunni. Með því að útskýra hvers vegna þær voru valdar og hvaða kosti þær hafi fram yfir aðrar leiðir, getur seðlabankastjóri aflað þeim fylgis og aukið áhrifamátt þeirra. Það er mikilvægt fyrir krónuna, atvinnulífið og heimilin,“ segir Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur. Hún saknar umfjöllunar um frekari framvindu efnahagsmála og samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í ræðu Davíð Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans, hjá Viðskiptaráði í gær.

Davíð ræddi þar um hverjum væri um að kenna að bankarnir féllu. Sakaði fólk og fjölmiðla um galdrafár og benti á bankamenn, ríkisstjórn, fjármálaeftirlit og fjölmiðla sem sökudólga í bankahruninu. Seðlabankinn hefði staðið vaktina en skort tæki til að bregðast við. Hann hefði varað við stöðunni en ekki hefði verið hlustað.

Edda Rós bendir á ýmis úrræði Seðlabankans og segir bankann ekki aðeins vera eftirlits- eða umsagnaraðila. Hann sé stjórnvald og geti til að mynda beitt bindiskyldu til að hamla vexti útlána. „Þessi mikilvægu verkfæri lágu svo til óhreyfð í verkfærakistu Seðlabankans, þrátt fyrir mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamörkuðum,“ segir Edda Rós. Þar vísar hún til lágra vaxta í útlöndum undanfarin ár, einkavæðingu bankanna og hratt vaxandi eigin fé þeirra. „Allir þessir þættir kyntu undir vöxt, en Seðlabankinn horfði einungis til stýrivaxtanna og beitti úrtölum, eins og formaðurinn lýsti ágætlega í ræðu sinni.“

Ólafur Ísleifsson, kennari við Háskólann í Reykjavík, segir að ummæli bankastjórnar Seðlabankans



**DAVÍÐ ODDSSON**

„sýnist verða að túlka sem ákæru á hendur ríkisstjórninni um aðgerðarleysi þrátt fyrir viðvaranir bankans. Svo virðist sem bankastjórnin geri ekki ráð fyrir að báðir aðilar haldi áfram störfum að óbreyttu.“

Jón Steinsson, hagfræðingur við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. segir lítilmannlegt að Davíð reyni að hvítþvo sig og Seðlabankann. „Ummæli Davíðs bera vott um alvarlegan skort á skilningi á starfi seðlabankastjóra. Getur verið að Davíð hafi ekki áttað sig á því að bindiskylda og lausafjárreglur eru einmitt stjórntækin sem þurfti til að bregðast við hættunni sem myndaðist við gríðarlegan vöxt bankanna?“

Lilja Mósesdóttir, hagfræðingur við Háskóla Íslands, segir ræðu Davíðs hafa minnst verið um lausnir í sjónmáli og þess hafi hún saknað. „Allur almenningur hrópar eftir upplýsingum og útskýringum um það sem fram undan er,“ segir Lilja. Hún bætir því við að þarna hafi verið á ferðinni varnarræða manns sem hafi engan trúverðugleika lengur, síst hjá erlendum fagaðilum. Það sé raunar rétt að bankahrunið hafi lengi blasað við, enda hafi bankamenn ekki farið vel að ráði sínu. Hins vegar hafi seðlabankastjórnin ekki farið að ráðum góðra hagfræðinga og fagmanna í Seðlabankanum. „Seðlabankastjórnin á að segja af sér. Ekki síst Davíð Oddsson sjálfur, sem hannaði það umhverfi sem hann nú kennir um fallið, í tíð sinni sem forsætisráðherra.“

Sjá miðopnu



### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | -10,1% | -48,8% |
| Atorka | 12,5% | -93,6% |
| Bakkavör | -33,7% | -95,4% |
| Eimskipafélagið | 0,0% | -96,1% |
| Exista | 0,0% | -76,6% |
| Icelandair | -0,8% | -52,4% |
| Kaupþing | 0,0% | -100,0% |
| Marel | 10,6% | -16,9% |
| SPRON | 0,0% | -79,2% |
| Straumur | 0,0% | -53,1% |
| Össur | 6,1% | 4,8% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær. Úrvalsvísitalan OMXI15 653.*

# Horfum til Miðausturlanda

„Það verður að halda öllum möguleikum opnum, jafnvel að leita lánsfjár hjá einkaframtaks-og fjárfestingasjóðum í Miðausturlöndum og veita hlut í bönkunum á móti,“ segir dr. Daniel Levin, lögfræðingur og efnahagsráðgjafi ríkisstjórna víða um heim.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu um helgina hefur dr. Levin í um tuttugu ár komið að uppbyggingu landa eftir efnahagshrun.

Auk þess að sækja um lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur íslenska ríkið horft í kringum sig, svo sem hjá nágrannaþjóðunum og til Rússlands. Levin telur ólíklegt að Rússalánið skili sér. Þar glími menn við mikinn viðskiptahalla og ólíklegt að burðir séu þar til að opna pyngjurnar.

Hann telur meiri líkur á jákvæðum svörum frá Mið-Austurlöndum, svo sem í Abu Dhabi eða Katar.

„Þar eru hvorki fjárhagsáhyggjur né viðskiptahalli. Þótt sjóðirnir hafi áhyggjur af þróun efnahagsmála þá eru þær tiltölulega litlar enda sitja olíuríkin í Mið-Austurlöndum á digrum sjóðum,“ segir hann. **- jab**



**DANIEL LEVIN** Ráðgjafi í efnahagsmálum segir Íslendinga verða að skoða möguleikann á því að sækja sér lánsfé til Mið-Austurlanda gegn hlut í bönkunum. MARKAÐURINN/VALLI

# Fjármögnun tryggð út 2012

Fjármögnun Skipta hf., aðaleigenda Símans, er tryggð út árið 2012.

Pétur Þ. Óskarsson, talsmaður Skipta, segir handbært fé frá rekstri vera með ágætum, miðað við aðstæður. „Langtímafjármögnun er tryggð en rekstrarumhverfi fyrirtækja hér er ekki auðvelt. Við þurfum að greiða mánaðarlega í erlendri mynt af kerfunum sem við rekum.“

Fyrirtækið hefur mælst til þess að starfsfólk með yfir 350 þúsund króna mánaðarlaun taki á sig 10 prósenta skerðingu. **- kóp**

# Nýsköpun fyrir alla

„Okkur fannst vanta virkan vettvang um nýsköpun,“ segir Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri DataMarket.

Hjálmar býr yfir áralangri reynslu af frumkvöðlastarfi í upplýsingatækni, smíðaði sem dæmi leitarvél símaskrárvefsins Já.is.

Hann segir að í kjölfar bankahrunsins í byrjun síðasta mánaðar hafi hann sest niður ásamt öðrum frumkvöðlum í upplýsingatæknigeiranum þar sem hugmyndum var kastað á milli.

Niðurstaðan var vefsíðan nyskopun.org en þar má nálgast reynslusögur og gagnlegar leiðarstikur fyrir þá sem áhuga hafa á nýsköpun og frumkvöðlastarfi.



**HJÁLMAR GÍSLASON** Hjálmar og kunningjar hans úr upplýsingatækni hafa sett á laggirnar opinn vettvang þar sem fólk getur nálgast upplýsingar um nýsköpun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Vefurinn byggir á Wiki-kerfinu, sem merkir að hann er opinn og geta þeir sem vilja sett inn upplýsingar um efnið. Tuttugu manns hafa unnið launalaust við vefinn fram til þessa, samkvæmt síðustu tölum Hjálmars. **- jab**

# Beðið eftir jólunum

„Svartsýnin er víða í því óvenjulega ástandi sem nú ríkir. Það sést á breyttum neysluvenjum fólks sem velur af kostgæfni hvað það snæðir, sérstaklega um hátíðir,“ segir Xavier Govare, forstjóri Alfesca.

Alfesca tapaði 323 þúsund evrum á fyrsta fjórðungi ársins, sem hófst í byrjun júlí. Til samanburðar nam kostnaður 828 þúsund evrum á sama tíma í fyrra. Rekstarhagnaður nam 6,4 milljónum evra, sem er ellefu prósenta samdráttur frá síðasta ári en 12,5 prósenta aukning á samanburðargrundvelli þegar miðað er við stöðugt gengi og án tilfallandi kostnaðar.

Govare segir stjórnendur hafa dregið meðvitað úr kostnaði og aukið vöruúrval í samræmi við aðstæður á helstu mörkuðum fyrirtækisins. Vonast sé til að það skili sér í betri jólasölu.

Til stóð að greiða hluthöfum arð nú í fyrsta sinn. Sú ákvörðun hefur verið dregin til baka í ljósi einkar erfiðra aðstæðna á alþjóðlegum mörkuðum, að sögn forstjórans. **- jab**



**XAVIER GOVARE** Forstjóri Alfesca segir að af fenginni reynslu geri fólk vel við sig um hátíðarnar þegar kreppi að í efnahagslífinu. MARKAÐURINN/GVA

# Hugleiða að taka Alfesca af markaði

## Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Alfesca, segir frestun evruskráningar hlutabréfa og fall bankanna setja mark sitt á framtíð félagsins. Afskráning komi til greina.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Við höfum sýnt ákveðna biðlund. En framtíð Alfesca er óljós og við munum skoða marga kosti til að bæta hag hluthafa,“ segir Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Alfesca.

Ólafur er jafnframt stjórnarformaður Samskipa. Hann segir ganginn yfirleitt góðan en krefjandi fyrir þau fyrirtæki sem hann stjórni og snúa að alþjóðlegum mörkuðum. Ágætlega gangi þrátt fyrir þrengingar í Bretlandi en erfiðleikar í Eystrasaltsríkjunum og í Rússlandi hafi komið niður á Samskipum. Gangurinn sé þó góður enda hagi menn seglum eftir vindi.

Alfesca sóttist eftir evruskráningu hlutabréfa á síðasta ári. Tafir urðu á skráningunni eins og áður var frá greint þegar Seðlabankinn gerði athugasemd við hana og frestaði skráningin. Síðustu áætlanir Kauphallarinnar og Verðbréfaskráningar miðuðu við að Seðlabanki Finnlands tæki uppgjörið að sér til frambúðar. Við fall bankanna þriggja breyttust forsendur gagnvart Finnlandsbanka en Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sagði í samtali við Markaðinn fyrir hálfum mánuði að semja verði við annan banka um evruuppgjör og verkferla því tengdu.

Ólafur segir hrun bankanna og dýfu krónunnar hafa snert mjög við hluthafa Alfesca. Mestu skipti um fall krónu, ekki síst gagnvart evru. „Ég held að það hefði bætt stöðu hluthafa verulega ef við hefðum skráð hlutaféð í evrur,“ segir Ólafur. „Við höfum verið mjög þolinmóðir og sýnt ástandinu skilning. Aðstæður í dag eru hins vegar slíkar að við þurfum að endurskoða stöðuna.“

Hann segir hugsanlegt að halda ýmist félaginu á markaði eða afskrá það. Í framhaldinu mætti skoða skráningu í öðru landi, svo sem í Sviss eða Frakklandi. Að minnsta kosti tvö fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöllina hafa íhugað slíkt upp á síðkastið, samkvæmt heimildum Markaðarins. Tvíhliða skráning kæmi ekki til greina.



**ÓLAFUR ÁSAMT STJÓRNENDUM ALFESCA** Stjórnarformaður Alfesca segir stjórnendur velta fyrir sér framtíð félagsins með það fyrir augum að tryggja framtíð þess. MARKAÐURINN/GVA

Hann segir erlenda hluthafa hafa horft til evruskráningar lengi. Einn þeirra var sheikh Mohamed Bin Khalifa Al-Thani, bróðir emírsins af Katar, sem stefndi á að kaupa 12,6 prósent hlutafjár í Alfesca. Al-Thani keypti raunar rétt rúman fimm prósenta hlut í Kaupþingi fyrir 25,5 milljarða króna hálfum mánuði áður en ríkið tók bankann yfir. Við það gufaði upphæðin upp en viku síðar hætti hann við kaup í Alfesca.

Sjálfur sá Ólafur á eftir háum fjárhæðum við fall Kaupþings en hann var næststærsti hluthafi bankans, skráður fyrir tæpum 9,9 prósenta hlut þegar ríkið tók bankann yfir. Markaðsverðmæti hlutarins þá nam 47,8 milljörðum króna á síðasta degi en er nú einskis virði. Þrátt fyrir það tekur hann ekki þátt í að skoða hvort höfðað verði mál á hendur breskum yfirvöldum vegna falls Kaupþings ásamt Existu, sem var stærsti hluthafi bankans. „Við fylgjumst bara með því þar til ákveðið verður hvort farið verði í mál,“ segir hann.


SÍMKERFI TIL LEIGU

EJS býður þér að leigja aðgang að símkerfi af fullkomnustu gerð!

HAGKVÆM LAUSN
- Engin fjárfesting í búnaði
- Ekki þörf á sérstökum símalínum
- Fjárfesting í gagnasamböndum nýtist til fulls
- Kostnaður verður þekktur og fyrirsjáanlegur
- Verð sem kemur þér á óvart!
- Hentar smáum sem stórum fyrirtækjum

SÍMKERFI AF FULLKOMNUSTU GERÐ
- Allar nýjustu tækninýjungar
- Sveigjanlegt símkerfi
- GSM símar geta verið þráðlausir innanhússímar
- IP-vætt símkerfi
- Hentar fyrirtækjum með dreifða starfsemi
- Mörg símtæki í boði

ÖRYGGI OG REKSTUR
- EJS sér um rekstur símkerfisins
- Símkerfið er hýst í fullkomnum hýsingarsal EJS
- Símkerfið er vaktað 24/7

Það er til lausn á öllu
Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

# Heildarlausnir í hýsingarþjónustu



**www.tas.is**

**Hýsing hugbúnaðar**

**Fjárfesting í vélbúnaði óþörf**

**Vaktað af sérfræðingum allan sólarhringinn**

**Lægri rekstrarkostnaður**

## Veldu öryggi og lækkaðu rekstrarkostnaðinn

Með hýsingu á hug- og vélbúnaði greiðir viðskiptavinur eingöngu mánaðarlegt gjald og þarf ekki að fjárfesta sjálfur í dýrum búnaði.

Umsjón, rekstur og viðhald er í höndum sérfræðinga.

Með hýsingarlausnum er því hægt að spara umtalsverðar fjárhæðir í rekstrarkostnað.

TAS býður upp á hýsingu í sérhönnuðu kerfisrými þar sem lögð er sérstök áhersla á öryggi, rétt hitastig og órofið rafmagn.

- Öryggisafritun á hverjum degi.
- Tvöföld tenging við Internetið.
- Viðbragðstími vegna bilana í algjöru lágmarki.
- Vaktað af sérfræðingum allan sólarhringinn.

Þjónustuver opið allan sólarhringinn:
412-1400 | hjalp@tas.is | www.tas.is

TAS

# Vitneskja um hryðjuverkalögin

## Davíð Oddsson ver Seðlabankann og skýtur föstum skotum að ríkisstjórn, Fjármálaeftirlitinu, fjölmiðlum og bönkunum. Margt í máli hans er þó gagnrýnt, eins og Markaðurinn komst að.

Þú getur blekkt ákveðinn hóp manna, í ákveðinn tíma, en þú getur ekki blekkt alla þjóðina um allar stundir,“ sagði Davíð Oddsson, Seðlabankastjóri á fundi Viðskiptaráðs í gær og vitnaði þar í Abraham Lincoln.

Davíð ræddi um galdrafár. Seðlabankinn væri harðlega gagnrýndur, og ranglega kallaður sökudólgur. „Á bak við þann áróður allan standa að mestu leyti þeir sem mesta ábyrgð bera á því hversu illa tókst til.“

Davíð krafðist rannsóknar á aðgerðum Seðlabankans og sagði að ef sú skoðun leiddi í ljós að bankinn hefði brugðist, þá þyrfti ekki að reka neinn þaðan. Þá væri sjálfhætt.

**TÍSKUBYLGJUR**

Horft hefði verið framhjá því í gagnrýni að bankaeftirlit hefði verið tekið undan Seðlabankanum með lögum árið 1998, þegar Davíð var forsætisráðherra, og þar með hefðu flest tæki og skyldur Seðlabankans í eftirliti verið frá honum tekin. Þetta hefði verið tíska.

„Eftirlitið hefur víðtækar heimildir og úrræði til að fá upplýsingar úr bankakerfinu svo það megi gegna sínu hlutverki, og úrræði til að knýja fram breytingar á háttsemi.“

Ingimundur Friðriksson, félagi Davíðs í bankastjórn og fulltrúi bankans í stjórn Fjármálaeftirlitsins, sagði í ræðu í apríl að fjármálaeftirlit og regluverk byggðist á því besta sem þekktist í öðrum löndum. „Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn eiga með sér náið samstarf á vettvangi fjármálastöðugleika.“ Samstarfið hafi orðið mjög náið.

**DAVÍÐ VILDI LÖGGUNA Í MÁLIÐ**

Forsætisráðherra og dómsmálaráðherra hafa kynnt rannsóknir á undanfara bankahrunsins. Nefnt hefur verið sérstakt saksóknaraembætti og hvítbók.

„Það er meginkrafa að það sé upplýst hver hin raunverulega staða bankanna var. Það rannsóknarferli, sem þegar hefur verið kynnt, er með öllu óframbærilegt og ófullnægjandi,“ sagði Davíð.

Hann sagði enn fremur að bankaleynd ætti ekki lengur við um stöðu mála og aðdraganda bankahrunsins. „Ábendingar sem bárust um að kalla til lögreglu strax í upphafi hafa ekki fengið brautargengi. Eru menn að bera fyrir sig bankaleynd í þessu sambandi?“ spurði Davíð.



**FORMAÐURINN OG VIÐSKIPTALÍFIÐ** Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, flytur ræðu á fundi VIðskiptaráðs. Ýmis gagnrýni kom fram á aðra en Seðlabankann og jafnframt ósk um rannsókn á aðgerðum bankans. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

**RÁÐAMENN FULLVISSAÐIR**

Davíð greindi frá fundum með forráðamönnum bankanna, ráðherrum og embættismönnum þar sem farið var yfir stöðuna. „Viðbrögð þessara aðila voru ekki óeðlileg. Þau voru oftast nær þau, að í kjölfarið af fundi með bankastjórn Seðlabankans áttu þeir fundi með forystumönnum viðskiptabankanna sem fullvissuðu ráðamenn um það að áhyggjur Seðlabankans væru að minnsta kosti ýktar, fjármögnun bankanna væri góð út árið 2008 og nánast að fullu tryggð árið 2009.“

**BANKARNIR Í STÓRHÆTTU Í FEBRÚAR**

Davíð Oddsson greindi frá fundi með erlendum bankamönnum og matsfyrirtækjum sem haldinn var í Lundúnum, fyrri hluta febrúar. Þar hafi verið háttsettir menn „í fjölmörgum stærstu bönkunum, sem mest viðskipti áttu við Ísland og íslensk fyrirtæki“. Þar hafi seðlabankamönnum brugðið mjög að heyra viðhorf þessara manna og því hafi verið rætt við forystumenn stjórnarflokkanna, fleiri ráðherra og embættismenn í kjölfarið. Þar hafi þeim verið sýnd skýrsla „sem þá var til í handriti“.

Davíð vitnaði til skýrslunnar: „En þá niðurstöðu má draga af þessum viðræðum og ummælum manna, sem svo vel til þekkja, en voru auðvitað settar fram með misskýrum hætti, að íslenska bankakerfið væri í mikilli hættu, ekki síst vegna þess hvernig það hefur þanist út, skipulagslítið og ógætilega á undanförnum árum, í því trausti að lánsfjárútvegun yrði ætíð leikur einn. Markaðir verði almennt lokaðir íslensku bönkunum að minnsta kosti næstu tólf mánuði og telja þó sumir að 24 mánuðir sé líklegri tími hvað það varðar.“

**ÞÁTTUR BRETA**

Davíð minntist þess að Bretar beittu Íslendinga hryðjuverkalögum, ekki aðeins Landsbankinn hefði lent þar á skrá heldur líka íslenska ríkið. Það, hafa breskir ráðamenn sagt, varð vegna yfirlýsinga íslenskra ráðamanna. Davíð gantaðist með ummæli sín í Kastljósviðtali; sagðist þar hafa viljað útskýra hluti á mannamáli. Það sem þar kom fram hefði ekki haft áhrif á Breta. „Mér er kunnugt um hvað í raun réði afstöðu breskra yfirvalda,“ sagði Davíð. Hann lét þess hins vegar ógetið hvað það var.

**FURÐULEG BANKASTARFSEMI**

Davíð upplýsti í ræðunni að einn aðili, sem hann nefndi ekki, hefði skuldað þúsund milljarða í bönkunum þremur, og spurði hvers vegna það hefði aldrei verið upplýst. „Eftir að bankaeftirlitið var fært frá Seðlabankanum gat hann ekki aflað sér upplýsinga um slíkt. Hann gat ekki vitað það. […] Það er hærri upphæð en allt eigið fé gömlu bankanna samanlagt. Bankastjórarnir sem lánuðu hver fyrir sig hlutu að vita að samanlagt væri dæmið þannig. Vegna þess að þeir horfðu ekki aðeins á lánsfé eigin banka, heldur fengu þeir öll gögn vegna veðtöku áður en stærstu einstöku lán bankans voru veitt, eða það skyldu menn ætla.“ Davíð bætti því við að eftirlitsaðilar hefðu teygt sig „með ólíkindum langt til að finna út að sami aðili væri óskyldur sjálfum sér við þessar aðstæður“.

Davíð bætti því við að öll við-

## Fjölmiðlum sendur tónninn

Davíð Oddsson kenndi fjölmiðlum um gagnrýni á Seðlabankann í ræðu sinni hjá Viðskiptaráði í gær. Hann sagði að árásir á bankann væru „ljótur leikur sem ekki hefði tekist ef skynsamleg skipan hefði komist á eignarhald fjölmiðla í þessu landi“. Þá hnykkti hann á því að Seðlabankinn hefði varað við og spurði hvort heldur hefði verið hlustað „ef fjölmiðlar landsins hefðu ekki verið í þeim heljarfjötrum sem þeir hafa verið í um alllanga hríð?“. Í framhaldinu vitnaði Davíð í Egil Helgason sjónvarpsmann sér til stuðnings um „misnotkun“ fjölmiðla, en einkareknir fjölmiðlar hefðu verið í eigu bankablokkanna.

Björg Eva Erlendsdóttir fréttamaður sagði á opnum borgarafundi á Nasa í fyrrakvöld að tök Sjálfstæðisflokksins á Ríkisútvarpinu og tilraunir til stýringar á fréttastofum hefðu verið þrúgandi. Það ætti raunar einnig við um Framsóknarflokkinn. Sem kunnugt er hafa sjálfstæðismenn setið í ríkisstjórn frá 1991, lengst af með Davíð Oddsson í forsæti, og því haft mest um þessa opinberu stofnun að segja.

OPTICAL STUDIO LEIFSSTÖÐ – EINSTÖK SÉRVERSLUN Á FRÍHAFNARSVÆÐI




ÁBYRGÐAR- OG ÞJÓNUSTUAÐILAR: OPTICAL STUDIO SMÁRALIND, OPTICAL STUDIO KEFLAVÍK



**LEIKLISTARNÁMSKEIÐ** fyrir unglinga undir yfirskriftinni Að segja sögu á sviði verður haldið fljótlega á vegum Leikfélag Kópavogs. Námskeiðið hefst þriðjudaginn 28. október og verður kennt tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum, frá klukkan 16.30 til 18.30.

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

VINNUVÉLA-NÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst 21. nóv. n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414



Gerður segir landslagið í Nepal óviðjafnanlegt. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Enn þá alveg í skýjunum

**Gerður Jensdóttir fór í sína bestu ferð á dögunum en þá gekk hún á milli afskekktra þorpa í Nepal innan um snævi þakta tinda. Hana hafði lengi dreymt um að fara til Nepal og varð ekki fyrir vonbrigðum.**

„Nýleg ferð mín til Nepal er besta ferð sem ég hef á ævinni farið í og hef ég þó ferðast mikið,“ segir Gerður Jensdóttir, tækniteiknari hjá Landsvirkjun Power, en hún lagði, ásamt tíu manna samstilltum hópi, upp í gönguferð um Nepal með Bændaferðum í byrjun október.

„Mig hafði langað til að fara til Nepal í áratugi og sá landið fyrir mér í miklum ævintýraljóma. Ég var búin að ákveða að fara í framandi ferð í tilefni af því að ég verð sextug á árinu og þegar ég sá ferðina auglýsta kom ekkert annað til greina.“

Ferðin byrjaði á því að flogið var útsýnisflug yfir Himalajafjöllin til Pokhara en þaðan var flogið til Jomsom sem er í 2.700 metra hæð og gengið á milli þorpa hinna ýmsu ættflokka.

„Gönguferðin tók tólf daga og fórum við mest upp í 3.800 metra hæð. Við gistum í tjöldum en innfæddir sáu um farangur, matseld og að koma upp tjaldbúðum á næturstað. Við vorum vakin klukkan 6 á morgnana með heitu tei í tjaldið en lögðum svo af stað í göngu rétt fyrir átta. Burðarmenn tóku svo saman tjöldin og voru á undan okkur með tilbúinn hádegismat. Síðan var gengið misjafnlega lengi en oftast til fjögur, fimm. Við vorum svo að jafnaði komin í háttinn um níu.“

Gerður segir ferðina mun meira ævintýri en hún átti von á en gerði hún sér þó miklar vonir fyrir.

„Ég er enn þá í skýjunum og veit ekki hvenær ég kemst niður á jörðina. Landslagið var óviðjafnanlegt og gengum við í glampandi sól á milli afskekktra þorpa með snævi þakta tinda allt í kring. Menningin var líka framandi og á afskekktustu stöðunum fannst mér ég vera komin margar aldir aftur í tímann. Fólkið virtist njóta sín vel og var glatt og jákvætt þrátt fyrir lítil auraráð. Börnin virtust una sér vel með foreldrum sínum og var lítið um stress.

*vera@frettabladid.is*









UWAGA KIEROWCY

Następny kurs na prawo jazdy kategorii C i CE dla Polaków rozpocznie się 21 listopada, jeśli zbierze się wystarczająca liczba uczestników. Kurs będzie tłumaczony na język polski.

**Informacje i zgłoszenia tel. 567 0300**

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

# ;NÁM

**ÖKUMENN** á aldrinum 17 til 20 ára geta farið sér að kostnaðarlausu á gagnleg og skemmtileg námskeið um ökutækjatryggingar og tjónamál sem Sjóvá Forvarnahúsið og Umferðarstofa bjóða upp á í samstarfi við Sjóvá og Vörð.




Alvöru skór fyrir alvöru menn.



Vandaðir leðurskór fyrir herra. Skinnfóðraðir og með sterkum vatnsþolnum sóla. Stærðir: 40 - 47
**Verð: 9.985.-**



Vandaðar mokkasíur úr mjúku leðri fyrir herra. Skinnfóðraðir og með leðursóla. litir: brúnt og svart. Stærðir: 41 - 45 **Verð: 10.675.-**

**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*



„...fyrst á visir.is“

VISIR.IS
...ég sá það á visir.is



;ALLT TÍSKA
Alla fimmtudaga




Dagbjört er mikill dýravinur og fékk útrás fyrir áhugamálið með höfrungum, sæljónum og -kúm í Mexíkó.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Dagbjört er lærður kafari en þess þarf með til að geta lært höfrungaþjálfun.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Heilluð af höfrungunum

**Dagbjört Rós Helgadóttir hefur sýslað ýmislegt spennandi um ævina og er meðal annars lærður kafari og fallhlífarstökkvari. Síðast rak ævintýraþráin hana til Mexíkó þar sem hún lærði höfrungaþjálfun.**

„Þetta eru frábær og rosalega mannleg dýr,“ segir Dagbjört Rós Helgadóttir um reynslu sína af höfrungum eftir námskeið í höfrungaþjálfun hjá ABC Dolphin Trainer Academy í Mexíkó í sumar. Er þetta í fyrsta sinn sem slíkt námskeið er opið almenningi og álítur Dagbjört sig lánsama að hafa lent í tuttugu manna úrtakinu.

„Þetta er mjög vinsæll bransi og erfitt að komast í hann. Yfirleitt eru svona námskeið bara fyrir þjálfara,“ segir Dagbjört, sem lét slag standa eftir að hafa heillast af höfrungasýningu í Marineland á Mallorca í vor. „Ég sagði vinkonu minni að þarna væri draumastarfið fundið.“

Dagbjört skráði sig á námskeiðið á netinu og var með aðstoð vina og vandamanna komin í þjálfunarbúðir í Mexíkó áður en hún vissi af. „Ég var úti í tvær vikur og lærði grunninn í höfrungaþjálfun, sem byggist á táknmáli og verðlaunaveitingum. Þjálfararnir nota flautur til að gefa höfrungunum til kynna að þeir hafi lokið sínu og megi sækja verðlaunin sín, fisk, sem þeir fá fyrir minnstu framfarir,“ segir hún. „Málið er að ná augnsambandi við dýrin, sem hænast mest að þeim sem fóðrar þau.“

Dagbjört greiddi 1.000 dollara fyrir námið fyrir utan uppihald og gistingu og segir það hafa verið hverrar krónu virði. Spurð hvernig námið hafi nýst svarar hún hlæjandi: Ja, eru ekki einhverjar hnýsur fyrir norðan? Nei, án gríns stefni ég á Cayman Island í Karíbahafinu þar sem Dolphin Discovery, sem rekur skólann, er með starfsemi. Ég ætla að senda ferilskrá út og sjá hvað gerist,“ segir hún, bjartsýn á framhaldið. *roald@frettabladid.is*




zetor

Ný t

**Tæknimenntaskólinn**
- Almenn námsbraut
- Náttúrufræðistúdent - Flugtækni
- Náttúrufræðistúdent - Skipstækni
- Náttúrufræðistúdent - Raftækni
- Náttúrufræðistúdent - Véltækni
- Stúdentspróf af list- og starfsnámsbrautum
- Tæknistúdentspróf (frumgreinanám)

**Byggingatækniskólinn**
- Veggfóðrunar- og dúklagningabraut
- Tækniteiknun
- Múrsmíðabraut
- Málarabraut
- Húsgagnasmíðabraut
- Húsgagnabólstrun
- Húsasmíðabraut
- Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina



Flestir hafa of mikið að gera og kvarta undan tímaleysi.

# Betri tímastjórnun

**Þekkingarmiðlun býður upp á námskeiðið Betri tímastjórnun en þar verður meðal annars farið í forgangsröðun, skipulagningu og markmiðasetningu.**

Á heimasíðu Þekkingarmiðlunar segir að tíminn sé merkilegt fyrirbæri. „Við höfum öll jafn mikið af honum, 24 klukkustundir á sólarhring, 7 daga í viku – ekki minna og ekki meira.“ Við höfum samt öll of mikið að gera. Á heimasíðunni segir jafnframt að flestir kvarti undan tímaleysi. „Við virðumst aldrei hafa nógan tíma til að gera allt sem við ætlum okkur.“

Á námskeiðinu fá þátttakendur innsýn í hvernig þeir verja tíma sínum í dag og læra að forgangsraða verkefnum. Farið er í mikilvægi þess að skapa tíma fyrir mikilvægustu verkefnin með góðri skipulagningu og takast á við truflanir af ýmsum toga. Tekin eru fyrir atriði eins og algengir tímaþjófar, frestun, skipulagning og áætlanagerð, fundir og fundarstjórn, að segja nei, jákvætt hugarfar og sjálfsstjórn.

Námskeiðið hentar öllum þeim sem vilja læra aðferðir til að stjórna tíma sínum og sjálfum sér betur. Kennslan fer fram hinn 24. nóvember næstkomandi en nánari upplýsingar má finna á www.thekkingarmidlun.is

*- ve*





Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 10-16

LAURA ASHLEY

Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 5516646



ækifæri

**Raftækniskólinn**
- Grunnnám rafiðna
- Grunnnám rafiðna - hraðferð
- Kvikmyndasýningastjórnun
- Rafeindavirkjun
- Rafveituvirkjun
- Rafvélavirkjun
- Rafvirkjun
- Hljóðtækni

**Fjölmenningarskólinn**
- Sérdeildir
- Nýbúabraut

**Hársnyrtiskólinn**
- Hársnyrtiðn

**Upplýsingatækniskólinn**

Upplýsinga- og fjölmiðlabraut
- Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina
- Bókband
- Grafísk miðlun (prentsmíð)
- Kvikmyndagerð
- Ljósmyndun
- Prentun

Tölvubraut
- Forritun, nettækni, tölvutækni

Margmiðlunarskólinn

**Skipstjórnarskólinn**
- Skipstjórn A (< 24 metrar)
- Skipstjórn B (< 45 metrar)
- Skipstjórn C (Öll fiskiskip + 3000 BT)
- Skipstjórn D (Öll skip, alþjóðaréttindi)

**Véltækniskólinn**
- Vélstjórn A (VA og ≤750 kW)
- Vélstjórn B ( ≤1500 kW)
- Vélstjórn C ( ≤3000 kW)
- Vélstjórn D (Vélfræðingur)

**Hönnunar- og handverksskólinn**
- Grunnnám fataiðnbraut
- Fatatæknir
- Almenn hönnun
- Almenn hönnun – hraðbraut
- Fataiðnbraut - kjólasaumur
- Fataiðnbraut - klæðskurður
- Gull- og silfursmíði
- Handverkshönnun

**Endurmenntunarskólinn**
- Meistaraskólinn, dagskóli
- Meistaraskóli, kvöldskóli
- Framleiðslustjórnun
- Lýsingarfræði
- Mótun
- Rafeindavélfræði
- Diplóma nám í rekstri og stjórnun
- Hljóðtækni

**Innritun í dagskóla fyrir vorönn 2009 lýkur 21. nóvember.**

Innritun í kvöldskóla og fjarnám lýkur 30. desember. Allar nánari upplýsingar á **www.tskoli.is** og í síma **514 9000**.

Aðstoð við innritun verður frá kl. 12-16 dagana 20. og 21. nóvember (fimmtudag og föstudag) á Skólavörðuholti.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is



**FARSÍMAR** eru öryggistæki sem alltaf er gott að hafa á sér þegar farið er landshorna milli að vetrarlagi. Mikilvægt er að gæta þess að síminn sé fullhlaðinn áður en lagt er af stað í langferð.




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Allt á einum stað



VETRARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Stökktu til
Kanarí
26. nóv.
Frá kr. 99.990



*Frábær ferð - 24 nætur*
Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 26. nóvember í 24 nætur á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og fjórum dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað í rúmar 3 vikur á ótrúlegum kjörum.

Verð kr. 99.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / studíó / íbúð í 24 nætur. Stökktu tilboð 26. nóvember.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Aðeins mismunandi flatt

**Þegar sólarríkar utanlandsferðir og dýrar skíðaferðir verða að fjarlægri minningu frekar en veruleika er tími til kominn að njóta þess að búa á helstu náttúruperlu heimsins: Íslandi.**

Þótt svo veðrið bjóði ekki alltaf upp á þurran göngutúr, og oftast sé lítil hætta á sólsting, koma mörg hundruð manns til Íslands ár hvert til þess að njóta hinnar illræmdu veðráttu og því tími til kominn að við Íslendingar gerum það líka.

Með fjöll eins langt og augað eygir og aðgengilega þjóðgarða er ekki einungis auðvelt að komast út úr borginni í náttúruna, það er einnig hollt fyrir líkama og sál. Skaftafell, Þingvellir og Snæfellsjökull eru allt friðaðir þjóðgarðar sem gangandi fólki er heimil för um. Gönguleiðir um þjóðgarðana eru merktar og því auðvelt að fylgja hefðbundnum leiðum í faðmi fjölskyldu og vina. Fjöllin umhverfis Ísland eru einnig vinsæl meðal göngugarpa, og flest öllum mönnum fær. Eins og Tómas Guðmundsson orti: „því hversu mjög sem mönnum finnast/fjöllin há, ber hins að minnast,/sem vitur maður mælti forðum/og mótaði með þessum orðum,/að eiginlega er ekkert bratt,/aðeins mismunandi flatt.“

Góðir gönguskór eru með því allra mikilvægasta þegar kemur að því að leggja af stað í göngu. Mikilvægt er að skórnir haldi vel við fótinn, og betra er að þeir séu bæði léttir og þægilegir svo auðvelt sé að ganga á mismunandi jörð án þess að finna mikið fyrir því. Ekki skemmir fyrir ef skórinn er fallegur og hægt að nota hann bæði í göngutúra í náttúrunni og verslunartúra í miðborginni.

*agnesosk@frettabladid.is*



Cintamani-gönguskórnir fyrir konur eru tilvaldir fyrir íslenska náttúru enda er Cintamani gott og íslenskt merki. Sólar skónna eru útbúnir úr grænum demöntum sem eru unnir úr þúsund beittum smákornum og gera það að verkum að skórnir hafa óvenju gott grip. Skórnir fást í Útilífi og kosta 23.990 krónur.



Þessir fínu karlmannsskór eru útbúnir úr bæði goretex-efni og með vibram-sóla. Vibram-sólarnir eru ítölsk hönnun frá 1937 og eru þekktir fyrir góða endingu og frábært grip í fjallgöngum. Skórnir fást í Timberland í Kringlunni og kosta 19.990 krónur.



Fallegir og kvenlegir gönguskór sem hægt er að nota í bæði fjallgöngur og göngutúra innan borgarmarka. Skórnir eru úr goretex-efni sem bæði hendir frá sér vatni og hleypir lofti að fætinum til að minnka fótasvita. Skórnir eru mjög léttir og falleg hönnun skemmir ekki fyrir. Skórnir fást í Timberland í Kringlunni og kosta 17.990 krónur.



Barnagönguskórnir frá North Face eru bæði léttir og vatnsheldir sem hentar yngri kynslóðinni. Skórnir eru útbúnir hydro-seal sem gerir það að verkum að þó svo ekkert vatn komist inn þá helst jafnt hitastig í skónum og sviti sleppur út. North Face-skórnir fást í Útilífi og kosta 9.990 krónur.



Meindl er þýskt fyrirtæki sem hefur búið til skó frá árinu 1683. Meindl er þekkt fyrir endingargóða gönguskó og eru þeir úr goretex-efni sem gerir það að verkum að fæturnir fá að anda betur í skónum og svitna minna. Meindl-skórnir eru vatnsheldir sem hentar vel í íslenskri veðráttu. Skórnir fást í Útilífi og kosta 29.990 krónur.


;ALLT HEILSA
Alla fimmtudaga

Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar



Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF.

Jólatré til skreytinga fyrir fyrirtæki og stofnanir



Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár
Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is
Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta

# ;JÓLIN KOMA

**KANILL** minnir alltaf svolítið á jólin. Þegar líða fer að jólum er því tilvalið að koma nokkrum kanilstöngum fyrir á góðum stað svo ilmurinn af þeim berist um húsið og allir komist í jólaskap.



Heitt súkkulaði kallar á skemmtilegar minningar og veitir vellíðan.

## Ylur í kroppinn

**Nú er tími heitra og gómsætra drykkja sem gott er að ylja sér á kvölds og morgna.**

Heitt kakó, Swiss mokka, kaffi og te eiga svo sannarlega við á þessum árstíma, þegar húmar að og þörf er á að hita kropp og sinni. Fátt er huggulegra en að setjast niður í góðra vina hópi og gæða sér á gómsætum drykk með notalegu hjali. Við látum hér fylgja með eina góða uppskrift að hátíðarsúkkulaði frá Te & kaffi.

Hátíðarsúkkulaði
2 tsk. kanilsíróp
20 cl mjólk
60 g dökkt súkkulaði að eigin vali
Vanilla (ef þið viljið)
Þeyttur rjómi
Kirsuberjasíróp

Hitið mjólkina og súkkulaðið saman í potti. Gott er að hræra smá vanillu út í. Setjið kanilsíróp í botninn á bollanum og hellið súkkulaðinu yfir. Setjið rjómakúf ofan á og setjið smá kirsuberjasíróp yfir. Njótið! *- hs*

## Jólaföndur

**Tímabært er að huga að jólaskreytingum enda aðventan handan við hornið. Heimagerðar skreytingar eru jafnan augnayndi og vinnan við þær kjörin leið til að komast í jólaskapið.**

Fyrir þá handlögnu sem ætla sér að gera jólaskreytingarnar sjálfir eru möguleikarnir óteljandi. Gott gæti verið að fá hugmyndir og tilsögn í skreytingagerð en í kvöld og annað kvöld frá klukkan 20 til 22 stendur Blómaval í Skútuvogi fyrir kynningu á jólaskrauti.

Skreytingameistarar Blómavals taka á móti gestum og kynna það nýjasta í jólaskrauti og skreytingum. Réttu handbrögðin verða sýnd við kransa og skreytingagerð og ýmsar uppákomur og aðrar kynningar verða á staðnum.

Athugið að takmarkaður sætafjöldi er í húsinu en aðgangur er öllum ókeypis. Nánar á www.blomaval.is *- rat*



Allt það nýjasta í jólaskrauti verður kynnt í Blómavali í kvöld og annað kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA










## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

Óska eftir að kaupa DVD diska og vínil hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

### Hlaupabretti

Óska eftir að kaupa hlaupabretti í góðu standi. Uppl. í s. 696 1122.

## Hljóðfæri

Óska eftir að kaupa notað píanó fyrir byrjanda í tónlistarnámi. Uppl. í s. 896 6860 & halldor@korter.is

## Tölvur

### Er tölvan biluð?

Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

## Vélar og verkfæri

Til sölu nýleg 94 DW 743 Dewalt borðsög með afsogi, verð 120 þús. með vsk. uppl. í síma 5622960

## Til bygginga

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Ýmislegt

Til sölu 5000 dollarar - Tilboð óskast. S.896 6068.

Tilboð óskast í allt að 650,000. sek. Upplýsingar í s. 0046738469195 og tilboð sendist í : tilbod@madanislandshastar.se

### UPPSETNING Á JÓLASERÍUM

3 vandvirkir rafvirkjar geta bætt við sig verkefnum fyrir jólin. Eldriborgara afsláttur - Uppl. í s. 695 1314.

## Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Herbalife vöruúrval. Sérsniðnar næringarlausnir. dagamunur.is Ásta S. 891 8902. Visa/Euro. Póstsent

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Glæsilegt heilnudd. Uppl. í s. 662 0841.

### Bowen - dáleiðsla - heilun

www.lifoglikami.is - Brynjólfur Einarsson Bowen tæknir - S. 866 0007.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Whole body massage Telepone 846 4768.

### Exclusive tantra massage

For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

### Nudd - Japanska baðið

Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 662 3909.

## Námskeið



### Silfurskart - Mósaík námskeið

Silfurleir 25. nóv. kl. 18. Verð 9.000 Bolholti R. Mósaík lampagerð verð 12.000 Borgarnesi Skrán og uppl. Handverkshúsið Bolholti S. 555 1212.

## Ökukennsla

### www.aksturinn.is S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## Antík

Antík pianó til sölu. Glæsilegt píanó yfir 100 ára. Þarf að stilla, að öðru leyti í fullkomnu lagi. V. 400þ. S. 820 0554.

## Dýrahald

2 litlir Yorkshire Terriers hvolpar til sölu eru í HRFÍ. tilb. til afhendingar. S. 693 4194.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Glæsilegt orlofshús til leigu. Uppl. sumarbustadur.synthasite.com og s. 869 9964.

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. TILBOÐ leiga á dag 10þ. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 820 3640.

## Byssur




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

### 4ra herbergja íbúð til leigu

**Glæsileg nýinnréttuð 160fm, 4ra herbergja íbúð til leigu. Uppl. í síma 894 6188.**

### Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.

**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

### Til leigu / For rent

**Til leigu íbúðir og herbergi á besta stað í Reykjavík. For rent rooms and apartments. Good location.**
**Uppl. gefur Sverrir í s. 661 7000.**

### www.heimkynni.is

**Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**







Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

3-4 herb. íbúð til leigu í Seljahverfi. Laus 1. des. Uppl. í s. 820 0007.

### Miklabraut

Gott herb. til leigu V. 44 þ. með öllu. S. 860 0360.

Háteigsvegur 3 ja. herb.,100 fm íbúð til leigu. Upplýs. í s. 893 4860.

Til leigu 30 fm stúdíó í Dalshrauni. Verð 69 þús. og herbergi frá 25 þús. Uppl. í s. 770 5451 & 770 5500.

Til leigu íbúð í Arnarhrauni Hfj. Nýstandsett, sérinng. Mikil lofthæð, 85 fm. Hiti og rafmagn innifalið. Uppl. í s. 770 5451.

70fm íbúð til leigu í Hfj. 100þ. á mán. með rafm. og hita. Laus strax. Uppl. í s. 894 7700.

Nýuppgerð hæð til leigu í hlíðunum. S. 899 8436.

### 105 - Hlíðar

Til leigu stórt & rúmg. herb. á rólegum & góðum stað í hlíðunum. Sam.l. eldunaraðst., afnot af 2 baðher. annað m. sturtu & baði. Internet. Afnot af þvottav. Laust strax. S. 863 3328 & 846 0408.

Til leigu falleg 40fm íbúð á 1. hæð með sérinngangi á frábærum stað á Öldugötu, Rvk. Leiga 95 þús. Laus 1. des. Húsgögn geta fylgt. Áhugasamir hafið samband við Hannes í s. 699 5008.

2herb. í 101 52fm íbúð til leigu. 115þ. á mán. Laus strax. Uppl. í s. 770 7654.

Herbergi á 101 RVK innifalið: internet, þvottavél, þurrkari, WC, ekdhús, rafmagn og hiti, laus stax. Leiga samkomulag. S. 698 9608.

### Íbúð til leigu

Til leigu 2ja herbergja 60 fm íbúð á jarðhæð á eftirsóttum stað í Fossvoginum. Laus og tilbúin til afhendingar strax fyrir góðan leigjanda. kr 118 þ. Uppl. í s. 898 1276.

3ja herb. 85 fm. risíbúð í Miðtúni~~Falleg íbúð á góðum stað. Verð 100 þ~~Langtímaleiga.–30 fm íbúð á milli Laugav. og Hverfisg.~~ (Bakvið Verslunina 17).~~ ~~Sameig.~~þvottahús. Netteng. 60 þ kr. Uppl. í s. 899 7869.

Sjáland, Garðabær. Ný 4ja herb. íbúð til langtímaleigu. 150þ + h.s og r&h. Páll, s. 696 4464.

Laus strax Mjög góð 5 herb. íbúð í Kópavogi.190 fm með bílskúr 845 2149

Til leigu 80 m2 3. herb. íbúð í Hafnarf. náælgt Lækjaskóla og Leiks Hörðuvöllum. Sími 863 3110

110 fm 3ja herb íbúð. Á Kleppsvegi. Stutt í alla þjónsutu. Legist með eða án húsgagna. Uppl í s 697 3800 eða 692 4789.

Tvær 75.fm íbúðir nálægt H.Í og miðbæ til leigu, önnur 3herb. hinn 4herb. V. 140þ. á mán. m/rafm. og hita. S. 899 2230.

Björt og falleg 2-3 herb. 75 fm íbúð til leigu á Neshaga 107 Rvk. Leiga 110 þ.+h/r. Laus 1. des. Uppl. í síma 824 7105.

Leigusalar! Leiguþjónusta fyrir leigusala. Við sjáum um leiguna svo þú getir einbeitt þér að öðru. Sími 770 6090.

### Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

### Herbergi óskast !!

**Skilvís og reglusamur ungur maður óskar eftir að taka herbergi á leigu með sér inngangi. Æskileg staðsetning er svæði 109/110/111. Aðgangur að WC skilyrði. Traustar greiðslur. Upplýsingar gefur Haukur í. s. 661 4242.**

Óska eftir einbýli eða raðhúsi. Greiðslug. 160þ. lágmark 4ra herb. helst með húsg. S. 659 3543.

Kvk nemi óskar eftir íbúð í 104 eða 105. Skilvísar greiðslur, 50-60þ. S 899 9607.

Reglusöm fjölskylda óska eftir 4-5 herb. íb. í langt.leigu. Verðhugm. 120þ. Áhugasamir sendið póst á johann787@hotmail.com.

## Sumarbústaðir

Stórglæsilegt sumarhús til leigu. Allar upplýsingar á www.brekkuskogur.com

## Atvinnuhúsnæði

### Bolholt 4 til leigu !

170 fm verslunar eða skrifst.húsnæði á götuhæð. Hægt að skipta í tvennt, lausir veggir! Steinteppi á gólfi. Allt í góðu standi. Laus strax! S. 511 2900 / 893 8166 / 896 0747.

Til leigu mjög gott, vel staðsett, innkeyrslubil 120fm endabil á einni hæð í Dalshrauni í Hfj. Húsnæðið er tvískipt, WC, kaffistofa. Malbikuð lóð. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 898 3094 & 824 2488.

### Lagerhúsnæði 700 til 1500 fm óskast

Lagerhúsnæði 700 til 1500 fm með innkeyrsludyrum óskast til leigu í Reykjavík. Leigutími til lágmark 2 ára, er tilbúinn að gera langtímasamning ef verð og annað er hagkvæmt. Greiðslugeta fyrir þessa starfsemi er 300 kr á fermeter Sími 892 0808 eða e-mail oliver@midlarinn.is Miðlarinn ehf www.midlarinn.is

Við erum hljómsveit sem leitum af æfingarhúsnæði 30 fm eða minna. S. 846 0999.

Til leigu skrifst. herb. á góðum stað við Bæjarhraun Hfr. Uppl. í síma 696 5310.

Til leigu 150 og 250 m2 nýtt iðnaðarhús. Hurð 4,2x4,2. Stórt útisvæði. Passar f. trailer. Gott verð. Laust. S: 660-1060

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

## Geymsluhúsnæði




### www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

### geymslaeitt.is

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

### geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Til leigu 23 fm upph. bílsk. í 107 sem geymsla. Langt.leiga. Uppl. í s. 899 7422.

## Gisting

### Gisting í Kaupmannahöf

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

### Gista.is / S. 694 4314

2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Starfsmenn óskast í liðveislu og tilsjón.

**Starfsmenn óskast í hlutastörf í liðveislu og tilsjón á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Markmið liðveislu er að rjúfa félagslega einangrun og gefa einstaklingunum kost á að njóta menningar og félagslífs. Markmið tilsjónar er að veita fjölskyldum sem á þurfa að halda stuðning vegna uppeldis barna. Umsækjendur geta sótt um starfið á vef Reykjavíkurborgar.**
**Nánari upplýsingar veitir Olga Jónsdóttir verkefnisstjóri á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis í síma 411 1500 eða á netfangið olga.bjorg.jonsdottir@reykjavik.is.**

### Rúbín í Öskjuhlíð

**Veislusalurinn Rúbín í Öskjuhlíð óskar eftir þjónum og barþjónum í hlutastarf.**
**Upplýsingar veitir Kolbeinn í s. 617 1111.**

Netviðskiptaskóli Íslands

Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag.Lærðu nýja tekjuleið í dag! Farðu á www.netvidskipti.is

### Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.

**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.**
**Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

Vélavörð vantar á 29 tonna bát sem rær frá Vestfjörðum vélastærð 328 KW. Upplýsingar í síma 892 3877.

Hotel evening/weekend job With accommodation. Please send applications to smaar@frett.is marked „Hotel".

Leita að duglegum sölustjóra með mikla reynslu af uppbyggingu afreks söluteyma. Ferilskrá sendist á solustjori@gmail.com

Café Central Pósthússtræti 13 óskar eftir að ráða hugmyndaríkan,skipulagðan og hressan matreiðslumann eða vanan starfskraft í eldhús á kaffi-og veitingahús. Íslenskukunnátta skilyrði. Upp. gefur Jón í s. 690 1074.

### Rafvirkjar

Óska eftir rafvirkjum til starfa á skipum og í Olíuiðnaði í Noregi. Góð laun í boði. Umsóknir sendist ásamt ferilskrá (CV) á norsku/dönsku/ensku auk staðfestingar á sveinsprófi á tölvupóstfang gudjon@elviraas.no

### HENDUR.IS

Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

### HENDUR.IS

Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

### Hlutabréf í Glitni

Óska eftir samband við þá aðila sem keyptu hlutabréf í Glitni í byrjun okt. á meðan ríkið taldist eiga 75%. Er með lögmann til að skoða réttarstöðu okkar. Hafið samband á rikisbanki@gmail.com eða sendið uppl. í afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, merkt „75% ríkisbanki".

## Einkamál

### Ungur og heitur

maður vill nauðsynlega kynnast karlmanni. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8589.

### Kona vill kynnast

einhleypum karlmanni á aldrinum 54-65 ára með náin kynni í huga. Auglýsing hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8838.

## Fasteignir

# Naustabryggja

## – Glæsileg eign



Valhöll fasteignasala kynnir gullfallega 3ja herb. 95,1 fm íbúð ásamt stæði í bílageymslu, á frábærum stað við sjóinn, í bryggjuhverfinu við Grafarvog. Íbúðin er mjög vönduð með fallegum gólfefnum og hvítum innréttingum. Þvottarhús og búr inn af eldhúsi. Tvö rúmgóð herbergi. Geymsla innan íbúðar. Íbúðinn er í alla staði mjög glæsileg og mikið í hana lagt. Útsýnið og nálægðin við sjóinn er með því besta sem gerist.

**Skipti möguleg á ódýrari.**
**Verð 33,9milj.**

**Allar frekari uppl. Veitir Heiðar Friðjónsson í s:693-3356**

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## Þjónusta






skipti bankanna hefðu hrunið hefði erlendum viðskiptaaðilum bankanna orðið þetta ljóst og spurði enn fremur: „Hvaða heljartök hafði viðkomandi á bönkunum og öllu kerfinu?“ Hver er þetta svo? Um það sagði Davíð fátt, en sagði þetta: „Það er meginkrafa að það sé upplýst hver hin raunverulega staða bankanna var.“

**SEÐLABANKINN GAT VÍST**

„Á heildina litið er niðurstaða Seðlabankans enn sú að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust. Íslenska bankakerfið uppfyllir kröfur sem gerðar eru til þess og stenst álagspróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa gert,“ segir í Fjármálastöðugleika bankans frá í maí.

„Það hlýtur að hafa verið gróft brot á starfsskyldum Seðlabankans að gefa út slík heilbrigðisvottorð fyrir bankakerfið opinberlega ef æðstu stjórnendur Seðlabankans töldu á sama tíma að kerfið stæði á brauðfótum,“ segir Gylfi Magnússon, dósent.

Jón Daníelsson, hagfræðingur við London School of Economics, bendir á að Seðlabankinn beri ábyrgð á fjármálastöðugleika. „Er ekki eini aðilinn sem hann þarf að vara við hann sjálfur?“

**TÆKJASKORTUR?**

Yngvi Örn Kristinsson, forstöðumaður í Landsbanka, tekur undir að Seðlabankinn hafi varað við. Hann hefði þó ekki verið einn í því, því bæði greiningardeildir, innlendir og erlendir hagfræðingar hefðu gert það líka. „Það sem er umdeilanlegt er að Seðlabankinn beitti ekki þeim stjórntækjum sem hann hefur til að stöðva snjóboltann áður en hann fór yfir okkur. Þau stjórntæki eru auk stýrivaxtanna, bindiskylda, sem hemur útlánsvöxt. Þá hefur Seðlabankinn heimild til að setja bönkunum lausafjárreglur. Þær hafa raunar verið endurskoðaðar, en það hefur bankinn ekki gert í langan tíma. Þær reglur hefðu til dæmis getað torveldað bönkunum að draga inn erlent lánsfé, því það hefði mátt setja sérstakar reglur um erlenda lausafjárstöðu og þvinga bankana til að eiga meira lausafé, taka meiri hluta af því sem þeir tóku að láni erlendis og setja í lausafé. Beiting þessara reglna hefði getað stöðvað eða hægt á vexti bankakerfisins, eða komið honum í það horf sem hefði verið viðráðanlegur fyrir þjóðarbúið,“ segir Yngvi Örn í samtali við Markaðinn.

**ÁBYRGÐIN Á ICESAVE**

Jón Steinsson hagfræðingur nefnir einnig bindiskyldu. „Það er lítilmannlegt af Davíð að reyna að hvítþvo sig og Seðlabankann af ábyrgð í þessu máli.“ Bankinn hefði getað heft vöxt fjármálakerfisins. „Sérstaklega hefði Seðlabankinn átt að nota bindiskyldu til að auka kostnað Landsbankans af því að vera með Icesave-reikninga sína í útibúum og því á ábyrgð íslenskra skattgreiðenda. Hefði Seðlabankinn gert þetta hefði hann getað ýtt Landsbankanum í það að setja Icesave í dótturfélag. Það voru stórkostleg afglöp hjá Seðlabankanum að gera þetta ekki. Við Íslendingar súpum nú seyðið af þessu svo um munar.“

Gylfi Magnússon bætir við um bindiskylduna. „Þessu tæki var alls ekki beitt, erlend útibú voru sérstaklega undanþegin bindiskyldu.“ Hann segir að rétt sé að Seðlabankinn hafi haft áhyggjur og deilt þeim með ríkisstjórninni. Það sé hins vegar ekki nóg.

**ÁKÆRA Á HENDUR RÍKISSTJÓRN**

Ólafur Ísleifsson, kennari við Háskólann í Reykjavík og bankaráðsmaður í Nýja Glitni, segir yfirlýsingar um að Seðlabankinn hafi varað við þróun sem síðar varð, vekja alvarlegar spurningar um af hverju bankinn brást ekki við með öðrum hætti. „Af hverju beitti hann sér ekki fyrir samræmdum aðgerðum og stóreflingu gjaldeyrisforðans til að afstýra efnahagslegu stórslysi sem varð með falli bankanna?“

Upplýsingar frá viðskiptabönkunum um brotalamir í samskiptum við Seðlabankann veki athygli í þessu ljósi. „Bankinn vísar frá ábyrgð á eftirliti, meira að segja eftirliti og reglum um lausafjárstöðu þeirra sem þó fellur ótvírætt undir verksvið bankans og reyndist á endanum akkilesarhæll þeirra. Ummæli af hálfu bankastjórnarinnar sýnist verða að túlka sem ákæru á hendur ríkisstjórninni um aðgerðarleysi þrátt fyrir viðvaranir bankans. Svo virðist sem bankastjórnin geri ekki ráð fyrir að báðir aðilar haldi áfram störfum að óbreyttu.“

## Margt sagt

*„Það er látið nægja að segja að endurskoða beri peningamálastefnuna. Það er mátulega þokukennd yfirlýsing til að hún fari vel í munni þeirra sem ekki vita nákvæmlega um hvað þeir eru að tala.“* – Davíð Oddsson, 18. nóvember 2008

*„Það dylst engum að umræða um stefnu Seðlabankans í peningamálum og einstakar vaxtaákvarðanir hefur orðið háværari og gagnrýnni eftir því sem stýrivextirnir hafa hækkað og hávaxtatímabilið lengst. … Í öllum þróuðum löndum fara fram fræðilegar og gagnrýnar umræður um mál af þessu tagi. Skilgreining og framkvæmd peningamálastefnu verður aldrei meitluð í stein heldur hlýtur hún að þróast eftir því sem reynslu, rannsóknum og þekkingu vindur fram. Þetta gildir bæði um lagaumgjörðina og útfærsluna.“*
– Geir H. Haarde forsætisráðherra, 28. mars 2008

*„Endurskoðun peningamálastefnunnar er eitt stærsta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir og við ætlum að gera það sem fyrst. Um það er enginn ágreiningur.“* – Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, 1. nóvember 2008

*„Ég tel að það verði að móta til lengri tíma stefnu í gengismálum og stjórn peningamála. Það eru sterkar vísbendingar um að núverandi fyrirkomulag sé ekki það ákjósanlegasta og ég tel að fara þurfi fram ítarleg og vönduð úttekt á framtíðarfyrirkomulagi peningamála við fyrsta tækifæri.“*
– Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 3. september 2008.





Meistaranám í stað- og fjarnámi

Nú er rétti tíminn til að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Háskólinn á Bifröst býður upp á spennandi meistaranám í stað- og fjarnámi. Námið hefst í janúar og rennur umsóknarfrestur út þann 10.desember. Bifröst er eina háskólaþorp landsins („campus“) og býður upp á notalegt og fjölskylduvænt umhverfi og virk tengsl nemenda við erlenda háskóla og við atvinnulíf, enda felst stór þáttur námsins í raunverulegum og hagnýtum verkefnum. Metnaður skólans hefur ætíð verið að útskrifa afburðafólk sem tekur sér forystu í samfélaginu og hafa nemendur frá Bifröst verið eftirsóttir starfskraftar.

Kynntu þér starfsemi Háskólans á Bifröst nánar á bifrost.is, sendu fyrirspurn á netfangið bifrost@ bifrost.is, sláðu á þráðinn í síma 433 3000 eða kíktu í heimsókn!

STAÐNÁM:
MS International Business Management of Global Marketing and Innovation
MA í Evrópufræðum
MA í menningarstjórnun
ML í lögfræði

FJARNÁM:
MA í skattarétti
MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SÍA / NM35823

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Til að tryggja fjármálastöðugleika duga ekki varnaðarorð á lokuðum fundum, eða á milli lína í skýrslum.

# Traust þarf að ríkja á stjórn efnahagsmála

**Óli Kristján Ármannsson**

Hér á landi sáðu stjórnvöld til útrásar og uppbyggingar atvinnugreinar á alþjóðavísu í fjármálageira. Hér var stefnt að því að koma upp alþjóðlegri fjármálamiðstöð og fagnað var þróttmiklum vexti bankanna og skatttekjunum sem starfsemi fjármálageirans færði þjóðarbúinu. Núna standa eftir rústirnar einar af þessari uppbyggingu.

Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, fór yfir uppskeru októbermánaðar í ávarpi sínu á þingi Viðskiptaráðs Íslands í gærmorgun. Hann sagði uppskeruna hafa verið ömurlega, myglaða og úr sér gengna en þó „að mestu eins og sáð hafði verið til“ og kvað Seðlabankann hafa haft uppi margvísleg varnaðarorð um þróun mála síðustu mánuði. Á máli hans mátti skilja að ábyrgðin á þróun mála lægi alls staðar annars staðar en hjá Seðlabanka Íslands. Meira að segja fjölmiðlar brugðust hlutverki sínu í að láta hjá líða að lesa rétt á milli lína í skýrslu Seðlabankans um fjármálastöðugleika sem birt var í maí. Þar var því hins vegar haldið fram að þrátt fyrir þrengingar væri fjármálakerfið enn í meginatriðum traust, að Seðlabanki Íslands setti lausafjárreglur og hefði eftirlit með lausafjárstöðu innlánsstofnana og að innstæða væri næg á afskriftareikningum bankanna.

Hafi Seðlabankinn í raun séð fyrir hættuna á falli bankakerfisins þá lét hann hjá líða að grípa til aðgerða. Hér var hvorki byggður upp gjaldeyrisvaraforði af þeirri stærð að gæti orðið bönkunum bakland, né heldur bönkunum settar skorður með aukinni bindiskyldu. Og þótt forsvarsmenn Seðlabankans kunni að hafa haft uppi almenn varnaðarorð á tímum sem öllum mátti í byrjun þessa árs vera ljóst að voru viðsjárverðir, þá virðist hafa skort á að bent væri á leiðir til úrlausnar þar sem tryggður væri fjármálastöðugleiki í landinu.

Eftir stendur að Seðlabanki Íslands er rúinn trausti. Þá er ekki að undra að spjótin beinist að formanni bankastjórnarinnar, enda birtist hann ekki í hlutverki seðlabankastjóra upp úr einhverju tómarúmi, heldur sem stjórnmálaleiðtogi og einn af höfundum þeirrar þjóðfélagsskipanar sem fólk býr nú við.

Jón Steinsson, hagfræðingur og lektor við Columbia-háskóla, er meðal þeirra sem bent hafa á mistök Seðlabankans í efnahagskreppunni og er talsmaður þess að skipt verði um stjórn bankans. Í viðtali við Fréttablaðið í byrjun vikunnar bendir hann á Má Guðmundsson, fyrrum aðalhagfræðing Seðlabankans, sem nú starfar hjá Alþjóðabankanum, sem vænlegasta kostinn í stól seðlabankastjóra. Fleiri kostir eru í stöðunni. Einnig hefur verið hreyft við þeirri hugmynd að ráða hingað hagfræðinginn Frederic Mishkin, sem þaulkunnugur er íslensku efnahagslífi eftir að hafa árið 2006 ritað með Tryggva Þór Herbertssyni skýrslu um íslensk efnahagsmál. Hann lét í fyrravor af störfum sem einn bankastjóra seðlabanka Bandaríkjanna og kann að vera á lausu. Aðkoma slíks manns kynni að vera happadrjúg, enda nýtur hann trausts af sínum fyrri störfum og ber ekki með sér bagga fortíðar úr íslensku stjórnmálalífi. Mishkin verður að minnsta kosti ekki „sakaður um“ að hafa verið í Alþýðubandalaginu.

Hér verður að koma á trúverðugri stjórn þar sem framtíðarsýn er skýr. Kjörnir fulltrúar sitja eðli málsins samkvæmt líkast til flestir fram að kosningum, en þeim verður að flýta sem kostur er. Embættismönnum er hægt að skipta út fyrr. Með núverandi stjórn er Seðlabankinn ótrúverðugur og þá um leið fjármálakerfi landsins. Þetta ástand grefur svo aftur undan viðleitni til að gera krónuna að nothæfum gjaldmiðli á ný. Vantraust á stjórn efnahagsmála endurspeglast í vantrausti á gjaldmiðilinn.

bjorn.ingi@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | msh@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

# Hagvöxtur og hamingja

ORÐ Í BELG



**Þóra Helgadóttir**
hagfræðingur.

Vísindamenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að hávaxið fólk sé að jafnaði með hærri laun en aðrir og að ljóshært kvenfólk standi verr að vígi en dökkhært. Þeir sem eru örvhentir hafa að jafnaði 15 prósenta hærri laun en rétthentir kollegar þeirra og myndarlegir menn eru jafnan tekjuhærri. Að sjálfsögðu skipta menntun og reynsla höfuðmáli en útlit virðist hafa sitt að segja. En hvaða einkenni skipta máli þegar kemur að auði þjóða?

Í viðamikilli rannsókn á hagþróun landa innan OECD, frá 2003, kom í ljós að fjárfesting, hvort sem hún er í fjármagni, mannauði eða rannsóknum og þróunarstarfsemi, skiptir lykilmáli til að tryggja umhverfi til vaxtar. Virk samkeppni á mörkuðum með vöru-, þjónustu og vinnuafl, sem og sveigjanleiki þeirra hefur jákvæð áhrif. Stærð hins opinbera dregur fremur úr hagvexti en sterkur fjármálamarkaður er talinn jákvætt merki. Fyrst og fremst er það þó stöðugleiki í hagkerfinu og sterkar stofnanir sem eru nauðsynleg skilyrði til vaxtar. Brýnt er að tryggja stöðugt verðlag og koma í veg fyrir óþægilegar sveiflur í hagstærðum.

**ÍSLANDSFORMÚLAN**

Árið 2007 var Ísland sjötta ríkasta land í heimi og var í efsta sæti hvað varðar lífsgæði þjóða að mati Sameinuðu þjóðanna. Þrjátíu árum áður voru Íslendingar aðeins í 30. sæti hvað varðar ríkidæmi og því virtist sem Íslendingar fremur en aðrar þjóðir væru búnar að skapa kjöraðstæður til vaxtar í átt að auknum lífsgæðum. Samkvæmt flestum mælikvörðum var hvergi betra að búa en á Íslandi árið 2007. Aðeins ári síðar standa Íslendingar höllum fæti og útlit fyrir að þjóðin hrapi niður lista ríkustu þjóða heims.

Við slíkar aðstæður er ekki úr vegi að spyrja hvað fór úrskeiðis. Á síðustu árum hefur menntunarstig þjóðarinnar stóraukist og nú er svo komið að Ísland er í öðru sæti meðal landa OECD hvað varðar útskriftarhlutfall úr fræðilegu háskólanámi. Fjárfesting í rannsóknar- og þróunarstarfsemi hefur líka tekið stökk og er nú með því mesta sem gerist innan OECD. Frelsi í viðskiptum hefur aukist til muna en árið 1980 var Ísland álíka samkeppnishæft og Kenía* en er nú talið eitt samkeppnishæfasta ríki í heimi í viðskiptum. Sveigjanleiki vinnumarkaðarins hefur aldrei verið meiri og virk samkeppni er á flestum sviðum viðskipta. Það var því líklega ekki fjárfestingin, samkeppnin eða sveigjanleikinn sem klikkaði. Líklega var það stöðugleikinn og gæði stofnana.

**ÞVÍ MIÐUR**

Því miður tókst ekki að draga úr sveiflum í gengi krónunnar og halda verðlagi og vaxtastigi stöðugu. Því miður voru stofnanir landsins ekki í stakk búnar til að takast á við það umhverfi sem skapaðist þegar hagkerfið var opnað og fór fyrir alvöru að eiga frjáls viðskipti við umheiminn. Því miður tókst ekki að takast á við vandamál á skilvirkan hátt og því miður virðast Íslendingar ekki hafa kúplað sig út úr pólitískum ráðningum embættismanna. Því miður vantaði samstarf milli peningamála- og fjármálastefnu í landinu. Því miður töldu ráðamenn því að við gætum lifað við minnsta gjaldmiðil í heimi og hundsuðu kröfur atvinnulífsins. Því miður náðu stofnanir þjóðarinnar ekki að fylgja eftir nútímavæðingu atvinnulífsins.

Oft er þörf en nú er nauðsyn að skapa umhverfi þar sem þjóðin getur haft ábata af fjárfestingum síðustu áratuga. Ísland ætti að geta skarað fram úr með sterkan mannauð að baki, góða rannsóknar- og þróunarstarfsemi, sveigjanlega og samkeppnishæfa markaði að ógleymdum auðlindum landsins. Númer eitt, tvö og þrjú er að tryggja stöðugleika í gjaldeyrismálum, styrkja stofnanir landsins og endurbyggja trúverðugleika ráðamanna og þar af leiðandi Íslands á erlendri grundu. Það verður að tryggja leikreglur og umhverfi sem leyfa þessum fjárfestingum að blómstra

**ER AUÐUR SAMA OG LÍFSGÆÐI?**

Það eru ekki allir á einu máli um það að hagvöxtur og þar af leiðandi há landsframleiðsla á mann séu mælikvarðar sem beri að einblína á. Þess ber að geta að greinarhöfundur er langt frá því sannfærður um að auði fylgi ávallt hamingja. Niðurstöður nýlegrar rannsóknar frá Whartonháskóla í Bandaríkjunum gefa hins vegar til kynna mjög sterkt samband milli landsframleiðslu á mann og hamingju. Þjóðir með hærri landsframleiðslu á mann virðast almennt vera hamingjusamari.

Þegar öllu er á botninn hvolft eru ríkari þjóðir betur í stakk búnar til að tryggja þegnum sínum aðgengi að þáttum eins og heilbrigðisþjónustu, menntun og barnagæslu. Efnaðri þjóðir eiga einnig auðveldara með að takast á við vandamál líkt og fátækt og ójöfnuð. Hér á málshátturinn „Auðurinn er afl þeirra hluta sem gera skal“ ef til vill við.

**Samkvæmt mælingum Fraser Institute*



**Í KÍNA** Óvíða í heiminum er hagvöxtur meiri en í Kína. Greinarhöfundur efast um að beint samband sé milli auðlegðar og hamingju en bendir á rannsóknir sem sýna að þjóðir með hærri landsframleiðslu á mann virðist almennt hamingjusamari. MARKAÐURINN/GVA

ORÐSKÝRINGIN

# Varin staða

Fjármálahugtakið „varin staða“ nefnist á ensku „hedge position“ en með varinni stöðu er brugðist við áhættu sem til staðar er í viðskiptum.

„Við kaup á hlutabréfum er áhættan til dæmis að gengið færist í óhagstæða átt og við gjaldeyriskaup er áhættan til dæmis að gengi gjaldmiðilsins breytist verulega frá þeim tíma sem viðkomandi skuldbindur sig í erlendri mynt og þangað til hann kaupir myntina,“ segir á vef MP Banka í umfjöllun um fjármálahugtök.



„Algengt er að nefna dæmi um kaupmann sem flytur inn vörur frá útlöndum. Hann finnur vöru erlendis sem á að kosta ákveðið marga Bandaríkjadali. Kaupmaðurinn reiknar hversu mikið það sé í krónum og pantar vöruna og á að greiða vöruna eftir tvo mánuði þegar varan kemur til landsins. Ef hann vill verja sig fyrir gengissveiflum kaupir hann dalina strax á því gengi sem hann reiknaði með þegar hann pantaði og ekkert varðandi gengi mun því koma honum á óvart. Ef hann hins vegar ver sig ekki gæti hann lent í því að eftir tvo mánuði hafi dalurinn hækkað verulega gagnvart krónu og varan sem hann pantaði orðin mun dýrari en upphaflega stóð til,“ segir þar jafnframt, en líkast til eru þeir ófáir sem þekkja nú á eigin skinni áhættuna sem falin er í gengissveiflum gjaldmiðla.




ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Magnús Sveinn Helgason, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Þriðju stoðinni slegið upp á ný

ORÐ Í BELG

Hinrik Fjeldsted
viðskiptafræðingur og Msc í stjórnun og stefnumótun.



Undanfarið hefur borið á umræðu um sprotafyrirtæki og mikilvægi þess að styrkja atvinnulífið. Í þeim efnum er vert að koma á framfæri nokkrum þáttum um hugbúnaðariðnaðinn.

Hugbúnaðariðnaðurinn hefur vaxið hratt undanfarin ár og hefur án efa ekki fengið þá athygli sem hann á skilið. Samtök upplýsingatæknifyrirtækja afhentu á Iðnþingi í mars 2005 stjórnvöldum tilboð sem þeir kölluðu þriðju stoðina og átti að skapa hér 2.000 ný störf. Áhugaleysi stjórnvalda vakti hins vegar furðu. Hefði tilboðinu verið tekið hefði ávinningur stjórnvalda verið verulegur. Vert er hins vegar að skoða hvernig til hefur tekist þrátt fyrir skort á stuðningi.

### HUGBÚNAÐARIÐNAÐURINN

Þegar iðnaðurinn er skoðaður nánar kemur í ljós að hann hefur vaxið töluvert á undanförnum árum. Veltan hefur vaxið verulega eða frá 7,4 milljörðum árið 1998 upp í 33,6 milljarða árið 2006. Fleiri fyrirtæki eru nú í þessum iðnaði og munar þar mikið um að nokkur fyrirtæki eru orðin mjög stór og stöndug. Ef við greinum þessa veltuaukningu nánar þá hefur hún tuttugufaldast að raungildi síðastliðin 16 ár. Til samanburðar þá tvöfaldaðist velta annarra atvinnugreina að raungildi.

En útflutningur hefur líka vaxið á sama tímabili úr 31 milljón árið 1990 upp í 6,2 milljarða árið 2006.

Í viðtali við Hilmar Veigar Pétursson forstjóra CCP í Markaðnum í fyrra, nefndi hann að stjórnvöld ættu að geta komið til móts við hugbúnaðarfyrirtæki alveg eins og kvikmyndaiðnaðinn. Nefndi hann þá lægri skatta og endurgreiðslu sem kvikmyndaleikstjórinn Clint Eastwood fékk þegar hann var hér á landi með tökulið sitt.

CCP er eitt af mörgum fyrirtækjum í þessum iðnaði sem hafa vaxið og styrkst. Árið 2004 var CCP með 15 prósent af heildarútflutningi hugbúnaðar en árið 2006 var hlutfallið 29 prósent. Hjá þessu eina fyrirtæki hefur starfsmannafjöldi farið úr 30 í 283 á fáum árum.

Þá hefur nokkrum fyrirtækjum tekist að taka það sem þau hafa verið að vinna fyrir ákveðnar iðngreinar og heimfært það yfir á stærri markaði með góðum árangri.

### SAMKEPPNIN

Samkeppnisumhverfið á Íslandi er ágætt fyrir þessi fyrirtæki. En það eru helst ákveðnir skattalegir þættir sem þarf að breyta og auka rannsóknarfjármagn. Almennur stuðningur við atvinnugreinina er lítill sem enginn í dag. Þó hafa verið þættir sem hafa gagnast iðnaðinum að mati viðmælenda sem ég ræddi við sem tengjast iðnaðinum. Þeir nefna til dæmis útboðstefnu ríkisins. Hún hafi verið ágæt fyrir stærri fyrirtæki en skiptir minna máli fyrir smærri fyrirtæki.

Samtök iðnaðarins hafa unnið gott starf fyrir iðnaðinn og svo skilaði hlutur Rannís í átaki fyrir nokkrum árum sér vel. Almennt er velvild í garð iðnaðarins en það vantar að bæta umhverfið eins og lagt var til í þriðju stoðinni. Mikið vantar upp á að íslenskur hugbúnaðariðnaður nái Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi hvað varðar samkeppnishæfni, hvort sem litið er til hlutfalls af heildarútflutningi eða af vergri þjóðarframleiðslu.

Ef vægi hátækni í útflutningi er skoðað, þá kemur fram að Ísland er með í kringum 7,0 prósent á móti yfir 20 prósentum hjá bæði Svíþjóð og Finnlandi (Iðntæknistofnun, 2006). Þá kom fram í skýrslu Rannís árið 2005 að hátækniiðnaður fær mun meiri styrki og fyrirgreiðslur frá stjórnvöldum þessara landa. Enda hafa stjórnmálamenn í þessum löndum séð það fyrir löngu að þeim fjármunum er vel varið, því vöxtur iðnaðarins undanfarin ár í þessum löndum hefur skilað sér margfalt til baka.

### HLUTVERK STJÓRNVALDA

Ríkisstjórnin þarf að jafna aðstöðu og þá þætti sem snúa að þessum rekstri upplýsingatækni. Vinnumarkaðurinn hér á landi er frekar grunnur og það þarf meira af menntuðu fólki í þessum fræðum. Erfitt er að sjá hér í framtíðinni fyrirtæki með tvö til þrjú þúsund manns í vinnu. Slíkur vöxtur þarf að fara fram utan Íslands miðað við núverandi aðstæður. Skattamál og aukning á rannsóknarstyrkjum og líka hvernig fyrirtæki geta fært rannsóknarkostnað, til dæmis með lækkun á tekjuskatti á móti þeirri rannsóknarvinnu, eru nokkur af þeim atriðum sem þarf að vinna betur að. Hér er verið tala um skattalega þætti, sem snúa að endurgreiðslu og frádrætti á rannsóknarstyrkjum. Slíkar breytingar á skattumhverfinu er nauðsynlegur liður í að jafna aðstöðu upplýsingatæknifyrirtækja hér og í nágrannalöndunum.

Það sem stjórnvöld þurfa að gera er að styðja við þær iðngreinar sem geta skapað þjóðarbúinu auknar tekjur í framtíðinni. Það eru eflaust aðrar iðngreinar sem hafa mikla möguleika eins og hugbúnaðariðnaðurinn, sem enn á eftir að fjalla um. En þetta snýst um stefnubreytingu og að hugsa hlutina ekki eingöngu út frá því hvað er að gefa þjóðarbúinu miklar tekjur í dag, heldur hvað iðngreinar geta gefið þjóðarbúinu auknar tekjur í framtíðinni. Nú þurfa stjórnvöld að hugsa lengra ein eitt kjörtímabil fram í tímann.

*Nýleg meistararitgerð greinarhöfundar fjallar um samkeppnishæfni og markaðshneigð íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja.*



MARKAÐURINN
**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**87,5** prósent af kvótanum sem upphaflega var úthlutað árið 1984 hefur skipt um hendur og verið keyptur af útgerðum sem nú eru starfandi, samkvæmt könnun LÍÚ.

**0,2** prósent mældist lækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu milli mánaða í október, samkvæmt upplýsingum Fasteignamats ríkisins.

**5** milljarðar Bandaríkjadala er sú upphæð sem áætlað er að Íslandi standi til boða að láni fyrir tilstilli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Áður var gert ráð fyrir sex milljörðum.

BANKAHÓLFIÐ

## Í vist hins opinbera

Eins og fram hefur komið hefur sænska ríkið tekið yfir fjárfestingarbankann Carnegie, sem að hluta var í eigu Íslendinga. Mikael Ericson, sem settist í forstjórastólinn í sumar, var sæmilega sáttur þrátt fyrir allt þegar Markaðurinn heyrði í honum, enda kominn í faðm sænska ríkisins. Óvíst er þó hvort honum líki vistin. Eins og fram kom í löngu viðtali við hann í Markaðnum í sumar hóf hann ferilinn í sænska fjármálaráðuneytinu fyrir tuttugu árum. Þar var hann einungis í eitt ár áður en hann hvarf á brott í einkageirann. Starfsmenn íslensku bankanna eru sumir hverjir í svipuðum sporum. Höfu ferilinn hjá hinu opinbera, hurfu á braut inn í einkageirann en hafa nú snúið aftur í hlýju hins opinbera, reyndar nauðugir.



## Orðspor í hættu

Vart hefur orðið við áhyggjur starfsfólks gamla Landsbankans (nú hjá NBI) af orðspori Icesave-reikninganna. Markaðurinn veit til þessað hringt hafi verið í blaðamenn á einstökum fjölmiðlum og þess óskað að hætt verði að nota orðið Icesave í fréttum af milliríkjadeilu Íslands og Evrópusambandsins. Það sé ekki sanngjarnt og enn fremur að þeir „leiðrétti“ viðmælendur sína, slysist þeir til að nefna hina alræmdu innlánsreikninga.

Ráðamenn og aðrir sem hafa tjáð sig um þessa hluti nota næstum undantekningarlaust orð eins og Icesave-deilan, Icesave-málið og fleira í þessum dúr. Því mun sú hugmynd hafa kviknað hjá Landsbankafólki að ræða beint við forystumenn stjórnvalda með hinum sömu óskum.

## Nördastuð í kreppu

Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri leikjafyrirtækisins CCP sem á og rekur netleikinn Eve Online, sló í gegn á fjöldafundi um tækifærin í hátækni- og sprotageiranum á föstudag. Hilmar sagði fyrirtækið þekkja vel til kreppu. CCP hafi komist á koppinn þegar netbólan sprakk um síðustu aldamót og mestallt fjármagn gufað upp í ein fjögur ár. Á sama tíma hafi fjöldi manns unnið að þróun leiksins, sumir án þess að fá greitt fyrir. Margir hafi gripið í aukastörf til að eiga fyrir salti í grautinn. Þetta varð hins vegar ekki til þess að draga kjarkinn úr mönnum. Þvert á móti. „Það hefur sjaldan verið jafn gaman,“ sagði Hilmar. Hver segir svo að það þurfi að vera leiðinlegt í kreppu?








# Dagur eftir þennan dag

**UMRÆÐAN**

Ellert B. Schram skrifar um íslenskt samfélag



ELLERT B. SCHRAM

Á laugardaginn sótti ég fund í Iðnó um framtíðina og labbaði út á Austurvöll þar á eftir til að skynja mótmælin og hug hins almenna borgara. Enda þótt ég sitji á þingi, deili ég áhyggjum og kvíða með öllu því fólki, sem vill fá svör og viðbrögð gagnvart því sem við blasir. Að því leyti erum við öll á sama báti og það eykur á óvissuna að heyra og lesa látlaust neikvæðar fréttir og frásagnir af erfiðleikum og áföllum.

Stjórnvöldum og alþingi til málsbóta og afsökunar má segja, að biðstaðan og óvissan hefur undanfarnar vikur stafað af þeim drætti sem orðið hefur á aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Áætlunin sem að baki því samstarfi felst hefur ekki mátt koma fram og gert ríkisstjórninni erfitt fyrir að taka af skarið. Nú er þeirri óvissubið vonandi lokið. Nú er hægt að leggja spilin á borðið. Icesave-málið var óhjákvæmilegt að leysa, enda hefði að öðrum kosti blasað við að Íslendingar einangruðust, lokað yrði á líflínur og lánalínur og þjóðin hyrfi aftur til lífskjara, sem líkja mætti við móðuharðindin. Við hefðum getað gleymt aðild að Evrópusambandinu og raunar öllum alþjóðlegum samskiptum. Flóknara var það dæmi ekki.

Nú er lán frá IMF og öðrum í sjónmáli. Það er fyrsta skrefið. Næsta skref er að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru. Sjálfstæðisflokkurinn hefur loksins opnað á þá leið og hefur flýtt landsfundi sínum til að taka þá ákvörðun. Ef það fer ekki eftir getur Sjálfstæðisflokkurinn átt sig. Þá dæmir hann sig úr leik.

Raunar held ég að niðurstaða sjálfstæðismanna sé sjálfskrifuð. Þeir munu mæla með aðildarumsókn að ESB og einmitt með vísan til þeirrar forskriftar sem nú þegar liggur fyrir af þeirra hálfu, teldi ég vel samræmanlegt og eðlilegt að strax á morgun snúi íslensk stjórnvöld sér til Evrópusambandsins og hefji alvöruviðræður um þá skilmála og kosti sem í boði eru fyrir Ísland, ef og þegar til aðildar kemur. Það mun hjálpa Sjálfstæðisflokknum til að taka afstöðu og flýta sömuleiðis fyrir þeirri óhjákvæmilegu niðurstöðu að Íslendingar og Sjálfstæðisflokkurinn geti gert upp hug sinn. Viðræður við ESB strax nú fyrir áramótin munu flýta öllu ferlinu.

Það flýtir enn fremur fyrir kosningum, bæði að því er varðar stjórnarskrárbreytingar sem aðild að ESB kallar á, svo og kosningum til nýs Alþingis, sem þannig sækir umboð og traust til þjóðarinnar um endurreisn íslensks samfélags. Ég held að allir séu sammála um að endurreisn samfélagins getur ekki átt sér stað nema þjóðinni sé gefinn kostur á að veita komandi stjórnvöldum umboð til að takast á við að reisa landið úr rústunum. Kosningar eru af þeim sökum sjálfgefnar á fyrri hluta næsta árs. Það kemur síðan af sjálfu sér að í kjölfarið á breyttri peningastefnu mun verða skipt um persónur og leikendur í lykilstöðum.

Í raun og veru verður ekki aðeins kosið um valdastöður, heldur fyrst og fremst um það þjóðfélag sem við viljum að taki við. Þar hef ég þá trú og sannfæringu að hugsjónir jafnaðarmanna um velferð, opið og gegnsætt samfélag, samhug og félagsleg gildi muni verða kjósendum að leiðarljósi.

Allt er þetta í farvatninu. Vonin og trúin á bjartari framtíð á að halda okkur við efnið. Stjórnmálamenn eiga að slíðra sverðin, fjölmiðlar eiga að sýna fram á jákvæða þróun og við þurfum að gefa þjóðinni, almenningi og okkur sjálfum, sem nú sitjum á þingi, kraft og áræði til að takast á við vandann.

Við erum ekki á neinum vonarvöl. Við eigum mat og rafmagn, heitt vatn og húsaskjól. Og við eigum hvert annað. Blásum lífi í fólkið, blásum lífi í vonina og viðspyrnuna.

Þetta verður eflaust erfiður vetur. En það kemur dagur eftir þennan dag. Það birtir upp um síðir.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.*


## Geðheilbrigðismál fræðsludagar

**Valdefling í verki** - Haukahúsinu, Ásvöllum, Hafnarfirði 20. - 21. nóvember

Álftanes, Garðabær Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Seltjarnarnes

Fundarstjórar:- Bæjarstjórarnir: Jónmundur Guðmarsson, Haraldur Sverrisson, Lúðvík Geirsson

Fimmtudagurinn 20. nóvember

08:50 – Lára Björnsdóttir, félagsmálaráðuneytinu
09:00 – Valdefling í verki – Auður Axelsdóttir, forstöðumaður
09:40 – Að lifa í voninni – Hallgrímur Björgvinsson, Hugarafli
09:50 – Kaffi
10:10 – Valdefling í þjónustu – Sigríður Kristjánsdóttir, SMFR
10:25 – Viðhorf almennings – Jón Gunnar Bernburg, dósent
10:40 – Ég og NsN – Nanna Þórisdóttir, verkefnisstjóri
10:55 – Fjölsmiðjan samfélagslegt fyrirtæki – Þorbjörn Jensson
11:10 – Stefnumótun Straumhvarfa – Þór Þórarinsson
12:00 – Matur
12:50 – Hvað virkar að mati notenda – Elín Ebba, dósent
13:30 – Tjáning mikilvægasta verkfæri mannsins– Kári Halldór
13:45 – Þórdís Guðjónsdóttir, forstöðumaður Lækjar
14:00 – Geðfræðsla – Steindór J. Erlingsson, verkefnisstjóri
14:15 – Ester Landmark, notandi í Læk Hafnarfirði
14:25 – Umræður og fyrirspurnir

Föstudagurinn 21. nóvember

08:50 – Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri
09:05 – Geðbaráttumál -Elín Ebba Ásmundsdóttir,dósent
09:50 – Kaffi
10:05 – Aðstandandi
10:20 – Styrkleikar - Auður Axelsdóttir, forstöðumaður
11:00 – Stuðningur við búsetu - Kolbrún Haukdal Jónsdóttir
11:15 – Hörður Gunnarsson, skáld
11:30 – Þráinn Bertelsson, rithöfundur
12:00 – Matur
13:00 – Umræður og Vinnusmiðjur

Fræðsludagarnir eru öllum opnir og aðgangur ókeypis

nánari upplýsingar: www.hugarafl.is og www.smfr.is





SKEYTI

Kæri viðtakandi.

Nú getur þú sent persónulegri og skemmtilegri skeyti sem þú getur skreytt með þínum eigin myndum. Það er upplagt að nota stafrænu myndirnar til að gleðja vini og vandamenn með áþreifanlega góðri kveðju.

Það eina sem þú þarft að gera er að fara á **www.postur.is**, velja mynd, skrifa skemmtilegan texta og við afhendum skeytið beint til viðtakanda.

Kær kveðja,

Pósturinn

SKEYTIN mín

PÓSTURINN allur pakkinn



*Elskuleg frænka okkar,*

**Þóra Helgadóttir**
frá Merkigarði,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks sunnudaginn 16. nóvember.

**Elín I. Karlsdóttir**
**Arnþór Pálsson**
**Ólafur Guðmundsson**
**Sigríður Sæmundsdóttir**
**Sigurbjörg Guðmundsdóttir**
**Auðunn Ágústsson**
**Helgi Þór Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, dóttir og amma,*

**Gunnhildur Jóhannesdóttir Wæhle**
hjúkrunarfræðingur

lést 12. nóvember. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 21. nóvember kl. 13.30.

**Jóna Birna Óskarsdóttir**
**Jón G. Knutsen**
**Hallgrímur Óskarsson**
**Ragnheiður Eiríksdóttir**
**Ásta Óskarsdóttir**
**Karl R. Einarsson**
**Fanney Óskarsdóttir**
**Högni Friðriksson**
**Gunnar Óskarsson**
**Erla Arinbjarnardóttir**
**Birna Ingimarsdóttir**
**Óskar Alfreðsson**
**og ömmubörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, vinur og afi,*

**Marteinn Guðlaugsson**
húsgagnasmíðameistari, Asparfelli 6,

lést þriðjudaginn 4. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 20. nóvember kl. 13.00.

**Júlíus Guðjón Marteinsson**
**Thelma Hólm Másdóttir**
**Arnar Rúnar Marteinsson**
**Soffía Dröfn Marteinsdóttir**
**Haukur Magnússon**
**Kristín Oddbjörg Júlíusdóttir**
**Karl Ásgrímsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Úlfur Hjörvar**
rithöfundur,

lést á heimili sínu í Kaupmannahöfn sunnudaginn 9. nóvember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 21. nóvember kl. 15.00.

**Helga Hjörvar**
**Helgi Hjörvar**
**Þórhildur Elín Elínardóttir**
**Hákon Kjalar Hjördísarson**
**Rósa María Hjörvar**
**Svanur Þór Bjarnason**
**Hildur Hjörvar**
**Helena Hjörvar**
**María Hjörvar**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurbergur Árnason**
iðnfræðingur, Grundarlandi 18, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 19. nóvember, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 21. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Hilda-Lis Siemsen**
**Theodór S. Sigurbergsson**
**Hrefna Ásgeirsdóttir**
**Steinunn Sigurbergsdóttir**
**Jón Þorkelsson**
**Árni Siemsen Sigurbergsson**
**Martin R. Siemsen**
**og afabörn.**

**SJÓNVARPSMAÐURINN LARRY KING FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1933.**



*„Ég minni mig á það á hverjum morgni að ekkert sem ég segi muni kenna mér neitt. Ef ég ætla að læra, þá geri ég það með því að hlusta.“*

***Larry King er bandarískur sjónvarpsmaður og er með eigin þátt á fréttastöðinni CNN.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 19. NÓVEMBER 1946

## *Ísland í Sameinuðu þjóðirnar*

Samtök Sameinuðu þjóðanna voru stofnuð af bandamönnum sem börðust gegn Þjóðverjum í seinni heimsstyrjöldinni. Eitt af skilyrðum fyrir því að taka þátt í stofnun samtakanna var að lýsa yfir stríði á hendur Þjóðverjum. Það vildu íslensk stjórnvöld ekki gera. Þegar Ísland varð fullvalda ríki árið 1918 var lýst yfir ævarandi hlutleysi þess. Ísland hafði staðið við hlutleysi sitt síðan, hafði til dæmis verið hlutlaust öll styrjaldarárin þó að í reynd hafi Ísland stutt bandamenn leynt og ljóst. Íslensk stjórnvöld voru samt ekki tilbúin til að lýsa yfir stríði gegn Þýskalandi nasismans í lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Fannst sumum erlendum stjórnmálamanninum sú afstaða vera undarleg. Sameinuðu þjóðirnar voru síðan stofnaðar 24. október 1945 eftir að seinni heimsstyrjöldinni lauk.



Allan tímann var samt ljóst að Ísland myndi ganga í Sameinuðu þjóðirnar þó að landið fengi ekki þann heiður að taka þátt í stofnun samtakanna. Aðildarumsóknir Íslands, Svíþjóðar og Afganistans að Sameinuðu þjóðunum voru síðan samþykktar 9. nóvember 1946 og Ísland var formlega boðið velkomið 19. nóvember 1946.

**HERDÍS ALBERTSDÓTTIR:** FAGNAR ALDARAFMÆLI SÍNU Á ÍSAFIRÐI Í DAG

# Fylgist vel með strákunum



**STYRKIR GÓÐ MÁLEFNI** Herdís óskar eftir að þeir sem vilji gleðja hana með gjöfum láti andvirði þeirra renna til Kvenfélagsins Hlífar sem hún hefur verið meðlimur í í fjölmörg ár.

Herdís Albertsdóttir er 100 ára gömul í dag og tekur af því tilefni á móti gestum á öldrunardeild Sjúkrahúss Ísafjarðar, þar sem hún býr nú. Herdís er nýlega flutt þangað en hún er fædd í Sundstræti 33 á Ísafirði þar sem hún hefur búið meira og minna alla tíð.

„Ég er Vestfirðingur í húð og hár, bæði Breiðfirðingur og Djúpmaður. Mig langaði aldrei að flytja. Við systkinin vorum tólf talsins og fæddust tíu okkar í húsinu. Pabbi dó síðan árið 1916 og þá vorum við fjögur ófermd,“ segir Herdís og nefnir að móðir sín hafi þó aldrei viljað þiggja neitt af bænum og unnið fyrir sér með því að prjóna á sumrin og hluta úr vetrinum. Hún stóð síðan við að svíða hausa og lappir á haustin. „Nú er ég ein eftir og varð ekkert systkina minna eins gamalt og ég er nú orðin,“ segir hún með blik í augum.

Herdís hefur lengst ferðast til Noregs, enda talar hún norsku reiprennandi. „Frænka mín var gift Norðmanni og var ég hjá þeim suður í Hafnarfirði árið 1917, bjó þar í þrjú ár en fór aftur heim til að fermast.“ Hún kynntist síðar strák sem var hálfnorskur og giftist honum.

„Þegar dóttir mín var þriggja ára dó hann. Hann fór á Þingvelli að veiða rjúpu og varð fyrir voðaskoti,“ segir Herdís og viðurkennir að erfitt hafi verið að vera einstæð móðir á þessum tíma. „Tengdapabbi var þá nýkominn hingað frá Akureyri og hann hjálpaði mér með stelpuna. Hins vegar var voðaskotið ekkert rannsakað en nokkrum árum síðar kom maður sem var að vinna í íshúsinu og gisti í Herkastalanum þar sem ég vann við þrif. Einhverju sinni spyr hann hver ég sé og glopraði því þá út úr sér að það hefði víst verið hann sem skaut og var annar maður vitni að játningunni. En ég ákvað að láta kyrrt liggja þar sem langt var um liðið og ég vissi að það færði mér hann ekki aftur þótt ég færi að rífast,“ útskýrir Herdís og bætir við að nokkru síðar hafi gerandinn verið sendur með lögreglunni suður af öðrum sökum.

Herdís hefur sinnt ýmsum störfum um ævina og lýsir því sjálf þannig að hún hafi bara unnið eins og hver önnur verkakona. „Ég vann við þvotta og þrif og fór meðal annars í síldina á Siglufirði.“

Herdís fylgist vel með málefnum líðandi stundar og er handboltinn henni hugleikinn. „Ég fylgist með strákunum okkar. Þeir sendu mér mynd af sér frá Kína og ég fékk líka myndir frá skrifstofunni í Reykjavík. Þeir eru nú þrír úr Djúpinu sem hafa verið í handboltanum. Þegar þeir voru að spila á Ólympíuleikunum fór ég á fætur fyrir sjö um morguninn og kerlingarnar spurðu hvað ég væri að gera og þá sagði ég að ég væri nú bara að fara að sjá strákana mína,“ segir hún og hlær.

Spurð um krepputalið segist Herdís ekkert hlusta á það. „Það er ekki hægt að hugsa neitt um það. Þetta er svoddan kjaftæði og vitleysa. Ég hef aldrei komið á kjörstað því það er ekki hægt að trúa einum einasta pólitíkusi. Þeir lofa öllu fögru og svíkja svo allt,“ segir Herdís ákveðin en ljóst er þó að hún er ekki laus við að hafa skoðanir á stjórnmálum. „Ég held þeir ættu að skipta um stjórn í öllum flokkum og byrja upp á nýtt. Svo vill enginn láta Davíð Oddsson fara, hann er svo góður maður, eða hitt þó heldur – helvítis lygin í honum,“ segir Herdís og hlær dillandi hlátri.

Þrátt fyrir að Herdís hafi einungis eignast eina dóttur á hún fjölmarga afkomendur og er nú langalangamma. „Þetta hefur liðið furðu hratt og mér finnst ég ekkert gömul. Það eina er að ég sé frekar illa en annars er ég hraust og létt á fæti,“ segir Herdís og bætir við að hún hafi aldrei borðað neitt nema góðan íslenskan mat og taki alltaf lýsi. „Mér leiðist aldrei og er sátt við minn hlut. Ég geri að gamni mínu en það sem heldur manni uppi er að vera ekki með neina fýlu.“

**hrefna@frettabladid.is**



*Okkar bestu þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa okkur mikinn hlýhug, vináttu og samúð við fráfall og útför kærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og bróður,*

**Jósefs Halldórs Þorgeirssonar**
Espigrund 4, Akranesi.

**Þóra Björk Kristinsdóttir**
**Þorgeir Jósefsson**
**Pálína Ásgeirsdóttir**
**Benjamín Jósefsson**
**Ellert Kristinn Jósefsson**
**afabörn**
**Jónína Sigríður Þorgeirsdóttir**
**Svana Þorgeirsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Innilegar þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæra,*

**Vilhjálms Fenger**
Nesbala 44, Seltjarnarnesi

sem lést hinn 21. október sl. Við þökkum ykkur einnig fyrir stuðning og vinarhug í gegnum veikindin, að heiðra minningu hans og gera síðustu kveðjustundina okkur léttbærari.

**Kristín Fenger**
**Björg Fenger**
**Jón Sigurðsson**
**Ari Fenger**
**Helga Lilja Gunnarsdóttir**
**Borgildur Fenger**
**Ruth Pálsdóttir**
**Sigurður, Styrmir og Vilhjálmur Darri.**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## ÍSLENSKAR VÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI!

### EINIBERJAKRYDDAÐ LÚXUS LAMBALÆRI
FRÁ KJARNAFÆÐI

**1.455 kr./kg.**

MERKT VERÐ 2.425 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR



### KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
FRÁ KJARNAFÆÐI

**25% afsláttur.**

MERKT VERÐ 1.898 KR./KG.

1.424




### KOFAREYKT FOLALDAKJÖT M/BEINI
FRÁ KJARNAFÆÐI

**398 kr./kg.**

MERKT VERÐ 664 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR




### SÆNSK JÓLAPYLSA
FRÁ KJARNAFÆÐI

**674 kr./kg.**

MERKT VERÐ 899 KR./KG.

25% AFSLÁTTUR



### ÁVAXTAFYLLT GRÍSASTEIK
FRÁ KJARNAFÆÐI

**1.249 kr./kg.**

MERKT VERÐ 1.785 KR./PK.

30% AFSLÁTTUR




## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:00 OG SUN. 12:00-18:00.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

**Stúdentaleikhúsið sýnir leikritið SCARTA í Norræna húsinu**

**Síðustu sýningar í kvöld miðvikudag, föstudag og laugardag kl. 20.00**

Örfá sæti laus

**Upplýsingar um sýninguna og miðasölu á:**
www.studentaleikhusid.is

NORRÆNA HÚSIÐ
Norræna húsið |Sturlugötu 5 |101 Reykjavík |Sími 551 7030 |Fax 552 6476 |www.nordice.is |nh@nordice.is

**Samfylkingin**

# Aðalfundur

Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Garðabæ verður haldinn miðvikudaginn 19. nóvember kl. 20:00 í Garðabergi, Garðatorgi.

**Dagskrá:**
- Venjuleg aðalfundarstörf
- **Gunnar Svavarsson, alþingismaður og formaður Fjárlaganefndar fjallar um stöðu landsmála**
- **Árni Páll Árnason, alþingismaður talar um ESB og möguleika Íslands**
- **Sérstakir gestir: Þórunn Sveinbjarnardóttir, umhverfisráðherra og Katrín Júlíusdóttir, alþingismaður.**

Kaffiveitingar.
Fundurinn er öllum opinn.

***Stjórn Samfylkingarfélagsins í Garðabæ.***

Tölum saman

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Miðvikudagur 19. nóvember kl. 11.45




Staða Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu

- Er Alþingi orðið að afgreiðsluskrifstofu?

Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við HR, og Pétur Blöndal, alþingismaður, ræða stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu á opnum fundi í Valhöll. Réttarfars- og stjórnskipunarnefnd Sjálfstæðisflokksins stendur fyrir fundinum og Guðrún Björk Bjarnadóttir, hdl, er fundarstjóri.

Nánari upplýsingar um fundinn og flokkstarfið má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is, eða í síma 515 1700.

Krakkajól Jólalög Jólasögur
Jólamatur Jólafréttir
jol.is



**NOKKUR ORÐ**
**Alma Guðmundsdóttir**

# Birtingarmynd spillingar

Árið 2006 voru Ísland og Finnland þau lönd þar sem minnst spilling ríkti í sjórnsýslunni samkvæmt lista sem óháða eftirlitsstofnunin Transparency International gefur út. Í ár er Ísland í sjötta sæti ásamt Hollandi. Í neðsta sæti listans, sæti 180, er Sómalía, en þaðan fáum við helst fregnir af sjóræningjum sem yfirtaka hvert skipið á fætur öðru undan ströndum landsins.



Ég hafði ímyndað mér að Nígería yrði í einu af allra neðstu sætunum, svo það kom mér á óvart að sjá það í 121. sæti listans. Ályktun mín var ekki dregin af nígeríusvindlbréfum sem margir hafa fengið, heldur meðal annars af breskum þætti sem ég mun seint gleyma. Það ferðaðist maður nokkur til Akwa Ibom-héraðsins þar sem fátækt og spenna hafa orðið til þess að þúsundum barna hefur verið misþyrmt, og það í nafni kristinnar trúar. Nánast allir ganga í kirkju, en margir prestanna hagnast fjárhagslega á óttaslegnum foreldrum með því að framkvæma særingar á börnum sem þeir hafa úrskurðað „nornir“ og „galdramenn“. Foreldrunum er talin trú um að saklaus börn þeirra séu völd að sjúkdómum, slysum, atvinnumissi og fátækt, ekki geti verið önnur ástæða fyrir óförum þeirra. Foreldrarnir og heilu þorpin snúa yfirleitt baki við barni sem hefur verið dæmt, það brennt, grafið lifandi eða hrakið á brott. Bretinn fór og heimsótti hugrakkan mann sem hefur tekið að sér 131 barn sem hefur lifað af og dag hvern bætast börn í hópinn.

Spilling birtist í óteljandi myndum úti um allan heim og það er erfitt, ef ekki ómögulegt, að raða henni upp eftir alvarleika.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## > Toppslagur á Ásvöllum í kvöld

Haukar og Hamar spila um toppsæti Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta á Ásvöllum klukkan 19.15 í kvöld. Bæði lið hafa unnið fimm af fyrstu sex leikjum sínum og hafa tveggja stiga forskot á næsta lið sem er Keflavík. Hamar tapaði sínum fyrsta leik gegn Íslandsmeisturum Keflavíkur í síðasta leik en Haukaliðið hefur unnið fjóra leiki í röð eftir að hafa tapað eina leik sínum með minnsta mun á móti Val. Hamar hefur tapað öllum átta leikjum sínum á móti Haukum í úrvalsdeild kvenna sem eru eina félagið sem stelpurnar frá Hveragerði hafa ekki náð að vinna í efstu deild.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI:** SEGIR ALLA LEIKMENN KLÁRA Í SLAGINN GEGN MÖLTU

# *Eigum harma að hefna gegn Maltverjum*

Íslenska landsliðið í knattspyrnu spilar í dag æfingaleik gegn Möltu ytra. Leikurinn fer ekki fram á þjóðarleikvangi Maltverja, Ta Q´ali, heldur á leikvangi félagsliðs í landinu. Þetta er í annað sinn sem Ísland mætir Möltu ytra en liðið var þar á æfingamóti síðastliðinn febrúar og tapaði þá fyrir heimamönnum, 1-0.

„Ég hef ekkert sérstaklega mikinn áhuga á því að tapa hérna fyrir þeim í annað skipti á árinu. Það er ekki ásættanlegt að tapa og við stefnum að sjálfsögðu á sigur í leiknum enda eigum við harma að hefna," sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í gær en hann fór utan síðastliðinn sunnudag en leikmenn frá meginlandi Evrópu voru komnir til móts við hópinn á mánudag.

Liðið náði einni æfingu á mánudaginn og æfði aðeins einu sinni í gær þar sem mikil rigning var á Möltu og æfingasvæði blautt og erfitt viðureignar.

„Það eru allir heilir í hópnum og klárir í slaginn," sagði Ólafur en helsta áhyggjuefni hans var Aron Einar Gunnarsson sem óttast var að hefði úlnliðsbrotnað um helgina. „Það var ekkert til í því. Það flísaðist upp úr beini en það er búið að teipa það og hann á að geta beitt sér af fullum krafti og sett allan sinn kraft í innköstin löngu."



Ólafur ætlar að nýta þennan leik til þess að gefa leikmönnum sem lítið hafa spilað í síðustu leikjum tækifæri.

„Þeir strákar sem hafa verið númer 12 í hópnum og upp úr fá að sprikla og sýna sig núna. Ég ætla samt ekki að skipta út öllu liðinu og því verður ákveðinn kjarni úr síðustu liðum til staðar. Þessi leikur á engu síður að vera kærkomið tækifæri fyrir menn til þess að sanna sig," sagði Ólafur en hvað vill hann helst fá út úr leiknum?

„Ég vil að við höldum áfram að skerpa á þeim hlutum sem við höfum verið að vinna í. Ég myndi helst vilja sjá í þessum leik að okkur takist betur að halda boltanum innan liðsins og menn hafi sjálfstraust til þess að vera á boltanum. Við erum að reyna að bæta okkur örlítið í hverjum leik," sagði Ólafur.

Þetta verður síðasti leikur liðsins á þessu ári en næsti alvöru leikur er gegn Skotum hinn 1. apríl.



**MARADONA** Stýrir Argentínu í fyrsta skiptið í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Blaðamannafundur í gær:

## Maradona sló á létta strengi

**FÓTBOLTI** Knattspyrnugoðið Diego Maradona stýrir argentínska landsliðinu í sínum fyrsta leik sem landsliðsþjálfari í kvöld gegn Skotum á Hampden Park.

„Ég er gríðarlega stoltur og þetta verður sérstök stund fyrir mig," sagði Maradona sem lét sér fátt um finnast vegna ummæla hins enska Terry Butcher, aðstoðarlandsliðsþjálfara Skota, um að hann sé ekki búinn að fyrirgefa honum fyrir „handar guðs"-markið sem sló Englendinga út úr átta liða úrslitum HM árið 1986 og ætli ekki að taka í hönd hans fyrir leikinn.

„Ég mun ekki missa svefn þótt Butcher vilji ekki heilsa mér en ég skil ekki hans afstöðu. Ég meina, England varð heimsmeistari árið 1966 með marki sem fór ekki einu sinni yfir marklínuna," sagði Maradona glottandi á blaðamannafundi í gær. - óþ

# Eins erfiður riðill og hann gat orðið

**Kvennalandsliðið í fótbolta mætir þremur af fjórum bestu þjóðum Evrópu í riðlakeppni EM í Finnlandi. Sigurður Ragnar Eyjólfsson vonast til að geta komið á óvart og hefur sett stefnuna á átta liða úrslitin.**

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, er ekki á því að draumurinn hafi breyst í martröð þegar dregið var í riðli í Evrópukeppninni í Finnlandi í gær. Ísland dróst í eins erfiðan riðil og hægt var að hafa hann en með íslenska liðinu í riðli eru Heims- og Evrópumeistarar Þýskalands, fyrrum Evrópumeistarar Noregs og Frakkar sem höfðu betur gegn íslenska liðinu í undanriðlinum. Allt eru þetta þjóðir með mikla reynslu af stórmótum og allar eru þær meðal sjö bestu kvennaknattspyrnuþjóða heims samkvæmt styrkleikalista FIFA.

„Þetta er dauðariðillinn segja þeir en ég held að það liggi þarna mikil áskorun fyrir okkur að fá að mæta þremur af sjö bestu þjóðunum í heimi í fótbolta," segir Sigurður Ragnar. „Það hlýtur að vera draumur hvers leikmanns að spila á móti heims- og Evrópumeisturum í úrslitakeppni stórmóts. Það reiknar örugglega enginn með neinu af okkur nema við sjálf. Við verðum litla liðið og getum vonandi komið á óvart," segir Sigurður Ragnar sem tók eftir viðbrögðum hinna þjálfaranna.

„Þjálfarar Noregs og Frakklands voru báðir mjög fúlir og óhressir með riðilinn sem þeir lentu í enda má segja að þrjú af fjórum sterkustu liðunum hafi lent saman í þessum riðli. Þetta er líka erfiðasti riðillinn sem gat orðið. Ég held að þessir þjálfarar Noregs og Frakklands átti sig alveg á því að það verður ekki auðveldur leikur á móti Íslandi heldur," segir Sigurður Ragnar sem segir það nú vera ómissandi undirbúning að fá að taka þátt í efri hluta Algarve Cup.



**DAUÐARIÐILLINN KLÁR** Michel Platini sést hér búinn að draga Frakkland upp úr pottinum en um leið var ljóst hvaða lið skipuðu riðil Íslands. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Það verður stöðutékk fyrir okkur til að sjá hvar við stöndum á móti svona sterkum þjóðum," segir Sigurður Ragnar sem sér möguleika í stöðunni.

„Ég tel að við höfum sýnt að við höfum í fullu tré við Frakkland. Það er töluvert langt síðan við mættum Noregi en það eru kynslóðaskipti hjá þeim núna og því kannski bara fínn tími að mæta þeim og sjá hvar við stöndum. Svo er bara ævintýri að fá að spila við Þýskaland og það verður gaman að mæta þeim."

Landsliðsþjálfarinn stefnir á átta liða úrslitin enda segist hann ekki nenna að fara út á svona mót til vera bara með. „Við finnum það alveg þegar við mætum liðum eins og Frakklandi að við erum að nálgast þau í getu. Við erum að bæta okkur mjög mikið þannig að möguleikarnir eru fyrir hendi. Ísland getur náð mjög góðum úrslitum á góðum degi en það þarf allt að ganga upp hjá okkur í svona sterkum riðli til að við komumst áfram. Við verðum að horfa bjartsýn á þetta, leggja mikið á okkur og stefna á það að fara áfram." ooj@frettabladid.is



**Erfitt á EM** Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari. -FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Jóhannes Karl er klár í landsliðið ef kallið kemur:

## Tók fjölskylduna fram yfir landsliðið

**FÓTBOLTI** Jóhannes Karl Guðjónsson hefur ekki hlotið náð fyrir augum landsliðsþjálfarans Ólafs Jóhannessonar upp á síðkastið þrátt fyrir frábæra spilamennsku með Burnley en landsliðsþjálfarinn hefur sjálfur verið tregur til að útskýra almennilega af hverju hann kýs að velja ekki leikmanninn.

„Ég gaf ekki kost á mér í æfingamótið á Möltu og gerði grein fyrir því við Ólaf af hverju ég treysti mér ekki í það verkefni. Það má í raun og veru segja að ég hafi þá valið fjölskylduna fram yfir æfingamótið og það geta náttúrulega komið upp aðstæður þar sem maður er bara ekki alveg klár í þessa svokölluðu vináttulandsleiki," segir Jóhannes Karl hreinskilinn.

Jóhannes Karl hefur svo verið úti í kuldanum hjá landsliðsþjálfaranum alla tíð síðan.

„Ólafur hefur líklega verið frekar svekktur með útskýringar mínar á sínum tíma og það er náttúrulega bara hans ákvörðun að velja mig ekki í framhaldi af því. Hann hlýtur að velja sitt besta lið í hvert skipti og ég virði það að sjálfsögðu."

Jóhannes Karl hefur leikið glimrandi vel með spútnikliði Burnley í Championship-deildinni og deildarbikarnum á þessu keppnistímabili og er ekki búinn að gefa landsliðsferilinn upp á bátinn.

„Það eina sem ég get gert er að halda áfram að standa mig hjá mínu félagsliði og það er bara eins og það er. Ég gef að sjálfsögðu áfram kost á mér í landsliðið og er alltaf stoltur þegar ég fæ tækifæri til þess að spila fyrir Íslands hönd. Ég er því klár ef kallið kemur og ætla ekkert að skæla yfir því að hafa ekki verið valinn í hópinn upp á síðkastið. Ég fylgist auðvitað vel með gangi mála hjá landsliðinu og vonast til þess að Ólafi og strákunum gangi vel," segir Jóhannes Karl að lokum. - óþ



**JÓHANNES KARL** Er ekki búinn að gefa landsliðsferilinn upp á bátinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# Vinningaskrá

Hausthappdrætti Blindrafélagsins – dregið 14. nóvember 2008

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi

**Mitsubishi Outlander Intense jeppi, sjálfskiptur, 2,4l - Verðmæti kr. 4.290.000**
100377

**Mitsubishi Lancer Intense+, sjálfskiptur, 1,8l m/öllu – Verðmæti kr. 3.345.000**
62782

**Mitsubishi Lancer Inform, sjálfskiptur, 1,8l – Verðmæti kr. 2.925.000**
18895

**Ferðavinningur með Heimsferðum að eigin vali – Verðmæti kr. 250.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1236 | 15906 | 32673 | 54701 | 71608 | 81680 | 88356 | 94155 | 102004 | 115665 |
| 5108 | 17794 | 34648 | 57165 | 72409 | 82234 | 89804 | 95117 | 102658 | 118215 |
| 6927 | 19565 | 38415 | 57503 | 73991 | 83944 | 90773 | 96195 | 103765 | 119067 |
| 7110 | 22838 | 42096 | 60358 | 74425 | 84601 | 91818 | 98825 | 105207 | 9274 |
| 24675 | 43521 | 65631 | 76143 | 86399 | 92678 | 99385 | 105840 | 12506 | 26753 |
| 44445 | 66453 | 78630 | 86454 | 92957 | 99534 | 106287 | 13849 | 29879 | 49488 |
| 67039 | 80171 | 87347 | 93242 | 100901 | 113226 | 15711 | 30540 | 52440 | 70261 |
| 81577 | 87912 | 93576 | 101759 | 113401 | | | | | |

**Kvöldverður á veitingastaðnum Ó Restaurant, Óðinsvéum – Verðmæti kr. 20.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 400 | 8109 | 16428 | 28484 | 50360 | 77100 | 86663 | 93623 | 100360 | 113071 |
| 723 | 8629 | 16547 | 42136 | 51414 | 79502 | 89497 | 94805 | 103846 | 113403 |
| 1013 | 12172 | 21187 | 42267 | 69600 | 79931 | 90616 | 96749 | 108345 | 115305 |
| 4419 | 14011 | 26244 | 43133 | 71788 | 83062 | 91636 | 97332 | 108437 | 117368 |
| 6264 | 15059 | 27219 | 47435 | 71855 | 85821 | 92052 | 98300 | 109433 | 120903 |

Alls 128 skattfrjálsir vinningar að verðmæti kr. 30.310.000 – Upplag 121.000 - Vinninga ber að vitja innan árs – Upplýsingasími 525 0000 – Vinningaskrá birt í textavarpi sjónvarpsins á síðu 290 og á heimasíðu Blindrafélagsins www.blind.is

# Málsókn gegn Bon Jovi

Sarah Allen frá Bretlandi hefur höfðað mál gegn bandarísku hljómsveitinni Bon Jovi eftir að aðstoðarmaður sveitarinnar ók yfir hana á golfbíl.

Allen var að störfum í tónleikahöllinni National Bowl í Bretlandi fyrir tveimur árum þar sem Bon Jovi kom fram. Eftir að eldur braust út á VIP-svæði tónleikanna reyndi Allen að hindra að fólk kæmist baksviðs. Ók þá Kevin McDonnel, meðlimur öryggisliðs Bon Jovi, að henni á gólfbíl og heimtaði að komast baksviðs. Er hún neitaði ók hann bílnum yfir hægri fótlegg hennar með þeim afleiðingum að hún þurfti að dvelja tæpa viku á sjúkrahúsi og hefur hún ekki getað unnið síðan.

Í máli sem Allen höfðaði kemur fram að meiðslin hefðu eyðilagt kynlíf hennar, skaðað hjónabandið, gert hana þunglynda, auk þess sem hún missti næstum heimili sitt. Höfðaði hún mál gegn allri hljómsveitinni og segir að henni hafi hvorki tekist að veita McDonell rétta þjálfun né hafa stjórn á honum. Krefst hún 250 þúsund punda í skaðabætur.

Meðlimir Bon Jovi neita ásökununum og segjast hvergi hafa verið nærri þegar atvikið átti sér stað. Málið verður tekið fyrir á næsta ári.



**BON JOVI** Höfðað hefur verið mál gegn rokkurunum í Bon Jovi eftir atvik sem átti sér stað fyrir tveimur árum.

# Slær met vestanhafs

Kvikmyndin Quantum of Solace hefur slegið met í miðasölunni vestanhafs og er orðin sú Bond-mynd sem hefur náð í mestar tekjur allra eftir frumsýningarhelgi sína.

Myndin þénaði 70 milljónir dollara, sem er þrjátíu milljónum meira en sú síðasta, Casino Royale, náði. Vinsælasta Bond-myndin fram að þessu hafði verið Die Another Die frá árinu 2002 sem þénaði 47 millljónir dollara. Hér á landi hafa 43 þúsund manns séð Quantum of Solace og stefnir hún hraðbyri í að verða vinsælasta Bond-mynd allra tíma á Íslandi.

Í öðru sæti á aðsóknarlistanum vestanhafs var teiknimyndin Madagascar: Escape 2 Africa og í því þriðja var gamanmyndin Role Models.

# Hafdís Huld í breyttri útgáfu

Bretinn Simon Latham hefur endurhljóðblandað lag Hafdísar Huldar, Tomoko, og verður það gefið út á Tónlist.is næstkomandi mánudag. Lagið verður gefið út erlendis í byrjun næsta árs.

„Þetta var skemmtilegt verkefni og það mætti segja að ég sé aðdáandi hennar,“ segir Simon, sem rekur útgáfufyrirtækið Airport Route sem er í Reykjanesbæ.

Hann hefur áður endurhljóðblandað fyrir íslenska söngkonu því hann, ásamt félaga sínum Pete Lunn, endurhljóðblönduðu lög Birgittu Haukdal, Ein og Örmagna, fyrr á árinu. „Ég talaði við Hafdísi og hennar fólk og sagði þeim frá mínum hugmyndum. Eftir það buðu þau mér að setja saman góðan pakka,“ segir Simon.



**SIMON LATHAM** Simon hefur endurhljóðblandað lagið Tomoko með söngkonunni Hafdísi Huld.

Þrjár útgáfur af Tomoko voru gerðar og sá Simon um tvær en Bandaríkjamaðurinn Royal Sapien útbjó eina. „Ég ber mikla virðingu fyrir honum en hann hefur sjálfur endurhljóðblandað og gefið út efni með hinni íslensku Funk Harmony Park. Hann hefur einnig gefið út lagið mitt On Fire hjá útgáfufyrirtæki sínu, Olaris Records,“ segir Simon, sem gaf á síðasta ári út sólóplötuna Left Right of Centre.




**TOMOKO** Lag Hafdísar mun væntanlega hljóma á hinum ýmsu dansgólfum næstu misserin.

Annað lag Hafdísar Huldar, Stop, kemur einnig út á mánudaginn og verður það fáanlegt á iTunes.

Hafdís ætlar í janúar að hefja upptökur á nýrri plötu sem mun fylgja eftir hinni vel heppnuðu Dirty Paper Cup sem kom út fyrir tveimur árum. - fb


Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
QUANTUM OF SOLACE 500 KR. POWERSÝNING KL. 10:00 DIGITAL MYND OG HLJÓÐ
Eini maðurinn sem hann getur treyst ... Er hann sjálfur
TRAITOR 500 KR.
MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR NEMA ÍSLENSKAR MYNDIR
SÍÐASTA SÝNINGARVIKA MAMMA MIA! 500 KR.
LUKKU LÁKI 500 KR.

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRAITOR | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5, 7.30 og 10-POWER | 12 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI - ÍSL. TAL | kl. 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 8 | L |

SAMBÍÓIN
MADAGASCAR 2 forsýnd um helgina
PASSENGERS Mynd sem kemur stöðugt á óvart.
RESCUE DAWN
HOW TO LOSE FRIENDS & ALIENATE PEOPLE
FERÐIN TIL TUNGLSINS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PASSENGERS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| PASSENGERS | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| HOW TO LOSE.. | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 6 DIGITAL-3D | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 | VIP |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PASSENGERS | kl. 5:50 - 8:20 - 10:30 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 6 DIGITAL-3D | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 6 DIGITAL | L |
| SEX DRIVE | kl. 8:20 | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | SÝND Á LAU. OG SUN. | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 8 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. SÝND Á LAU. OG SUN. | L |
| MAX PAYNE | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HOW TO LOSE FRIENDS | kl. 8 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 | 14 |
| BABYLON A.D. | kl. 10:20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI!
STÆRSTA OPNUN ÁRSINS! NÆST STÆRSTA OPNUN ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI!
45.000 MANNS Á 12 DÖGUM!
QUANTUM OF SOLACE
★★★ - Ó.H.T., RÁS 2
★★★ „...MEÐ BETRI SPENNUMYNDUM ÁRSINS!“ - TOMMI KVIKMYNDIR.IS
★★★★ „BESTA SPENNUMYND ÁRSINS HINGAÐ TIL!“ - D.Ó.J., KVIKMYNDIR.COM
★★★★ „STANSLAUS KEYRSLA FRÁ UPPHAFI TIL ENDA“ - S.V., MBL
★★★★ „FRÁBÆR VIÐBÓT VIÐ LENGSTU KVIKMYNDASERÍU ALLRA TÍMA OG GEFUR NÝLEGUM HASARMYNDUM EKKERT EFTIR.“ - V.J.V., TOPP5.IS/FBL
★★★★ „FYRSTA FLOKKS BOND-MYND“ - Þ.Þ., DV
LÚXUS 12
TRAITOR EINI MAÐURINN SEM HANN GETUR TREYST ... ER HANN SJÁLFUR 12
★★★ „HROTTALEG MYND EN SPENNANDI, ÓGNVEKJANDI OG ÓVÆNT“ - S.V., MBL QUARANTINE 16
REYKJAVÍK ROTTERDAM 5 EDDUVERÐLAUN 14
my best friends girl 14 · the women L · 650 kr. 550 kr. SKJALDBAKAN & HÉRINN L
LUKKU LÁKI L · MAX PAYNE 16 · HOUSE BUNNY L · BURN AFTER READING 16

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 - 5.30 - 6.30 - 8 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 9 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 10.20 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TRAITOR | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 7 -8.30 -10 | 1 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.50 - 8 -10.10 | 12 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 5.50 - 8 | L |
| QUARANTINE | kl. 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%
50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR






TAUGATREKKJANDI

Lögreglan í Ystad finnur afhöggvið mannshöfuð og samanfléttaðar hendur í skóglendinu utan við bæinn. Ýmis undarleg atvik vekja ugg um að vænta megi mannvíga í stórum stíl.

*„Wallander er ein áhrifamesta og trúverðugasta persónan í glæpasögum samtímans.“*
THE TIMES




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Ertu að leita að góðum innlánsvöxtum?

## 7,70% innlánsvextir
## á verðtryggðum sparnaðarreikningi

- Betri innlánsvextir
- Öruggur sparnaður
- Engin lágmarksupphæð
- 36 mánaða binditími




S24
...og þú hagnast

M.v. vaxtatöflu S24
21. 10. 2008

Sæktu um... **www.s24.is**

533 2424 – Sætún 1

## > Patrick Dempsey

„Ég er ekki hræddur við að gera mistök og ég sé enga ástæðu til að reyna að líta út fyrir að vera fullkominn enda myndu allir sjá í gegnum það.“ Dempsey leikur Dr. Derek Shepherd í þættinum Grey's Anatomy sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON MÁ HAFA SKOÐUN

# *Lesið þessa viðvörun fyrir neyslu*

Ragnar H. Hall lögmaður bendir á það í stuttri blaðagrein í gær að nafni minn Ásgrímsson, sem skrifað hefur tvær greinar í Morgunblaðið um setu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í stjórnum hlutfélaga, hefði betur látið þess getið í skrifum sínum að hann væri starfsmaður fyrirtækis sem á í harðri samkeppni við sum þessara hlutafélaga. Og gefur þar með í skyn að meginatriði í gagnrýni Páls stýrist af annarlegum sjónarmiðum.

Ragnar finnur ekki að því við Morgunblaðið sem ræður kynningu á Páli með greininni að það hafi látið geta meginstarfa hans. Kristín Þorsteinsdóttir, fyrrverandi fréttamaður, gagnrýndi fyrir skömmu í blaðagrein frammistöðu fréttamanns RUV í viðtali við forsætisráðherra. Jafnhart birtust athugasemdir við að hún starfaði sem kynningarstjóri Baugs og því væri vert að gjalda varhug við gagnrýni hennar.

Þegar leiðari birtist hér í blaðinu fyrir skömmu sem gagnrýndi Sjálfstæðisflokkinn taldi dómsmálaráðherrann einsýnt að hún væri skrifuð fyrir erindi eigenda 365.



Það er með öðrum orðum svo komið að enginn má hafa skoðun og lýsa henni í riti nema rakin séu ítarlega hagsmunatengsl höfundar við allt og alla. Þá er illa fyrir okkur komið. Enginn getur opnað munninn nema til þess sé litið hvar hann stendur í atvinnurekstri, hvar hann er á launum. Tillegg þeirra Páls, Kristínar og Jóns Kaldal í opinberri umræðu eru fullgild þrátt fyrir það hvar þau vinna og hver á hlut að þeim rekstri. Og það er lúaleg rökleysa að skoðun þeirra standi ógild af þeim sökum hvar þau eru á launaskrá, enda verður það ekki sannað með neinum hætti að þau gangi erinda atvinnurekenda sinna í málflutningi sínum. Skoðana- og tjáningarfrelsi eru varin lýðréttindi.

Það skal tekið fram að lokum að höfundur er á launaskrá hjá 365 miðlum en hefur ekki fengið munnleg eða skrifleg fyrirmæli um að hafa þessa skoðun né neina aðra, enda liti hann svo á ef til þess kæmi að slík tilmæli væru freklegt brot á stjórnarskrárlegum lýðréttindum sínum. Þá er rétt að ég hef ýmsar misskýrar skoðanir á atvinnurekstri og framgöngu helstu hluthafa 365 og verður svo enn um hríð.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.05** HSV - Flensburg, BEINT STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.55** Friends STÖÐ 2



▶ **20.50** Hvaða Samantha? SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** America's Next Top Model SKJÁREINN



▶ **21.15** Justice STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (38:52)

**17.55 Gurra grís** (63:104)

**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.05 Bráðavaktin** (ER) (3:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.

▶**20.50 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) (13:15) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi og neyðist til að komast að því hver hún í rauninni er.

**21.15 Heimkoman** (October Road II) (17:19) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagnahöfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**23.05 BANG og veraldarsagan** (BANG och världshistorien) Heimildarmynd um Barbro Alving, sænska blaðakonu og stríðsfréttaritara, sem hóf störf árið 1929 og átti ævintýralegan feril á átakasvæðum í 40 ár.

**00.20 Kastljós** (e)

**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Ant Bully**

**10.00 Jersey Girl**

**12.00 Nobody's Baby**

**14.00 La vie aprés l'amour**

**16.00 The Ant Bully**

**18.00 Jersey Girl**

**20.00 Nobody's Baby** Gamanmynd um tvo strokufanga sem finna ungabarn á flótta sínum og ákveða að ala barnið upp sjálfir. Aðalhlutverk: Gary Oldman og Skeet Ulrich.

**22.00 The Football Factory**

**00.00 Primal Fear**

**02.10 Inside Man**

**04.15 The Football Factory**

**06.00 Lady in the Water**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (195:300)

**10.15 America's Got Talent** (4:15)

**11.35 America's Got Talent** (5:15)

**12.00 Grey's Anatomy** (13:25)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Sisters** (15:28)

**13.55 E.R.** (11:25)

**14.40 Two and a Half Men** (22:24)

**15.05 Friends** (19:24)

**15.30 Friends**

**16.00 Skrímslaspilið**

**16.23 BeyBlade**

**16.48 Ofurhundurinn Krypto**

**17.13 Ruff's Patch**

**17.23 Gulla og grænjaxlarnir**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.15 Víkingalottó**

**19.20 Veður**

**19.30 The Simpsons**

▶**19.55 Friends** (24:25) Ein vinsælasta sjónvarpssería sem gerð hefur verið og ekki að ástæðulausu. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.

**20.20 Project Runway** (12:15) Heidi Klum og Tim Gunn stjórna tískuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta hönnuð í heimi hátískunnar.

**21.05 Grey's Anatomy** (5:24)

**21.50 Ghost Whisperer** (52:62)

**22.35 Oprah**

**23.20 Dagvaktin** (9:12)

**23.50 E.R.** (11:25)

**00.40 Sur le seuil**

**02.15 Crossing Jordan** (21:21)

**03.00 I Do, They Don't**

**04.25 Grey's Anatomy** (5:24)

**05.10 The Simpsons** (20:20)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.05 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**17.35 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

▶**18.05 Þýski handboltinn** Bein útsending frá leik HSV og Flensburg.

**19.40 Vináttulandsleikur** Bein útsending frá vináttulandsleik Þýskalands og Englands.

**21.45 NBA - Bestu leikirnir** Chicago Bulls og Phoenix Suns mættust í úrslitum NBA árið 1993. Þriðji leikurinn í úrslitaeinvíginu verður lengi í minnum hafður en þríframlengja þurfti til að knýja fram úrslit. Chicago Bulls var ótvírætt lið tíunda áratugarins en þetta kvöld mættu þeir jafnokum sínum.

**23.25 Ultimate Fighter** Mögnuð þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.

**00.10 Vináttulandsleikur** Útsending frá leik Þýskalands og Englendinga.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.

**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

**19.30 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**21.35 Leikur vikunnar**

**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.10 Vörutorg**

**18.10 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.55 America's Funniest Home Videos** (24:42) (e)

**19.20 Innlit / Útlit** (9:14) (e)

**20.10 What I Like About You** (18:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Holly skrópar í viðtal hjá nýskráningu Columbia-háskóla til að gera verið með Vince en bregður þegar hún kemst að því að hún kemst ekki aftur í viðtal fyrr en eftir ár.

**20.35 Frasier** (18:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.

▶**21.00 America's Next Top Model** (8:13) Nú rifjum við upp hvað hefur gerst til þessa og áhorfendur fá að sjá atriði sem ekki hafa verið sýnd áður. Þar á meðal þegar stelpurnar spinna rapplag í heita pottinum, ein stúlkan sýnir falda hæfileika og mjög opinskátt samtal sem Tyra átti við fyrirsæturnar.

**21.50 CSI. Miami** (8:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Dean Cain leikur gestahlutverk í þessum þætti. Hann leikur fjölskylduföður sem er í fríi með fjölskyldu sinni á Miami þegar sonur hans er myrtur. Foreldrarnir eru í hefndarhug og taka lögin í sínar hendur. Leikstjóri þáttarins er Egill Örn Egilsson.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 Law & Order** (8:24) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


AÐEINS ÞAÐ BESTA – FYRIR ÞIG

40% AFSLÁTTUR

Íslenskt heilsurúm!

Framleiðslulínan okkar er ein sú fullkomnasta á Íslandi þar sem lögð er sérstök áhersla á þá sem glímt hafa við hverskonar bakmeiðsli. Komdu við hjá okkur og við hjálpum þér að velja fullkomið heilsurúm fyrir þig – á frábæru verði.

Kíktu við – heilsunnar vegna.
Fjölbreytt úrval af rúmum, dýnum og rúmgöflum



DREAM
ÍSLENSKT HEILSURÚM
VERÐ FRÁ:
45.600 KR.

Sérstakt tilboðsverð á meðan birgðir endast

Rúm Gott

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · 200 Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

**Grey's Anatomy**



Fimmta sería Grey's Anatomy er hafin á Stöð 2 og spennan þegar orðin mikil. Bailey stingur upp á dómínóaðgerð þar sem hver aðgerð er á ábyrgð þess sem framkvæmir hana. Á meðan hlýtur Derek einn viðurkenningu fyrir heilaæxlarannsóknina sem hann gerði ásamt Meredith. Lexie reynir allt sem hún getur til að fá George til að taka eftir sinni rómantísku hlið og Sloan ráðleggur Callie í ástamálum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Kiljan kl. 22.25**

**Sjónvarpið kl. 22.25**

Í Kiljunni í kvöld munu Hallgrímur Helgason ræða nýja skáldsögu sína og Ármann Jakobsson um bók sína Vonarstræti. Litið verður á kvikmynd sem gerð var eftir sögu Fjalla-Eyvindar í Svíþjóð árið 1919 með Atla Heimi Sveinssyni og Jóni Viðari Jónssyni. Bragi bóksali fræðir okkur um menningarpáfann Sigurð Nordal og Kolbrún og Páll segja sitt álit á skáldsögum eftir Sjón, Yrsu Sigurðardóttur og Ólaf Hauk Símonarson. Þátturinn Kiljan hlaut Edduna á sunnudaginn sem besti menningar- eða lífsstílsþáttur ársins auk þess sem Egill Helgason, stjórnandi þáttarins, var valinn sjónvarpsmaður ársins.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Heimur óperunnar
**15.03** Útvarpssagan: Bulgari sambandið
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bókaþing
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (62:260)
**16.30 Hollyoaks** (63:260)
**17.00 Seinfeld** (11:24)
**17.30 Smallville** (12:20)
**18.15 Justice** (8:13)
**19.00 Hollyoaks** (62:260)
**19.30 Hollyoaks** (63:260)

**20.00 Seinfeld** (11:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.

**20.30 Smallville** (12:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

▶ **21.15 Justice** (8:13) Spennandi lögfræðiþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer (CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við Practice.

**22.00 Chuck** (12:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

**22.45 Terminator: The Sarah Connor Chronicles** (9:9) Sarah Connor og sonur hennar John eru enn á flótta undan valdagráðugum vélmennum Þau hafa verið forrituð til þess eina verkefnis að koma syninum, sjálfum byltingar- og frelsisleiðtoga framtíðarinnar, fyrir kattarnef og afstýra þar með uppreisn mannkynsins gegn vélakyninu.

**23.30 My Bare Lady** (2:4)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Vangaveltur um heilsu, lífsviðhorf og heilbrigði. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta til leiks.

**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson er húnvetnskur bóndi sem vill fá hlutina á hreint og leitar víða fanga. Hann ræðir við Ómar Ragnarsson um virkjanamál og fleira.

**kl. 21.30 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi veltir fyrir sér borgarmálum ásamt gesti sínum.

### DR 1

**13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Hannah Montana **15.55** Svampebob Firkant **16.20** F for Får **16.30** Skæg med tal **16.55** Gurli Gris **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Natasja, kort og simpelt **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** HåndboldOnsdag **21.30** SportNyt **21.35** HåndboldOnsdag **22.25** Onsdags Lotto **22.30** OBS **22.35** Seinfeld

### NRK 1

**13.00** NRK nyheter **13.05** Hairy Bikers kokebok **13.35** ,Allo, ,Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Utfordringen **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Vår aktive hjerne **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Rupert Bjørn **17.10** Lillefot og vennene hans **17.35** Plipp, Plopp og Plomma **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Tingenes tilstand **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** The Wire **23.40** Spekter

### SVT 1

**13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Mega **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Dagens visa **16.15** Alfons Åberg **16.25** Den itusågade kaninen **16.40** Hemska Henry **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Plus **20.30** Carin **21.00** The Tudors **21.55** Livet i Fagervik **22.40** Kulturnyheterna **22.55** Svensson, Svensson **23.25** Robins **23.55** Sändningar från SVT24


# Ráð við kvefi

**Bólgu í munni og hálsi má lina með því að...**

- Sjúga Strepsils-hálstöflur
- Drekka heita drykki - til dæmis kamillute með hunangi
- Forðast tóbaksreyk

**Stíflaðar nasir má lina með því að...**

- Nota nefúða - til dæmis Otrivin
- Sofa með hátt undir höfði - sem dregur einnig úr hósta

**Þegar maður er með kvef og særindi í hálsi er almennt gott að...**

- Drekka mikið af vökva
- Þvo hendurnar oft
- Forðast líkamlega áreynslu
- Lofta vel og vandlega heima fyrir en forðast þó vind og kulda
- Nota snýtupappír og henda eftir notkun




**Otrivin auðveldar þér andardrátt þegar þú ert með kvef!**

- Otrivin skal úða einu sinni í hvora nös eftir þörfum, 2-3 sinnum á dag.
- Nota í mesta lagi 10 daga í röð.

**Strepsils, við særindum í hálsi!**

Strepsils er fáanlegt með fjórum bragðtegundum:

- Ávaxtabragði
- Sítrónu- og hunangsbragði
- Sítrónu- og jurtabragði (sykurlaust)
- Mentólbragði

**OTRIVIN** nefúði og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

**STREPSILS** töflur innihalda: Amýlmetakresól 0,6 mg, 2,4 tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg. Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt í eina viku. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

## KREPPAN



*„Hvað getur maður sagt? Þetta er viðbjóður. Ég finn vissulega fyrir kreppunni en á meðan maður er ekki farinn á hausinn er þetta þolanlegt.“*

Þorsteinn Kristján Haraldsson, Toggi popp.

# Tvö þúsund spila mótapóker í Reykjavík

„Ég vil bara bjóða öllum málsmetandi bridge-spilurum á borð við Jón Steinar eða Davíð Oddsson að koma og taka í spil með okkur. Ég skal meira að segja prívat og persónulega borga fyrir þá,“ segir Ólafur Helgi Þorkelsson, formaður mótanefndar Pókersambands Íslands. Fréttablaðið greindi frá því í gær að Pókersamband Íslands hyggst blása til fyrsta opinbera pókermótsins á veitinga- og skemmtistaðnum Gullöldinni í Grafarvogi.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Ólaf voru 55 búnir að skrá sig en 64 fá þátttökurétt. Hver og einn greiðir fimm þúsund krónur og ekki er mögulegt að kaupa sig inn í mótið aftur. Heildarvinningsfjárhæðin er því 320 þúsund krónur. Að sögn Ólafs er ekki búið að ákveða hvernig þeirri upphæð verði skipt út. „Við sem stöndum fyrir mótinu fáum hins vegar ekki neitt í okkar vasa,“ tekur Ólafur fram.

Ólafur segir gríðarlega mikinn áhuga á mótapóker hér á landi. Menn vilja koma fram í dagsljósið, sýna hæfileikana og auðvelda sér þannig að komast að erlendis á stóru mótaraðirnar. Hann segir gríðarlega stórt pókersamfélag hafa myndast í Reykjavík á undanförnum mánuðum. „Það kæmi mér ekki á óvart ef það væru tvö þúsund manns sem spiluðu mótapóker reglulega,“ segir Ólafur. Annar eins fjöldi spili síðan á netinu. „Hér á höfuðborgarsvæðinu eru að minnsta kosti haldin þrjú til fjögur mót í hverri viku. Pókersambandið kemur auðvitað ekki nálægt slíku mótshaldi enda hefur það alltaf verið skýrt af okkar hálfu að halda mót fyrir opnum tjöldum.“

\- fgg



**MIKIL ÁHUGI Á PÓKERMÓTI** Ólafur Helgi er sannfærður um að lögreglan eigi ekki eftir að hafa afskipti af pókermótinu í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/



**LÁRÉTT**
**2.** skraf, **6.** átt, **8.** fæða, **9.** gogg, **11.** æst, **12.** yfirstéttar, **14.** gangtegund, **16.** skóli, **17.** af, **18.** fugl, **20.** frá, **21.** tangi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ána, **3.** samtök, **4.** ofbjóða, **5.** krá, **7.** trygging, **10.** spor, **13.** hrós, **15.** þukla, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** sv, **8.** ala, **9.** nef, **11.** ör, **12.** aðals, **14.** brokk, **16.** ma, **17.** frá, **18.** önd, **20.** af, **21.** oddi.

**LÓÐRÉTT: 1.** asna, **3.** aa, **4.** blöskra, **5.** bar, **7.** veðband, **10.** far, **13.** lof, **15.** káfa, **16.** möo, **19.** dd.





Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


## ATLI BOLLASON: MILLJÓNASAMNINGUR VIÐ RANDOM HOUSE

# Slegist um Auði á uppboði

„Jújú, þetta er rosalega gaman fyrir blankan rithöfund sem er gengisflóttamaður á Íslandi,“ segir Auður Jónsdóttir rithöfundur – og hlær.

Eitthvert stærsta og virtasta bókaforlag heims, Random House, hefur keypt útgáfurétt Vetrarsólar sem er nýútkomin bók Auðar. Atli Bollason, kynningarstjóri Forlagsins, hins íslenska útgefanda Auðar, segir að bitist hafi verið um útgáfuréttinn á bókakaupstefnunni í Frankfurt í síðasta mánuði. Einkum sýndu Þjóðverjar gríðarlegan áhuga á Vetrarsól, meðal annars vegna þess að Ísland verður heiðursgestur á kaupstefnunni árið 2011. Kaupverð er trúnaðarmál. „En þetta hleypur á milljónum,“ segir Atli. „Þetta er ekki algengt. Að fleiri en einn útgefandi geri tilboð í skáldsögu. Oftast er þetta skoðað og samþykkt eftir atvikum. En að þessu sinni kepptust menn við að yfirbjóða hver annan. Við erum að tala um verðmyndun á markaði og, jújú, fyrirframgreiðslan var þrýðileg. Þetta er með betri samningum sem við höfum gert,“ segir Atli Bollason.

Auður segir spurð að sér sé vissulega heiður sýndur með því að vera komin á mála hjá hinu virta forlagi Random House. „Já, ég lít svo á. Og ætla að vera í montkasti í nokkra daga áður en kreppan leggst á mig af fullum þunga aftur. Að skemmta mér yfir þessu. Þetta er alvöru útgáfa. Ekki hugsjónaútgáfa í litlu anarkista-forlagi. Þótt þær séu skemmtilegar líka.“

Kreppa? Er ekki verið að tala um böns af monnípeningum? Auður segir að svo sé fyrir sig en kannski ekki ef í hlut ættu einhverjir milljónamæringar. „En þetta munar mjög miklu í heimilisbókhaldi fyrir rithöfund sem er án ritlauna,“ segir Auður og hlær. „Þetta er skrítið líf. Örvæntingin að taka yfir en þá eru Þjóðverjarnir við næsta horn!“

Random House hyggst gefa Vetrarsól út í hinum þýskumælandi heimi, það er í Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Ekki liggur fyrir í hversu stóru upplagi Vetrarsól verður gefin út en það verður stórt því bæði stendur til að gefa bókina út innbundna sem og í kilju. Bókin er ekki til í þýskri þýðingu en stærri forlög hafa á sínum snærum sérstaka lesara sem gefa álit. Og því gekk þetta svona hratt fyrir sig en Vetrarsól kom út fyrir skömmu hér á landi.

„Þessi forlög eru með alls konar fólk í vinnu. Ég hef gefið út í Svíþjóð og Danmörku. En þetta er öðruvísi. Að prófa eitthvað svona stórt. Jú, þetta gefur byr undir báða vængi. Og veitir ekki af nú þegar ímynd Íslands er komin í klósettið,“ segir Auður.

jakob@frettabladid.is



**AUÐUR JÓNSDÓTTIR** Að sögn Atla Bollasonar er samningurinn við Random House einhver sá besti sem Forlagið hefur gert enda hækkaði upphæðin við að slegist var um útgáfuréttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kvikmyndaframleiðandinn **Sigurjón Sighvatsson** ætlar að halda kynningarfund um íslenska tónlist á heimili sínu í Los Angeles í lok apríl. Tilgangurinn er að koma íslenskri tónlist að í bandarískum kvikmyndum og auglýsingum. Fundurinn, sem ber yfirskriftina Made in Iceland, verður haldinn á sama tíma og tónlistarráðstefnan Muse Expo fer fram í Los Angeles. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu mun **Lanette Phillips**, sem er einn virtasti framleiðandi tónlistarmyndbanda í heiminum, skipuleggja kynninguna í samstarfi við Sigurjón. Fjöldi áhrifamikils fólks úr heimi tónlistar- og kvikmyndabransans er væntanlegt á kynninguna, auk þess sem vonir standa til að einhverjar íslenskar hljómsveitir líti í heimsókn til Sigurjóns. Hugsanlega yrðu þeirra á meðal Seabear og Hjaltalín sem hafa vakið athygli fyrir framlag sitt til Made In Iceland-geisladisksins sem Útón, Útflutningsráð íslenskrar tónlistar, bjó til á dögunum.

Spenna er vegna kvikmyndarinnar W. eftir Oliver Stone sem tekin verður til sýninga á næstunni í bíósölum Samfilm en myndin fjallar um Georg W. Bush Bandaríkjaforseta. Í kvöld fyrir sérstaka sýningu stýrir **Ágúst Bogason** umræðum. Ágúst er útvarpsmaður á Rás 2 en faðir hans, **Bogi Ágústsson**, stjórnaði einmitt kosningasjónvarpi RÚV þegar Barack Obama var kjörinn vestan hafs og átti þá fullt í fangi með meðstjórnanda sinn, **Ingólf Bjarna Sigfússon**, sem var svo spenntur að hann fór að tala um málefni samkynhneigðra sem titlingaskít í hinu stóra samhengi. Samfilmmenn vilja með Ágústi höfða til yngri kynslóðar en Ingólfur Bjarni gerir.



\- fb, jbg


FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
GLÆNÝ ÝSA, LÚÐA, LAX
KRYDDSÍLD OG SALTSÍLD
Veljum íslenskt



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00


# Þjóðarstolt á upphandlegginn

Húðflúrum með íslensku myndefni og norrænni goðafræði hefur fjölgað mjög undanfarið ár hjá Jóni Páli Halldórssyni, húðflúrara, eða Nonna tattú. „Núna meira en nokkru sinni fyrr eru menn að leita að myndefni sem segir einhverja sögu, það vill ekki bara fá sér mynstur til að fá sér mynstur,“ segir Nonni. „Ég held að þetta sé viss vakning. Það er mikið um að ungir gaurar í kringum tvítugt séu að fá sér goðafræðina. Auðvitað er þetta þjóðarstolt, það er ekki hægt að segja annað.“

Á meðal þess sem menn hafa látið húðflúra á upphandlegg sinn eru myndir af Miðgarðsormi að vefja sig utan um Þórshamarinn, Þór á vagninum með Óðinn sér við hlið og Gretti og Glám að glíma, sem er vitaskuld tekið úr Íslendingasögunum.

„Íslendingar horfa ekki á Hallgrím Pétursson eða biskupatal, eða menn að róa sér fisk á tvíæringi heldur fara þeir alveg þúsund ár aftur á víkingatímann. Þar sjá Íslendingar sínar hetjur. Víkingarnir voru hetjurnar heldur en einhverjir miðaldra kotbændur, blessuð sé minning þeirra og með fullri virðingu fyrir þeim,“ segir Nonni.

Spurður hvort íslenska skjaldarmerkið njóti meiri vinsælda nú í kjölfar íslenskrar vitundarvakningar eftir efnahagshrunið segir hann að alltaf séu einhverjir að biðja um skjaldarmerkið. Vinsældir þess hafi þó ekki aukist. -fb



**NONNI TATTÚ** Íslendingasögurnar og norræn goðafræði njóta vinsælda hjá þeim sem vilja húðflúr hjá Nonna.

# Sólrík saga

eftir GUÐRÚNU HELGADÓTTUR




Lífið í Bakkabæ er algjörlega eins og það á að vera. Tumi hefur reyndar áhyggjur af því að mamma eigi engan mann og Vildís systir hans vildi gjarna að hún ætti svolítið meiri peninga. En Vala litla hefur ekki áhyggjur af neinu og heldur ekki mamma. Hún hamast á vinnustofunni sinni án þess að hafa hugmynd um að það vanti mann í húsið.

6+

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

*Bara gaman* er fjörug fjölskyldusaga eftir einn alvinsælasta barnabókahöfund landsins, GUÐRÚNU HELGADÓTTUR. Myndir og kápu gerir HALLA SÓLVEIG ÞORGEIRSDÓTTIR.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm
í svefnpokaplássi
kr. 2.000 nóttin




**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé

## Skorpuþjóðin

Á sjöunda áratugnum gekk síldin um Íslandsmið sem aldrei fyrr. Búinn ASDIC-fiskleitartækjum og kraftblökkum mætti íslenski flotinn henni og hreinsaði hana upp. Með öllu. Veiðin fór úr 770 þúsund tonnum árið 1966 í síldveiðibann árið 1972. En síldin var í okkar lögsögu og við vorum því í fullum rétti.

**NORÐMENN** stóðu í ströngu við Íslendinga í Smugunni á tíunda áratugnum. Þar þótti okkur sjálfsagt að fá að veiða það sem okkur sýndist, þvert ofan í ráðgjöf fiskifræðinga, af því Smugan væri alþjóðlegt hafsvæði og við hefðum rétt á því. Á dögunum bárust síðan fregnir af því að Íslendingar hefðu veitt fimm sinnum meira af makríl en þeir höfðu kvóta fyrir. Í stað 20 þúsund tonna urðu þau 100 þúsund. Við höfðum á þessu eðlilega skýringu, þetta hefði verið meðafli, við værum því í fullum rétti.

**SPURNINGUM** varðandi áhrif Kárahnjúkavirkjunar var misjafnlega vel tekið. Ábendingum um slælegar rannsóknir á afleiðingum hennar fyrir vatnafar á svæðinu, fyrir hrygningarstofna undan landi og um þensluhvetjandi áhrif hennar, var vísað frá sem nöldri. Okkur vantaði aura og því skiptu óafturkræf áhrif engu máli; við værum í fullum rétti.

**ÍSLENSKU** bankarnir stofnuðu síðar reikninga erlendis. Þrátt fyrir skýr lagaleg ákvæði þar um fannst íslenskum stjórnvöldum engin ástæða til að tryggja þann hluta innstæðnanna sem þeim bar. Það snerist upp í sjálfstæðisbaráttu að segja breskum sveitarfélögum og ömmum með ævisparnaðinn, að þrátt fyrir að Ísland hefði sagst standa að baki ríflega 20 þúsund pundum á hvern reikning, þá gilti það ekki núna. Ástandið hjá okkur væri bara þannig. Við værum því í fullum rétti.

**SÚ HUGSUN** læðist að manni að við Íslendingar séum rányrkjuþjóð. Við einhendum okkur í verkin og köllum það að vera skorpuþjóð. Í raun reynum við að ná sem mestum gróða inn á sem skemmstum tíma og sjáumst ekki fyrir um afleiðingarnar. Um það vitnar geirfuglinn í Eldey sem ekki þurfti að kemba hærurnar. Við erum dugleg, það vantar ekki, en ráðdeildina skortir. Ef við teljum okkur í fullum rétti þá erum við sátt, þótt við skiljum eftir okkur sviðna jörð.

**KANNSKI** má heimsbyggðin þakka fyrir að við erum ekki nema um 300 þúsund.

### GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 19. nóvember, 324. dagur dagsins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.10 | 13.13 | 16.15 |
| Akureyri | 10.12 | 12.58 | 15.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


